

**SKOÐUN** Einmanaleiki og kvíði minnkar en félagsleg virkni og sjálfsöryggi eykst við flutning á elliheimili. 15



**MENNING** Anna Claessen hefur stofnað hljómsveit í Hollywood þar sem hún lætur draumana rætast. 30



**SPORT** Edda Garðarsdóttir er ekki í landsliðshópi Íslands fyrir Evrópumeistaramótið í knattspyrnu. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Priðjudagur**
25. júní 2013
147. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



**Hálendisvegur norðan Vatnajökuls í bígerð**
Menn verða jákvæðir ef lagning hálendisvegar norðan Vatnajökuls verður framkvæmanleg, segir Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs. 2

**2.000 ára ráðgáta leyst** Kalk og gosaska voru leynivopn Rómverja þegar þeir bjuggu til steypu. 4

**Berlusconi dæmdur** Fyrrverandi forsætisráðherra Ítalíu hlaut sjö ára fangelsi fyrir mök við 17 ára stúlku. 8

**Vara við skuldaniðurfellingu** Seðlabankinn og SA vara við efnahagsáhrifum niðurfærslu húsnæðislána. 10



12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 11° | ASA | 2 |
| Akureyri | 16° | SSV | 5 |
| Egilsstaðir | 14° | SSV | 7 |
| Kirkjubæjarkl. | 9° | SSA | 2 |
| Reykjavík | 12° | SV | 6 |

**Hvessir í kvöld** Í dag má búast við suðlægum áttum, skúrum S- og V-til en björtu veðri austast. Í kvöld hvessir af suðaustri sunnan- og vestanlands. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Fyrirtækjaþjónusta | Fólk




# Ráðlegt að endurmeta staðsetningu kísilvers og spítala

Rannsóknir benda til þess að nægileg spenna sé á Húsavíkurmisgenginu fyrir mjög stóran jarðskjálfta. Áform um uppbyggingu stóriðju á Bakka þarf að skoða í ljósi upplýsinganna, segir Páll Einarsson, prófessor við HÍ.

**ÖRYGGISMÁL** Nýjustu rannsóknir jarðvísindamanna sýna að aðkallandi sé að gera nýtt mat á jarðskjálftavá á Norðurlandi. Jarðskorpumælingar sýna að spenna í Húsavíkurmisgenginu sé til staðar fyrir skjálfta af stærðinni 6,8. Endurskoða þarf staðsetningu kísilmálmverksmiðju við Húsavík og jafnvel færa sjúkrahúsið á staðnum, að mati Páls Einarssonar, prófessors í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands.

Þessi niðurstaða liggur fyrir eftir að hópur jarðvísindamanna kom saman á Húsavík í byrjun mánaðar. Tilefni ráðstefnunnar var skjálftahrinurnar haustið 2012 og í vor, en þá bentu vísindamenn á að hugsanlega gæti virknin verið aðdragandi að stórum jarðskjálfta nær landi.

„Þá teygði virknin sig í áttina til Húsavíkur og menn hrukku svolítið við,“ segir Páll. Hann segir mestu skipta að nýjar upplýsingar hafi fengist um hvernig jarðskorpuhreyfingar skiptist á milli svæða. „Það kemur í ljós að megnið af hreyfingunni er á Grímseyjarbeltinu, sem er að mestu úti í sjó. Það eru góðar fréttir. En þriðjungurinn af hreyfingunni er á Húsavíkurmisgenginu, sem menn hafa mestar áhyggjur af. Það liggur beint í gegnum Húsavík. Það misgengi er fast og ljóst að þar hefur safnast upp spenna í stóran skjálfta – en rannsóknir staðfesta að sú spennusöfnun er í gangi,“ segir Páll og bætir við að virkasta sprungugreinin, eða misgengið, sé kennt við Skjólbrekku.

„Það er í raun í framhaldi af Húsavíkurfjalli út í sjó. Þarna eru menn að hugsa um að reisa kísilmálmverksmiðju að Bakka, á þessu misgengi. Það þarf að endurmeta jarðskjálftahættuna í sambandi við það. Annað dæmi er að menn ætla að fara í endurbætur á sjúkrahúsinu á Húsavík, og það er eins nálægt þessu misgengi og hægt er að hafa sjúkrahús. Í ljósi þess kemur alveg til greina að færa sjúkrahúsið hreinlega.

**Stærstu skjálftarnir**




Þannig kæmi áhættumat inn í það hvernig menn haga ákvörðunum í mannvirkjamálum,“ segir Páll.

Skýrsla vísindamanna verður kynnt stjórnvöldum og almenningi á næstunni. - shá / sjá síðu 6



**ALGJÖR SIRKUS** Sverre Waage, forstöðumaður Cirkus Xanti, merkir fyrir festingum fyrir fjórða sirkustjaldið af sjö sem reist verða í Vatnsmýrinni. Hátíðin verður haldin 4.-14. júlí. Sextán sirkushópar frá Evrópu og víðar að munu koma og sýna listir sínar fyrir landann.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Volcano haldin í fyrsta sinn:

## Sirkushátíð í Vatnsmýri

**MENNING Norræna húsið og Cirkus Xanti frá Noregi standa að hátíðinni Volcano, sem haldin verður í Vatnsmýrinni frá 4.-14. júlí.**

**Sjö sirkustjöld koma til með að mynda þorp í Vatnsmýrinni. Þrjú þeirra eru þegar komin upp og eitt að rísa. Tjöldin hafa hlotið heiti íslenskra eldfjalla. Stærsta sýningartjaldið er kallað Eyjafjallajökull.**

**Þetta er í fyrsta sinn sem slík hátíð er haldin á Íslandi en hingað koma og sýna listir sínar sextán sirkushópar frá Evrópulöndum og víðar að. Jafnframt verður haldið sirkusnámskeið fyrir börn og skeggjuð kona verður á sínum stað.**

**Íslendingar munu eiga sína fulltrúa á hátíðinni því að Sirkus Ísland verður með fjórar sýningar á hátíðinni.** - ósk, ig

Styrkir frá ESB skila sér ekki eftir að stjórnvöld gerðu hlé á aðildarviðræðum:

## 1,4 milljarðar af styrkfé settir á ís

**UTANRÍKISMÁL** Fjárveitingar Evrópusambandsins (ESB) í formi styrkja hingað til lands eru allar í biðstöðu eftir að íslensk stjórnvöld ákváðu að gera hlé á aðildarviðræðum. ESB auglýsti eftir umsóknum fyrir 8,3 milljónir evra, eða um 1,4 milljarða íslenskra króna, í lok síðasta árs.

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sagði í samtali við Fréttablaðið í síðustu viku að ráðuneytið væri að skoða hvaða verkefni væru beintengd viðræðunum og hver ekki. Þeim fyrrnefndu yrði ekki haldið til streitu en styrkir frá ESB yrðu þegnir fyrir önnur verkefni.

Hallgrímur Jónasson, forstöðumaður Rannís, segir allt ferlið í biðstöðu og boltann vera hjá stjórnvöldum. „Við vitum ekkert hvenær verður gengið frá þessum styrkjum,“ segir hann. „Við hefðum gert ráð fyrir því að það væri búið að greiða þetta út á þessum tímapunkti.“ - sv / sjá síðu 4










## SPURNING DAGSINS



Pálmi, eru bíleigendur úti að aka?

**„Já, þeir eru vonandi úti að aka á bílum frá okkur.“**

Pálmi Viðar Snorrason er starfsmaður bílaleigunnar Hölds, sem býður nú starfsfólki Landsbankans svokallaða flýtibíla. Verkefnið er hluti samgöngusamnings bankans við starfsmenn.

Forseti Íslands er enn þeirrar skoðunar að sjávarútvegsmál séu vel til þjóðaratkvæðagreiðslu fallin:

# Ekki tekið afstöðu til undirskriftasöfnunar

**STJÓRNMÁL** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, segist enn vera á þeirri skoðun að sjávarútvegs- og kvótamál séu vel til þess fallin að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu. Forseti lýsti þessu yfir í aðdraganda kosninga á síðasta ári og hafa ummæli hans verið rifjuð upp í tengslum við undirskriftasöfnun gegn breytingum á veiðileyfagjaldi.

„Grundvallarskipan á meginauðlindum Íslendinga er vel til þess fallin að þjóðin ákveði sjálf hvernig þeirri skipan sé háttað. Ef þjóðaratkvæðagreiðslur eru tæki í nútímasamfélagi, sem ég tel að þær eigi að vera, þá er skipan höfuðauðlinda þjóðarinnar og nýting tvímælalaust á dagskrá,“ sagði Ólafur Ragnar í samtali við fréttastofu 365 í Þýskalandi í gær.



Þar er forsetinn í opinberri heimsókn í boði Joachims Gauck, forseta Þýskalands. Forseti segist þó ekki hafa tekið afstöðu til þeirrar undirskriftasöfnunar sem nú er í gangi. „Ég tel að það skipti miklu máli fyrir stjórnkerfið og lýðræðisþróunina, störf Alþingis og störf ríkisstjórnarinnar að forseti sé ekki að blanda sér inn í meðferð mála á þinginu.“

Ólafur Ragnar fundar með Angelu Merkel, kanslara Þýskalands á morgun. Með forseta í för er Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra, en hann mun funda með Guido Westerwelle, utanríkisráðherra Þýskalands.

Formleg móttökuathöfn fer fram í Bellevue-höllinni í Berlín í dag. Ólafur segir að heimboð Þjóðverja endurspegli mikla vináttu og samstarfsvilja í garð Íslendinga. „Við höfum glímt við mikla erfiðleika og þess vegna er heimsóknin nú á vissan hátt staðfesting þess að okkur hefur tekist að endurreisa okkar efnahagslíf og orðspor.“ - hks



**95 ÁRA Í NÆSTA MÁNUÐI** Nelson Mandela, fyrrverandi forseti Suður-Afríku, liggur þungt haldinn á sjúkrahúsi þar í landi. Læknar gera allt sem í valdi þeirra stendur til að láta honum líða vel. NORDIC PHOTOS/AFP

Nelson Mandela hefur legið á sjúkrahúsi í átján daga:

## Ástand Mandela enn alvarlegt

**SUÐUR-AFRÍKA Ástand fyrrverandi forseta Suður Afríku, Nelsons Mandela, er enn alvarlegt. Mandela liggur á sjúkrahúsi í Pretoria í Suður-Afríku.**

**Jacob Zumba, forseti Suður-Afríku, sagði á blaðamannafundi í gær að læknar gerðu allt sem í þeirra valdi stæði til að láta Mandela líða vel. Mandela verður 95 ára í næsta mánuði.**

**Zumba fór fögrum orðum um forvera sinn í embætti í ávarpi sínu á fundinum í gær. Hann kallaði Mandela meðal annars föður lýðræðisins, sem hefði fært ótrúlegar fórnir fyrir fólkið sitt.**

**Mandela hefur nú legið á spítala í átján daga, en skiptar skoðanir eru um hvort ræða eigi veikindi hans opinberlega. Þá hafa fjölmiðlar víða um álfur ýtt á eftir því að fá upplýsingar um líðan Mandela en stjórnvöld þar í landi hafa ekki viljað gefa mikið upp.** - ósk

Orkustofnun veitir leyfi:

## Skoða að virkja Skjálfandafljót

**UMHVERFISMÁL** Orkustofnun hefur veitt Landsvirkjun og félaginu Hrafnabjargavirkjun rannsóknarleyfi til fjögurra ára til að meta hagkvæmni virkjunarkosta í efri hluta Skjálfandafljóts.

Stofnunin tekur fram að leyfið nái til mælinga og rannsókna en í því felist hvorki heimild til nýtingar eða virkjunar né fyrirheit um virkjunarleyfi.

Þingeyjarsveit leggst í umsögn gegn hugmyndum um virkjun en gerir ekki athugasemd við rannsóknarleyfi. - kmu, ósk

Metaðsókn í lagadeildir:

## Aldrei fleiri lögmenn við störf

**ATVINNUMÁL** Á síðasta áratug hefur starfandi lögmönnum fjölgað um nær helming. Þeir eru nú rúmlega þúsund talsins.

Þá hefur aðsókn í lagadeildir háskólanna aldrei verið meiri og mun því enn fjölga í stéttinni á næstu árum.

Þann 8. maí síðastliðin voru félagsmenn í Lögmannafélagi Íslands rétt rúmlega þúsund talsins. Af þeim voru aðeins 65 á atvinnuleysisskrá, en ekki hefur orðið mikil breyting á þessum tölum síðustu misseri. - khn, ósk

# Kosti 3.500 að aka norðan Vatnajökuls

Veggjald verður 3.500 krónur á hálendisvegi austur á land samkvæmt áætlun hóps sem undirbýr vegarlagninguna í einkaframkvæmd. Leiðin styttist um yfir 200 kílómetra. Vegurinn á að kosta 5,5 milljarða króna. Ekki á að óska ríkisábyrgðar.

**SAMGÖNGUR** „Við teljum okkur bara eiga rétt á þessu,“ segir Sigurður Gunnarsson, hagfræðingur og járnsmiður og einn forvígismanna hóps sem vill hálendisveg norðan Vatnajökuls.



BJÖRN INGIMARSSON

Hálendisvegurinn á að ná frá Nýjadal á Þjórsársvæðinu að sunnanverðu að Kárahnjúkum að austanverðu. Tæplega 40 kílómetra leggur yrði einnig norður í land, til dæmis að Svartárkoti í Bárðardal.

Sigurður segir að fari allt að óskum verði vegurinn tilbúinn eftir fimm til sex ár. Áætlaður kostnaður sé 5 til 5,5 milljarðar króna. Þessi upphæð fáist til baka á átta til tíu árum með 3.500 króna veggjaldi austur og 2.000 króna gjaldi norður. Vegirnir, samtals um 170 kílómetrar, verði þá eign ríkisins.

Sigurður segir leiðina milli Reykjavíkur og Egilsstaða þá styttast um allt að 230 kílómetra. Það skipti gríðarlegu máli varðandi flutningskostnað og ferðamennsku. „Svo snýst þetta um rétt almennings á að fá að njóta hálendisins. Það er einstök upplifun,“ segir Sigurður.

Um þrjátíu kílómetra kafli af hálendisveginum yrði innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Ekki er gert ráð fyrir veginum í lögum um þjóðgarðinn þótt Austfirðingar hafi sóst eftir því.

„Við ræddum hins vegar við bæði innanríkisráðherra og umhverfisráðherra síðustu ríkisstjórnar og fengum vinsamlegar móttökur. Í innanríkisráðuneytinu vó ekki síst þungt að Suðurlandsvegur getur lokast vegna náttúruhamfara,“ segir Sigurður.




**NÝI HÁLENDISVEGURINN** Hér er hugsanlegt stæði nýs hálendisvegar með bundið slitlag austur og norður í land. Horft er til þess að norðan Vatnajökuls sé úrkomuminnsta svæði Evrópu.

Næstu verkefni að sögn Sigurðar eru meðal annars að rannsaka veðurfar og gera mat á umferð og mögulegum opnunartíma vegarins.

Boða á til stofnfundar félagsins Hálendisvegar ehf. á næstunni. Hópurinn vill fá sveitarfélögin og helstu stofnanir á svæðinu til liðs við sig. Undirtektirnar segir Sigurður hafa verið bestar hjá stóru sveitarfélögunum.

**„Svo snýst þetta um rétt almennings á að fá að njóta hálendisins. Það er einstök upplifun.**

*Sigurður Gunnarsson hagfræðingur og járnsmiður*

„Minni sveitarfélögin eru hrædd við að þetta tefji vegaframkvæmdir á láglendi. En þetta á engin áhrif að hafa á aðra vegagerð,“ segir Sigurður, sem undirstrikar að byggja eigi veginn í einkaframkvæmd. Stuðningur í formi peninga eða ábyrgða verði ekki sóttur til ríkisins.

„Ég sé ekki annað en að menn myndu vera jákvæðir ef þetta reynist framkvæmanlegt,“ segir Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs. gar@frettabladid.is






Tugir blaðamanna fóru fýluferð frá Moskvu til Kúbu í gær:

# Edward Snowden enn í felum

**RÚSSLAND** Uppljóstrarinn Edward Snowden hefur sótt um hæli í Ekvador en Ricardo Patino, utanríkisráðherra Ekvadors, vildi á blaðamannafundi í Víetnam í gær ekki staðfesta hvar Snowden væri niður kominn.

Hann var sagður hafa farið til Moskvu frá Hong Kong um helgina, og hafði pantað sér flugfar frá Moskvu til Kúbu í gærmorgun. Tugir blaðamanna keyptu sér far með sömu flugvél en komust að því þegar flugvélin var farin í loftið að Snowden væri ekki um borð.

Orðrómur hafði gengið um að hann myndi fara frá Moskvu til Noregs og þaðan til Íslands en það reyndist ekki á rökum reist. Síðast sást til Snowdens í Moskvu, þar sem bíll frá ekvadorska sendiráðinu tók á móti honum.

John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hefur haft hörð orð um bæði kínversk og rússnesk stjórnvöld fyrir að hafa aðstoðað Snowden í staðinn fyrir að framselja hann til Bandaríkjanna. Hann hótar því að samskipti beggja ríkjanna við Bandaríkin geti versnað fyrir vikið. - gb



EDWARD SNOWDEN



**RICARDO PATINO** Utanríkisráðherra Ekvadors las í gær upp bréf frá Snowden, þar sem Snowden segir litlar líkur á því að hann fái sanngjörn réttarhöld í Bandaríkjunum. NORDICPHOTOS/AFP



**Audi Q7 3,0 TDi**
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 49.000 km, sjálfsk.
Ásett verð:
**10.950.000,-**

# MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI



**BMW** X5 3,0d E70
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 88.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **7.490.000,-**



**Audi A6** 2,0 TFSI
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 23.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **5.990.000,-**



**VW Passat** Comfort Ecofuel
Árgerð 2012, bensín/metan
Ekinn 10.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **4.690.000,-**



**Toyota** Land Cruiser 200
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 112.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **9.590.000,-**



**MM Pajero** 3,2 Instyle
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 21.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **9.390.000,-**



**VW Polo** Comfort 1,4
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 23.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **2.450.000,-**



**Audi A4** 2.0 TDI 6 gíra
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 52.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **4.390.000,-**



**VW Golf** Trendl. 1,6TDi
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 29.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **2.980.000,-**



Tilboð **1.590.000,-**

**MM Colt** Rally Art
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 23.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 2.050.000,-



Tilboð **1.350.000,-**

**Mercedes-Benz** ML55
AMG. Árgerð 2000, bensín
Ekinn 188.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.790.000,-



Tilboð **2.490.000,-**

**Nissan** X-Trail SE
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 102.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.290.000,-



Tilboð **1.970.000,-**

**MM Pajero** 3,5 GLS
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 139.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.490.000,-



Tilboð **2.590.000,-**

**Toyota** Land Cruiser 120 VX
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 194.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.100.000,-



Tilboð **3.590.000,-**

**Nissan** Pathfinder 2500 SE
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 106.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.490.000,-



Tilboð **2.790.000,-**

**VW Touareg** V8
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 120.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.450.000,-



Tilboð **3.190.000,-**

**Nissan** Patrol Elegance
Árgerð 2006, dísil
Ekinn 132.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.790.000,-

H HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**

## SVONA ERUM VIÐ



**7.515** manns voru á atvinnuleysiskrá í maí 2013.

Fjöldinn var 9.826 í maí í fyrra og 14.595 í maí 2008.

Uppgötvun efnasamsetningar rómverskrar steypu gæti umbylt mannvirkjagerð í nútímanum:

# 2.000 ára ráðgáta úr Rómaveldi loks leyst

**VÍSINDI** Alþjóðlegur hópur vísindamanna hefur loks komist til botns í einni elstu ráðgátu steindafræðinnar; þeirri hvernig Rómverjar fóru að því að reisa hafnarmannvirki sem standa enn traustum fótum eftir tvö þúsund ára veðrun. Uppgötvun vísindamannanna gæti haft áhrif á það hvernig hafnir verða reistar í framtíðinni.

Vísindamennirnir hafa síðasta áratuginn rannsakað ellefu hafnir við Miðjarðarhafið sem þrátt fyrir 2.000 ára ágang sjávar standa enn óhaggaðar. Þessi staðreynd hefur lengi vakið forvitni vísindamanna því hafnir nútímans endast fráleitt svo lengi.

Beindist rannsókn vísindamannanna að samsetningu steypunnar sem Rómverjar notuðu en algengasta afbrigði steypu í nútímanum, svokölluð Portland-steypa, fer að leysast upp eftir 50 ára ágang salts sjávar. Telja vísindamennirnir að þeim hafi loks tekist að greina uppskrift steypunnar, sem reynist hafa ýmsa kosti fram yfir nútímasteypuafbrigði. Þannig var steypa Rómverja ekki aðeins sterkari en nútímasteypa heldur er framleiðsla hennar umtalsvert umhverfisvænni en nútímaleg steypuframleiðsla, sem losar mikið magn koltvísýrings út í andrúmsloftið.

Var leyndarmál Rómverja það að blanda kalki og gosösku í steypuna sína. Gæti uppgötvunin valdið straumhvörfum í steypuframleiðslu og orðið þess valdandi að verulega dragi úr losun koltvísýrings í greininni. - mþl



**COLOSSEUM** Rómverjar notuðu háþróað afbrigði af steypu í byggingar sínar. Eftir fall Rómaveldis var steypa vart notuð í heiminum aftur fyrr en á miðri 18. öld.

# Viðræðuhlé stoppaði 1,4 milljarða í styrki

**Ákvörðun íslenskra stjórnvalda um að gera hlé á viðræðum við Evrópusambandið varð til þess að 8,3 milljónir evra í formi IPA-styrkja hafa ekki skilað sér í ár. Tuttugu verkefni bíða eftir stjórnvöldum. Styrkirnir ættu að vera komnir, segir Rannís.**

**UTANRÍKISMÁL** Fjárveitingar Evrópusambandsins (ESB) í formi styrkja hingað til lands eru allar í biðstöðu eftir að íslensk stjórnvöld ákváðu að gera hlé á aðildarviðræðunum.

ESB auglýsti eftir umsóknum fyrir 8,3 milljónir evra, eða um 1,4 milljarða íslenskra króna, í lok síðasta árs.

Hallgrímur Jónasson, forstöðumaður Rannís, segir allt ferlið í biðstöðu og boltann vera hjá stjórnvöldum. „Við vitum ekkert hvenær verður gengið frá þessum styrkjum," segir hann. „Við höfðum gert ráð fyrir því að það væri búið að greiða þetta út á þessum tímapunkti."



**GUNNAR BRAGI SVEINSSON**

Umsóknarfrestur vegna styrkjanna rann út í nóvember í fyrra en það liggur fyrir hvaða verkefni verða valin ef féð verður greitt út. Ekki er búið að gera samninga og skrifa undir skjöl um einstök verkefni og ekki liggur enn fyrir hvort það verði nokkurn tímann gert. Hallgrímur vill þó ekki gefa upp hvaða verkefni hafi orðið fyrir valinu.

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sagði í samtali við Fréttablaðið í síðustu viku að ráðuneytið væri nú að skoða hvaða verkefni væru beintengd viðræðunum og hver ekki. Þeim sem hægt væri að tengja beint við viðræðurnar yrði ekki haldið til streitu en styrkir frá ESB yrðu þegnir fyrir önnur verkefni.

„Það er ljóst að styrkirnir geta nýst okkur að einhverju leyti sem EES-ríki en þarna eru líka verkefni sem eru beintengd aðildarumsókninni og hvert verkefni verður metið fyrir sig," sagði Gunnar Bragi.

Auglýst var eftir verkefnum sem voru á sviði atvinnuþróunar- og byggðamála og velferðar- og vinnumarkaðsmála. Stefnt var að því að verja öllum 8,3 milljónunum til allt að tuttugu verkefna um land allt í ár, en þau áttu að taka mið af „Ísland 2020" stefnumörkuninni. Lágmarksstyrkur til hvers verkefnis átti að vera 200 þúsund evrur og hámarkið ein milljón. sunna@frettabladid.is



**ENGIR PENINGAR HAFA KOMIÐ** ESB auglýsti eftir verkefnum með áherslu á byggða-, atvinnu- og velferðarmál. Stefnt var að því að nota 8,3 milljónir evra í allt að tuttugu verkefni á landinu öllu. Ekkert fjármagn hefur þó borist. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> **Við vitum ekkert hvenær verður gengið frá þessum styrkjum.**
> *Hallgrímur Jónasson forstöðumaður Rannís*



**MATARKARFAN** Mest hækkar verðið í Nettó í nýrri verðkönnun ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vörukarfa ASÍ hækkar:

## Mesta hækkun hjá lágvöruverðsverslunum

**NEYTENDUR** Vörukarfa Alþýðusambands Íslands hefur hækkað um allt að 4,9 prósent frá því í janúar þar til í júní. Þó var verðbólgan aðeins tæp tvö prósent frá janúar og fram í maí.

Vörukarfan hefur hækkað meira hjá lágvöruverðsverslunum en öðrum verslunum, mest hjá Nettó, eða um 4,9 prósent. Bónus og Iceland fylgja fast á eftir með um 4,2 prósent hækkun. Vörukarfan hefur lækkað lítillega hjá fimm verslunum af fimmtán. Mesta lækkunin var í Hagkaupum, sem lækkuðu verðið í nánast öllum vöruflokkum. - ósk

## LEIÐRÉTT

Missagt var í Fréttablaðinu í gær að stigin hefðu verið skref í átt að gervi-skjaldkirtli í nýrri rannsókn. Hið rétta er að brisið annast insúlínframleiðslu og því er um gervibris að ræða.

Upplýsingafulltrúi á þingi:

## Hafnar hagsmunaárekstri

**STJÓRNMÁL** Rósa Björk Brynjólfsdóttir, varaþingmaður Vinstri grænna, var harðorð í ávarpi sínu á Alþingi í gær þegar rætt var um frumvarp mennta- og menningarmálaráðherra sem kveður á um að Alþingi skipi alla stjórnarmenn Ríkisútvarpsins.



**RÓSA BJÖRK BRYNJÓLFSDÓTTIR**

Rósa Björk starfar sem upplýsingafulltrúi fjármálaráðuneytisins og er sem slík talsmaður fjármálaráðherra. Hún er í leyfi sem stendur og hafnaði því í samtali við Fréttablaðið að um hagsmunaárekstur væri að ræða. „Ég talaði ekki gegn mínum eigin ráðherra í gær. Ég er í leyfi frá upplýsingafulltrúastöðu minni og talaði sem varaþingmaður VG í ávarpi mínu," sagði Rósa. - ósk

Forsætisráðherra Í Danaveldi:

## Helle Thorning vill Ísland í ESB

**STJÓRNMÁL** Evrópumál voru efst á baugi þegar Helle Thorning-Schmidt, forsætisráðherra Danmerkur, og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra Íslands, hittust í Danmörku í gær.

Danski forsætisráðherrann sagði Danmörku alltaf hafa óskað þess að lýðræðisríki og náið vinaríki eins og Ísland gengi í Evrópusambandið en þá ákvörðun gæti þó eingöngu íslenska þjóðin tekið.

Sigmundur Davíð fundaði einnig með lögmanni Færeyja, Kaj Leo Johannesen, í Þórshöfn í Færeyjum í gær og ræddi um ýmis sameiginleg hagsmunamál landanna - ósk



Voltaren Gel
15% afsláttur af 50g og 100g túbum
SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS
Opið mán-fös 8.30-18 og lau 10-14
LYFJAVER
APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Á morgun**
8-18 m/s, hvassast vestantil.




**Fimmtudagur**
8-15 m/s V-til, annars hægari.

**RIGNING S- OG V-TIL** Í dag má búast við skúrum S- og V-til, í nótt fer að rigna og horfur eru á töluverðri rigningu fyrri part morgundagsins. Á NA- og A-landi verður yfirleitt úrkomulítið og bjart með köflum. Kólnar lítillega á fimmtudaginn.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 25° | Berlín | 16° | Friedrichshafen | 17° | Las Palmas | 25° | New York | 31° | París | 20° |
| Aþena | 34° | Billund | 19° | Gautaborg | 17° | London | 20° | Orlando | 31° | San Francisco | 19° |
| Basel | 26° | Frankfurt | 19° | Kaupmannahöfn | 17° | Mallorca | 27° | Ósló | 20° | Stokkhólmur | 23° |



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is*, Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


ÖRYGGISHNAPPUR SECURITAS
- Hnappur sem getur bjargað þínu lífi og þinna nánustu.
ÖMMUSTRÁKUR
Ömmur eru dýrmætustu manneskjur í lífi hvers manns.
Stundum er eins og þær komi úr einhverjum öðrum tíma með alla sína visku og hlýju.
Þær lauma til manns súkkulaðimolum þegar pabbi sér ekki til. Þær skamma mann af umhyggju.
Það er eins og þær bíði við símann eftir því þegar maður hringir og þarf að létta á sér.
Ömmur eiga að búa við öryggi.
SECURITAS

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Á hvers konar farartækjum ætla tveir ítalskir ævintýramenn að ferðast í kringum Ísland?
**2.** Hvaða íslenski listamaður er kominn í hóp með eftirsóttustu listamönnum heims á listkaupstefnunni í Basel?
**3.** Hvert á að leiða rigningarvatn frá aðalbyggingu Háskóla Íslands með nýrri jarðvatnslögn?

**SVÖR:**
**1.** Á hjólabrettum **2.** Ragnar Kjartansson **3.** Í tjörnina við Norræna húsið

Síðasti stóri skjálfti á Norðurlandi varð árið 1976, oft kenndur við Kópasker, og olli miklum skemmdum:

# Næg spenna fyrir stóran jarðskjálfta

**ÖRYGGISMÁL** Páll Einarsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands, segir að í ljósi nýrra rannsókna þurfi að gera nýtt mat á jarðskjálftavá á Norðurlandi. Jarðskorpumælingar sýna að spenna í Húsavíkurmisgenginu sé til staðar fyrir skjálfta af stærðinni 6,8.

Þessi niðurstaða liggur fyrir eftir að hópur jarðvísindamanna kom saman á Húsavík í byrjun mánaðar.

Páll segir að síðasti stóri jarðskjálftinn á Norðurlandi hafi riðið yfir árið 1976, og verið kenndur við Kópasker. Þá var það Grímseyjarbeltið sem lét til sín taka. „En Húsavíkurbeltið hefur ekki hrokkið til að ráði síðan 1872. Það voru mjög harðir skjálftar, um 7,0 á Richter. Núna sýna nýjustu gögn að nægileg spenna sé uppsöfnuð fyrir skjálfta af stærðinni 6,8,“ segir Páll sem ítrekar að öllu skipti hvar skjálftar eiga upptök sín. „Skemmdir verða ekki stóralvarlegar ef upptökin eru úti í sjó. En þegar fjarlægðin er orðin minni en fáeinir kílómetrar þá eru kraftarnir orðin afar miklir og ófyrirsjáanlegir. Og með þær upplýsingar þarf að hugsa málið upp á nýtt,“ segir Páll. - shá



**PÁLL EINARSSON** Skýrsla jarðvísindamanna verður kynnt stjórnvöldum og almenningi á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**RÚSTIR EINAR** Húsið hefur um langt skeið verið vinsæll ferðamannastaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Blátindur hrundi eftir 40 ár:

## Þungi hraunsins hafði betur

**MENNING** Íbúðarhúsið Blátindur í Vestmanneyjum lét undan þunga hrauns í gær og féll saman. Húsið fór að mestu undir hraun í mars 1973 í miðju Vestmannaeyjagosi.

Blátindur stóð við Heimagötu 12b. Meginhluti hússins fór undir hraun en stofuálman stóð út úr hrauninu og það var hún sem hrundi í gær. Var það eitt kennileita frá gosinu sem ferðamenn sóttust eftir að sjá, en um þessar mundir er unnið að því að grafa upp önnur hús sem fóru undir hraunið. - shá

# Skólameistarar vilja sálfræðinga í skóla

Skólameistarar stærstu framhaldsskólanna á landsbyggðinni sammælast um að þörf fyrir sálfræðiþjónustu sé mikil. Sumir hafa boðið upp á þjónustu í einhverri mynd.

**HEILBRIGÐISMÁL** Skólameistarar stærstu framhaldsskóla landsins sammælast um nauðsyn þess að hafa sálfræðiþjónustu í boði fyrir nemendur. Verkmenntaskólinn á Akureyri er eini framhaldsskólinn sem hefur ráðið sálfræðing til skólans, en aðrir skólar hafa einnig boðið nemendum sínum upp á slíka þjónustu, þó í annarri mynd.

Kristján Pétur Ásmundsson, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja, segir forsvarsmenn skólans hafa brugðist við þessari miklu þörf nemenda fyrir nokkrum árum og það hafi gefist vel. Nemandi getur þá talað við námsráðgjafa sem vísar honum áfram til sálfræðings og greiðir skólinn þrjá viðtalstíma á hvern nemanda.

„Við ræddum á sínum tíma hvort við ættum að ráða sálfræðing í hlutastarf en það varð úr að þetta væri betri leið því þá sæist meðal annars ekki þegar krakkarnir fara til þeirra,“ segir Kristján. „Við leituðum eftir fjárhagslegri aðstoð hjá ráðuneytinu á sínum tíma en það var ekki talin ástæða til að verða við því.“

Olga Lísa Garðarsdóttir, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands, fagnar umræðunni.

„Við vorum langt komin með verkefni sem gekk út á að fá fjárveitingu til að gera tilraun með sálfræðiþjónustu þar sem þörfin er mikil,“ segir hún. „En það kom bakslag í það og síðan þá höfum við velt þessu mikið fyrir okkur því þörfin er mikil, það er engin spurning.“

Hallur B. Reynisson, skólameistari Framhaldsskólans á Laugum, segir sálfræðing koma í skólann einu sinni í mánuði til að sinna bæði nemendum og starfsfólki endurgjaldslaust einn tíma á önn.

Hann segir að auðvitað væri best að fá sálfræðinginn oftar þar sem hann er fullnýttur og vel það þegar hann kemur. „Þetta hefur sloppið til, en það eru líka nemendur sem leita sér sálfræðiþjónustu til Akureyrar. Og okkur finnst það skila árangri í rekstri skólans,“ segir hann og bætir við að til greina komi að biðja ráðuneytið um aukafjárveitingu til að getað fengið hann oftar. sunna@frettabladid.is



**VIÐKVÆMUR TÍMI** Framhaldsskólaaldur getur verið viðkvæmur tími fyrir fólk, en það er einmitt aldursbilið þar sem geðrofssjúkdómar gera fyrst vart við sig. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Síðan þá höfum við velt þessu mikið fyrir okkur því þörfin er mikil, það er engin spurning.**
> *Olga Lísa Garðarsdóttir skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands*







Forstöðukona neitar að hafa látið barn ljúga upp á föður í forræðisdeilu:

# Lét ekki ljúga um kynferðisbrot

**DÓMSMÁL** „Ég átti aldrei, aldrei nokkurn þátt í að láta barnið ljúga kynferðisbroti upp á föður sinn,“ segir Kristín Snæfells, forstöðukona samtakanna Vörn fyrir börn.

Í Fréttablaðinu á laugardag kom fram að Kristín hefði ásamt móður barns beitt það þrýstingi til að ljúga upp á föður þess sökum um kynferðislega misnotkun. Þetta er haft eftir barninu í málsskjölum í dómsmáli þar sem föður barnsins var dæmt forræði þess í Hæstarétti.

Kristín stofnaði og veitir forstöðu samtökunum Vörn fyrir börn sem reka þjónustumiðstöð fyrir börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi. Barnaverndaryfirvöld hafa varað við samtökum Kristínar vegna skorts á fagmennsku í starfinu. Kristín undirstrikar að umrætt mál tengist á engan hátt samtökunum, sem hún hafi lagt nærri fimm milljónir króna í að byggja upp.

„Barnaverndarstofu var boðið hingað til að kynna sér starfsemina frá öllum hliðum en hún lét hvorki sjá sig né heyra. Þetta umtalaða mál er ekki hér innanborðs heldur á lögmannsstofu úti í bæ og hefur alltaf verið,“ ítrekar Kristín. - gar



Barn látið ljúga til um kynferðisofbeldi

Forsvarskona samtakanna Vörn fyrir börn tók þátt í að láta barn ljúga kynferðisbroti upp á föður þess í forræðisdeilu. Samtöl við barnið í Barnahúsi leiddu hið sanna í ljós. Föðurnum var dæmd full forsjá í Hæstarétti eftir rannsókn sem tók tvö ár.

**FÉLAGSMÁL** Kristín Snæfells, stofnandi og forstöðukona samtakanna Vörn fyrir börn, sem nýverið opnaði þjónustumiðstöð fyrir börn sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi, tók þátt í því að láta ungt barn ljúga grófu kynferðisofbeldi upp á föður sinn í forræðisdeilu.

Upp komst um ósannindin eftir áralangt rannsóknarferli opin-

Frásögn föðurins sem borinn var röngum sökum

**Frásögn föðurins er nafnlaus til þess að vernda friðhelgi barnsins sem um ræðir.**

„Ég gat ekkert gert og mér leið eins og enginn hlustaði á mig. Mér leið illa að vera í kringum yngri dóttur mína einn af því ég var hræddur um að það yrði misskilið ef ég snerti hana. Seinni barnsmóðir mín gafst fljótlega upp á þessu og við hættum saman.

Varað við fúskurum í barnavernd

**FRÉTTABLAÐIÐ Á LAUGARDAG** Forstöðukona sjálfstæðra barnaverndarsamtaka neitar fullyrðingum um að hafa tekið þátt í að láta barn bera rangar sakir á föður sinn.

# 20-50% afsláttur af öllum heilsurúmum



**CLASSIC - rafstillanlegt**
Einbreið heilsurúm á verði frá **190.049,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **346.995,-**



**DRAUMEY**
Einbreið heilsurúm á verði frá **70.224,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **129.360,-**



**ROYAL - rafstillanlegt**
Einbreið heilsurúm á verði frá **302.391,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **566.991,-**

**Frí heimsending á hjónarúmum eða tökum gamla rúmið upp í nýtt!**



## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGU-GREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

## LAGERHREINSUN Á ARINELDSTÆÐUM







**EINUNGIS 3 VERÐ!**

**19.900,-**

**29.900,-**

**39.900,-**

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM




**SILVIO OG KARIMA** Þau hittust í svallveislu í glæsihúsi Berlusconis vorið 2010, þegar hún var enn sautján ára og gekk undir nafninu Ruby hjartaþjófur. NORDICPHOTOS/AFP

# Dæmdur til sjö ára dvalar í fangelsi

Silvio Berlusconi fær ekki að gegna opinberu embætti á Ítalíu framar. Dæmdur sekur um kynmök við stúlku undir lögaldri og misnotkun embættisvalds síns.

**ÍTALÍA, AP** Silvio Berlusconi, fyrrverandi forsætisráðherra Ítalíu, hlaut sjö ára fangelsisdóm í gær fyrir að hafa haft kynmök við sautján ára stúlku og misbeitt embættisvaldi sínu til að koma í veg fyrir að upp kæmist.

Stjórnmálaferli hans er væntanlega lokið því dómstóllinn bannaði honum jafnframt að gegna opinberu embætti til æviloka.

„Þetta er ótrúlegt,“ sagði Niccolo Gedhini, lögmaður Berlusconis, en dómurinn var þyngri en ákæruvaldið fór fram á. Farið var fram á sex ára fangelsisdóm og ævilangt bann við því að gegna opinberu embætti.

Bæði Berlusconi og stúlkan, sem heitir Karima El Mahroug og er nú tvítug, neituðu því að hafa átt kynmök. Hún viðurkenndi þó að hafa þegið sjö þúsund evrur frá Berlusconi, en segir það fé hafa verið gjöf til sín.

Lögfræðingar Berlusconis hafa nú þegar áfrýjað dómnum til áfrýjunardómstóls og geta síðar áfrýjað þeim úrskurði til hæstaréttar. Þau málaferli öll geta tekið nokkur ár og á meðan gengur Berlusconi laus. Hann er orðinn 76 ára og óvíst er að hann þurfi nokkurn tímann að afplána þennan fangelsisdóm.

Þingmenn í flokki Berlusconis höfðu hótað því að segja af sér þingmennsku yrði hann dæmdur. Þar með væri naumur þingmeirihluti stjórnar Enrico Letta forsætisráðherra í hættu.

Fyrir stuttu staðfesti áfrýjunardómstóll hins vegar annan dóm yfir Berlusconi. Sá dómur var fyrir skattsvik, og var hann þar dæmdur til fjögurra ára fangelsisvistar og hlaut jafnframt fimm ára bann við að gegna opinberu embætti.

Berlusconi var ekki viðstaddur dómsuppkvaðninguna í gær. Hann hefur ítrekað sakað bæði dómara málsins og saksóknara um að vera með pólitískar ofsóknir á hendur sér: „Það á að drepa mig,“ höfðu ítalskir fjölmiðlar eftir honum í gær.

Dómararnir þrír munu á næstu vikum birta skriflega greinargerð fyrir dómnum. guðsteinn@frettabladid.is

## Málaferli Berlusconis

- **Júní 2013:** Dæmdur í sjö ára fangelsi fyrir að hafa átt kynmök við stúlku undir lögaldri. Gengur laus meðan beðið er eftir úrskurði áfrýjunardómstóla.
- **Mars 2013:** Dæmdur í árs fangelsi fyrir að hafa lekið upplýsingum frá lögregluhlerunum í fjölmiðla. Bíður niðurstöðu áfrýjunardómstóls.
- **Október 2012:** Dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir skattsvik. Áfrýjunardómstóll hefur staðfest dóminn, en hæstiréttur á eftir að fá málið til meðferðar.
- Tvö önnur spillingarmál sem varða skattsvik og mútur. Bæði þessi mál felld niður vegna fyrningar.

MEIRA ÚRVAL

Nú höfum við flutt alla starfsemi frá Breiðhöfða að Klettháls 11

Allt að 80% lánamöguleikar



Tökum notaðan uppí notaðan! Erum í samningsstuði!

NISSAN PATHFINDER
Nýskr. 06/08, ekinn 104 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 151875

Glæsilegt eintak kr. 4.490 þús.



TOYOTA LAND CRUISER 150 GX
Nýskr. 06/12, ekinn 19 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 9.990 þús.
Rnr.130449.



MMC PAJERO INSTYLE
Nýskr. 04/07, ekinn 90 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.390 þús.
Rnr.120175,



NISSAN QASHQAI+2 (7 manna)
Nýskr. 07/12, ekinn 8 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 5.290 þús.
Rnr.290037.



VW GOLF TRENDLINE
Nýskr. 06/10, ekinn 63 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.490 þús.
Rnr.170332.



BMW 320
Nýskr. 08/05, ekinn 106 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.190 þús.
Rnr.190994.



SUZUKI GRAND VITARA
Nýskr. 10/08, ekinn 57 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.990 þús.
Rnr.141535.

bílaland

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

Ný verslun hefur verið opnuð.

Við bjóðum upp á þýsk gæða-heimilistæki frá Bosch, borðbúnað og glæsilega gjafavöru.

Verið velkomin!

Bosch, mest seldu heimilistækin í Evrópu!

BOSCH BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090


FERÐAVÖRU
TAX FREE*
HÚSASMIÐJUNNAR
ALLT Í FERÐALAGIÐ OG BÚSTAÐINN Á TAX FREE
DYNAMO REYKJAVÍK
40,64% AFSLÁTTUR
TVÖFALT TAX FREE
AF TRJÁPLÖNTUM, ÁVAXTATRJÁM OG RUNNUM!
TJÖLD • SVEFNPOKAR • DÝNUR • KÆLIBOX
FERÐAGRILL • BUGG GASGRILL
FERÐAHÚSGÖGN • GARÐHÚSGÖGN
GÖNGUSKÓR • ÚTIVISTARFATNAÐUR
BÚSÁHÖLD • REIÐHJÓL OG FLEIRA
LÆGSTA LÁGA VERÐ
*Tax Free tilboð jafngildir 20,32% afslætti. Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ og Weber grillum. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## NORÐURLÖND




### Kynjakvóti nauðsynlegur?

**1 SVÍÞJÓÐ** Anders Borg, fjármálaráðherra Svíþjóðar, telur rökin fyrir lögum um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja hafa styrkst, en mikil andstaða hefur verið við kynjakvóta í Svíþjóð, ekki síst í atvinnulífinu. Í viðtali við Dagens Nyheter segir Borg að þróunin sé afar hæg og miklu hægari en leiðtogar atvinnulífsins sögðu þegar þeir lýstu því yfir að ekki væri þörf á kynjakvóta og að málin myndu leysast af sjálfu sér.


ANDERS BORG

Borg trúir því ekki að konur muni sjálfar sækjast eftir setu í stjórnum. Danir hafa verið andstæðir kynjakvóta eins og Svíar.

### Auðkennum stolið

**2 DANMÖRK** Auðkennum er frekar stolið af ungum körlum en öðrum, að því er niðurstöður rannsóknar sem gerð var við Kaupmannahafnarháskóla sýna.

Í frétt á vef Jyllands-Posten er haft eftir Peter Kruize lektor að yngri kynslóðir noti netið meira en þær eldri en erfiðara sé að segja til um hvers vegna ungir karlar verði frekar fórnarlömb þeirra sem stela lykilorðum og kortaupplýsingum en aðrir.

Árið 2009 var auðkennum 48 þúsund Dana stolið en 73 þúsund í fyrra, að því er kemur fram á fréttavefnum.



### Atvinnuskapandi innflytjendur

**3 NOREGUR** 27.000 ný störf urðu til í Noregi í fyrra. Innflytjendur áttu þar hlut að máli í langflestum tilvikum, þeir bjuggu til 26.797 starfanna að því er fram kemur á vef Aftenposten, sem vitnar í tölur norsku hagstofunnar (SSB). Sama hefur verið upp á teningnum undanfarið ár í Noregi; innflytjendur eiga heiðurinn af stærstum hluta nýrra starfa.

Frumvarp um bætt kjör:

## Munu afgreiða málið í sumar

**ALÞINGI** Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra segir að sumarþingi verði ekki lokið fyrr en frumvarp um afturköllun á kjaraskerðingu aldraðra og öryrkja verði afgreitt.

Þetta sagði Eygló í óundirbúnum fyrirspurnartíma á Alþingi í gær, en Björn Valur Gíslason, varaformaður Vinstri grænna, spurði ráðherra hvort almenn samstaða ríkti innan stjórnarflokkanna um það hvernig það mál skyldi leyst. - SV

Breytingar hjá Já:

## 118 verði 1818

**FJARSKIPTI** Svo gæti farið að 118 verði að 1818 á næsta ári, en fyrirtækið Já hefur lagt það til við Póst- og fjarskiptastofnun. Tillagan er gerð í ljósi þess að stofnunin mun ekki úthluta fleiri þriggja stafa símanúmerum.


SIGRÍÐUR MARGRÉT ODDSDÓTTIR

„Vissulega er eftirsjá að símanúmerinu 118, en svo má ekki gleyma því að sú þjónusta sem þar er veitt, var eitt sinn í símanúmerinu 03,“ er haft eftir Sigríði Margréti Oddsdóttur, forstjóra Já, í tilkynningu.


**KÖKUGERÐARLIST** Félag konditora á Íslandi vill að þeir sem eru ómenntaðir í kökugerð láti af notkun sinni á starfsheitinu konditor.

Bakarar villa á sér heimildir:

## Konditori þýðir ekki bakarí

**IÐNAÐUR** Mörg bakarí á Íslandi nota orðið „Konditori“ í bæklingum, auglýsingum eða merkjum þrátt fyrir að enginn konditor sé starfandi hjá fyrirtækjunum. Konditorfélag Íslands er ósátt við notkunina og krefst þess að bakarí láti af þessu.

Konditori er löggild iðngrein síðan árið 1927 og kallast í raun kökugerð á íslensku. Í frétt á Freisting.is segir að hið ársgamla Konditorfélag Íslands hafi enn ekki gripið til aðgerða en ekki sé boðlegt að nota starfsheiti sem fólk hefur ekki menntun í.

Starfsheitið konditor er notað um gjörvalla Skandinavíu og hinn þýskumælandi heim. - SV

# Vara við almennri niðurfellingu skulda

**Seðlabankinn og Samtök atvinnulífsins vara við efnahagslegum áhrifum almennrar niðurfærslu verðtryggða húsnæðislána í umsögnum sínum um þingsályktunartillögu forsætisráðherra. Hagsmunasamtök heimilanna fagna henni.**

**EFNAHAGSMÁL** Marghátta gagnrýni á áform ríkisstjórnarinnar um almenna niðurfellingu verðtryggðra húsnæðislána er að finna í umsögnum um þingsályktunartillögu þar að lútandi. Samtök atvinnulífsins (SA) og Seðlabanki Íslands eru sérstaklega harðorð í gagnrýni sinni en alls hafa fjórtán umsagnir borist.

Bæði SA og Seðlabankinn setja spurningarmerki við hvort rétt sé að tala um forsendubrest í samhengi við verðbólguskot áranna 2007 til 2010. Þá vara báðir aðilar við efnahagslegum áhrifum almennrar niðurfærslu verðtryggðra húsnæðislána og leggja til að fjármunum sem ríkissjóði kunni að áskotnast verði heldur varið í að greiða niður skuldir ríkissjóðs.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra lagði fyrir í mánuðinum fram þingsályktunartillögu á Alþingi um aðgerðir vegna skuldavanda heimila. Samkvæmt tillögunni ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að fylgja eftir tíu liða aðgerðaáætlun um skuldavandann.

Meðal aðgerða sem þar eru lagðar til eru að skipaður verði sérfræðingahópur sem útfæri leiðir til að ná fram höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána. Þá verði skipuð verkefnisstjórn um framtíðarskipan húsnæðismála og settur á fót sérfræðingahópur um afnám verðtryggingar af neytendalánum.

Tillagan er nú í meðförum efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis sem hefur borist fjórtán umsagnir um tillöguna. Þeirra ítarlegastar eru þrjár umsagnir: frá SA, Seðlabankanum og Hagsmunasamtökum heimilanna.


**FASTEIGNIR** Samkvæmt þingsályktunartillögu forsætisráðherra stendur til að ráðast í almenna lækkun höfuðstóls verðtryggðra húsnæðislána. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Staða leigjenda og fleiri hópa verði skýrð

Meðal annarra sem skilað hafa umsögnum um þingsályktunartillögu forsætisráðherra má nefna ASÍ, Bandalag háskólamanna og Umboðsmann skuldara. Þessir þrír aðilar leggja allir áherslu á að ýmsum spurningum sé ósvarað í tengslum við fyrirhugaðar aðgerðir um stöðu leigjenda og þeirra sem eru með verðtryggð námslán. Þá bendir Íbúðalánasjóður á í umsögn sinni að ef verðtryggð jafngreiðslulán verða alfarið afnumin verði stór hópur fólks háður aðstoð frá ríkinu til að koma sér þaki yfir höfuðið.

Hagsmunasamtökin fagna tillögunni og flestum þeim aðgerðum sem þar eru boðaðar. Þó leggja þau áherslu á að ýmislegt vanti í tillöguna, svo sem að komið verði í veg fyrir árangurslaust fjárnám, nauðungarsölur, gjaldþrot og sölur á veðhafafundum.

Eins og áður sagði eru SA og Seðlabankinn öllu gagnrýnni á tillöguna. SA segir að áhyggjur samtakanna snúi fyrst og fremst að áhrifunum á stöðu ríkissjóðs og efnahagslífið. Stórfelld niðurfærsla skulda hljóti að auka einkaneyslu, innflutning og viðskiptahalla. Þá geti hún stuðlað að veikara gengi krónunnar, vaxandi verðbólgu og hærri vöxtum. Loks verði afnám gjaldeyrishafta fjarlægara en ella.

Seðlabankinn tekur í svipaðan streng og leggur áherslu á að með endurskipulagningu skulda heimila megi ekki stefna sjálfbærri ríkisfjármála í tvísýnu. Því hafi bankinn lagst gegn almennri niðurfærslu skulda en lagt til að svigrúm sem kunni að vera fyrir hendi verði nýtt til þess að koma til móts við heimili í vanda. Þá bendir Seðlabankinn á að niðurstöður rannsókna sérfræðinga bankans sýni að almenn niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána sé dýr og óskilvirk aðgerð til að koma til móts við heimili í vanda. magnusl@frettabladid.is

VISTVÆNAR VÖRUR

Í Rekstrarlandi finnurðu mikið úrval af vistvænum og vottuðum vörum.



MILD HÚÐ- OG HÁRSÁPA
til daglegra nota, lágt ph-gildi (4,5)
Verð 396 kr.



HÚÐÁBURÐUR
án ilms, 200 ml
Verð 396 kr.



GLERHREINSIR
með dælu, 750 ml
Verð 599 kr.



VISTVÆNN RUSLAPOKI
100% niðurbrjótanlegur úr maíssterkju, 10 lítra, 25 stk. í pakka
Verð 490 kr.

REKSTRARLAND

Skeifunni 11 | Sími 515 1100

www.rekstrarland.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 131772

Þingmenn á Evrópuráðsþinginu gagnrýna Íslandsdeildina fyrir brot á reglum:

# Eingöngu karlar í sendinefnd

**EVRÓPUMÁL** Þingmenn á Evrópuráðsþinginu gera alvarlegar athugasemdir við skipan Íslandsdeildar þingsins á sumarþingi ráðsins sem nú fer fram í Strassborg. Skipan íslensku sendinefndarinnar samræmist ekki reglum þingsins um kynjakvóta. Enginn aðalnefndarmaður íslensku sendinefndarinnar er kvenkyns og gagnrýna þingmenn annarra ríkja þá staðreynd.


KARL GARÐARSSON

Portúgalski þingmaðurinn José Mendes Bota kvaddi sér hljóðs á þinginu og benti á að reglur Evrópuráðsþingsins kvæðu á um að sendinefndir einstakra þjóðþinga skyldu skipaðar konum að minnsta kosti í sama hlutfalli og á viðkomandi þingi, eða í allra minnsta lagi skyldi vera ein kona í Íslandsdeildinni. „En þeir eru allir karlar,“ sagði hann. Tíu aðrir þingmenn sem voru viðstaddir umræðurnar úr sendinefndum fimm mismunandi ríkja, eins og þingsköp Evrópuráðsþingsins kveða á um, studdu Bota.

Í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins eru fulltrúar þriggja stjórnmálaflokka, þeir Karl Garðarsson formaður, Brynjar Níelsson og Ögmundur Jónasson.

„Það er ekki nein kona í aðalráðinu, aðeins sem varamaður og það samræmist ekki reglum okkar. Það eru reglur um kynjajafnrétti. Mér skilst að íslenska ráðið viti það fullvel að þeim beri skylda til að hafa konu með en stjórnmálaflokkarnir sjálfir hafi ekki náð samkomulagi um kvennefndarmann,“ sagði talsmaður Evrópuráðsþingsins í samtali við fréttastofu.

Karl Garðarsson, formaður Íslandsdeildarinnar, segir að það hafi aðeins verið vegna mistaka að engin kona er aðalmaður í sendinefndinni. Enginn af flokkunum þremur hafi tilnefnt konu sem aðalmann í forvali fyrir nefndina.

Hann segir jafnframt að til standi þó að breyta nefndinni fyrir næsta þing.

Í fréttatilkynningu Evrópuráðsþingsins kemur fram að þingskapa- og stofnananefnd þingsins muni taka málið fyrir og taka lokaákvörðun á miðvikudag. Þangað til fá íslensku þingmennirnir eingöngu að taka sæti á þinginu til bráðabirgða, með málfrelsi og atkvæðisrétti. - MLÞ

# VERSLUNIN LOKAR

# LOKADAGAR

# 70% afsláttur

## ALLAR VÖRUR SUMAR OG HAUST 2013

DAY

BIRGER ET MIKKELSEN

KRINGLUNNI



Ísland braut reglur um kynjakvóta í PACE:

# Kvenmannslausir karlar ávíttir

Þremenningar af Alþingi gerðu hálfgerða sneypuför á sumarþing Evrópuráðsins í Strassborg eins og fram kom í fréttum í gær. Engin kona er með í för og er það klárt brot á reglum um kynjakvóta í sendinefndum landanna sem þingið sækja. Sendinefnd Íslands er því í raun ólögleg og verður úr því skorið á morgun hvort hún fái að taka fullan þátt í þinginu, en þingskapa- og stofnananefnd þess hefur málið til umfjöllunar og hefur boðað úrskurð í málinu á miðvikudag. Þangað til fá fulltrúar íslensku sendinefndarinnar að taka þátt í störfum þingsins, en alls óvíst er á hvorn veginn sá úrskurður fellur.



**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is

Í reglum Evrópuráðsins er kveðið á um að hlutfall kvenna í sendinefndum eigi að endurspegla hlutfall þeirra á þjóðþingum, eða í versta falli verði að vera að minnsta kosti ein kona í hverri sendinefnd. Þetta virðist hafa farið fram hjá þeim stjórnmálaflokkum sem fulltrúa eiga á Alþingi Íslendinga. Þrír þeirra eiga fulltrúa í nefndinni; Framsóknarflokkur, Sjálfstæðisflokkur og Vinstri græn, og enginn þeirra tilnefndi konu í aðalsendinefndina. Það virðast því ekki bara vera íslensk lög og reglugerðir sem stjórnmálaflokkunum þykir sjálfsagt að hunsa.

Karl Garðarsson, formaður íslensku sendinefndarinnar, lét hafa eftir sér í fréttum í gær að það hefði „aðeins verið vegna mistaka" sem engin kona var valin í nefndina. Í hverju þau mistök fólust kemur ekki fram, en hafi þingmenn kynnt sér reglur Evrópuráðsins fyrir val í nefndina hefði ekki átt að fara á milli mála að með því að velja tóma karla væri verið að brjóta þær reglur. Mistök koma varla við þá sögu.

Hunsunin á reglum Evrópuráðsins er kannski liður í þeirri yfirlýstu stefnu ríkisstjórnar Sigmundar Davíðs að láta ekki „einhverja útlendinga" segja sér fyrir verkum, en hverju slíkt á að skila er vandséð. Hreinlegra væri þá að senda enga sendinefnd á slík þing og ganga alla leið með það að fara alfarið eftir eigin reglum innan landsteinanna. Skilaboðin sem svona klúður sendir umheiminum eru nefnilega eingöngu þau að Íslendingar séu dónar sem kunna sig ekki og láta sig engu varða hvaða reglur gilda í þeim fjölþjóðlegu samtökum sem þeir þó ennþá eru meðlimir í.

Kynjakvóti er umdeilt mál, bæði hérlendis og erlendis, og hafa til dæmis Danir og Svíar verið tregir til að setja slíkar reglur í sinni stjórnsýslu. Þeir láta sér þó ekki til hugar koma að senda hreinræktaðar karlasendinefndir á þing Evrópuráðsins, enda slíkt fullkomlega tilgangslaust í baráttunni gegn kvótanum heimafyrir. Slíkt er heldur ekki gert í neinu ógáti og því hlýtur þessi skipan íslensku nefndarinnar að vekja upp spurningar um það hvað vaki fyrir Alþingi með þessari ráðstöfun. Er það vilji ríkisstjórnarinnar að sendinefndin verði send heim með skottið á milli fótanna? Og hvað hefur hún hugsað sér að gera í framhaldinu ef svo fer? Gætum við kannski fengið svör við því, eða kemur okkur það ekkert við frekar en aðrar furðuráðstafanir þessarar stjórnar?

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Icesave! Icesave!

Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, er ósátt við þá niðurstöðu Seðlabanka Íslands að skuldaleiðréttingarhugmyndir ríkisstjórnarinnar séu dýr og ómarkviss leið til þess að hjálpa íslenskum heimilum. Sjáið bara Icesave, Seðlabankinn vildi semja um Icesave, segir Vigdís, til sönnunar um að ekkert mark sé takandi á stofnuninni. Eftir sem áður er Seðlabanki Íslands ríkisstofnun sem á að vera stjórnvöldum til leiðsagnar um efnahagsleg málefni. Það er einkennileg staða ef formaður fjárlaganefndar ætlar ekki að treysta neinu sem þaðan kemur vegna afstöðu stofnunarinnar í óskyldu máli löngu fyrr.



### Þeirra eigin áhugasvið

Það verður ekki annað sagt en að nýkjörnir alþingismenn Íslendinga hafi látið nokkuð að sér kveða á sumarþingi. Þeir hafa tekið til máls um hitt og þetta, en athygli vekur hve margir þeirra kjósa að nota tíma sinn til að ræða mál sér nátengd – enda kannski ekki óeðlilegt að þeir hafi áhuga á þeim.

### Hraustlega gert

Þannig hefur Páll Valur Björnsson, fyrrverandi kennari við Fisktækniskóla Íslands, spurt menntamálaráðherra um stefnu hans í málefnum Fisktækniskóla Íslands, Vilhjálmur Árnason, fyrrverandi lögreglumaður, lýst þeirri skoðun sinni að lögreglan skuli fá að vopnast rafbyssum, bóndinn Haraldur Einarsson rekið á eftir Urriðafossvirkjun sem er nokkurn veginn í hlaðinu heima hjá honum, lögmaðurinn Brynjar Níelsson mælt með auknum fjárveitingum til dómstóla og ákæruvalds og Páll Jóhann Pálsson, meðeigandi stórútgerðar, talað fyrir lækkun veiðigjalds. Þetta er nokkuð góður árangur á ekki lengra tíma, og dæmin gætu þess vegna verið enn fleiri.



**stigur@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Samningur um sumarlestur

MENNING



**Sigþrúður Gunnarsdóttir**
ritstjóri

Það tíðkast sums staðar að senda skólabörn út í sumarið með lista yfir bækur sem þau ætla sér að lesa yfir sumarið. Með því vilja kennarar tryggja að lestrarfærnin sem búið er að byggja upp með ærinni fyrirhöfn allan veturinn tapist ekki niður í sumarfríinu.

Það þarf nefnilega að æfa lesturinn rétt eins og aðra færni, eigi maður að halda henni við eða jafnvel gera betur.

**➜ Ekkert býr barn betur undir lífið en góð lestrarfærni og hún fæst ekki nema með ástundun. Það stórkostlega er að sú ástundun getur falist í því að þvælast um með nornum og galdramönnum, eltast við bófa og hrekkjusvín, fljúga um á drekabaki eða glíma við tröllskessur.**

### Úti í sól, uppi í sófa, í bíl og á strönd

Það er líka sjálfsagt að nýta langa sumardaga og nætur til að lesa góðar bækur, hvort sem er úti í sólinni eða uppi í sófa á rigningardögum.

Bókin á heima í bílnum á ferðalaginu, tjaldinu og húsbílnum, handfarangrinum í flugvélinni, uppi á öræfum og á erlendri sólarströnd.

### Semjið við smáfólkið

Nú eru um tveir mánuðir þar til skóladyrnar verða opnaðar að nýju svo það er ekki seinna vænna að setjast niður með smáfólkinu og gera samning: hvað á að lesa margar bækur í sumarfríinu?

Síðan er upplagt að kíkja í bókabúð eða á bókasafnið og sjá hvað er í boði.

### Líflegri en margan grunar

Barnabókaútgáfan er líflegri en margan grunar svo auðveldlega má finna eitthvað nýtt og spennandi fyrir alla aldurshópa, svo ekki sé talað um þann gríðarlega fjársjóð sem liggur í eldri bókum. Verðlaun fyrir góða ástundun geta til dæmis verið nýjasta bókin eftir uppáhaldshöfundinn um leið og hún kemur út – nú eða gómsætur bragðarefur úr ísbúðinni.

Ekkert býr barn betur undir lífið en góð lestrarfærni og hún fæst ekki nema með ástundun. Það stórkostlega er að sú ástundun getur falist í því að þvælast um með nornum og galdramönnum, eltast við bófa og hrekkjusvín, fljúga um á drekabaki eða glíma við tröllskessur. Góða skemmtun!

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Sigríður Björg Tómasdóttir, *sigridur@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Normal Disorder, eða sjúklega normal?



HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir

Ég var í skemmtilegu fertugsafmæli um helgina í góðra vina hópi þar sem ýmislegt var skeggrætt eins og vant er og var umræðan lífleg. Þar hitti ég nokkra kollega mína auk annarra og snerist samtalið oftar en ekki um læknisfræðileg og heilsutengd málefni, en þau eru flestum hugleikin á þessum aldri þegar við erum að færast á „efri árin“ ef svo mætti segja. Einn af mínum gömlu skólafélögum var þarna líka, þekktur rithöfundur, margverðlaunaður og mærður fyrir sín skrif en einnig alkunnur vegna sterkra skoðana og skemmtilegra nálgana á málefni líðandi stundar.

Við vorum að ræða það hversu upptekin við erum orðin af því að setja einhvers konar skilgreiningar á allt og alla, ekki síst að reyna að sjúkdómsgreina fólk og börnin þess. Pínulítið eins og það hafi komist í tísku að vera með greiningu og að það sé alveg sjálfsagt að þessi og hinn sé með einhverja röskun sem þarfnist athygli, hvað þá meðferðar. Sem læknir fagna ég því auðvitað að okkur miði áfram og að við getum hjálpað fólki sem glímir við vanda, hver svo sem hann kann að vera. Margt hefur breyst á umliðnum árum og við erum orðin meðvitaðri um ýmis vandamál sem áður voru óþekkt eða höfðu ekki nafn. Gott dæmi um slíka greiningu er ADHD og hægt væri að nefna ýmsar fleiri eins og söfnunaráráttu, aðlögunarröskun og hegðunarraskanir ýmis konar.

**Stórstígar framfarir**

Síðastliðinn maí, á aðalfundi ameríska geðlæknafélagsins, var opinberaður endurbættur greiningarlisti fyrir geð- og hegðunarraskanir sem kallast DSM 5. Í honum er að finna skilgreiningar sem þarf til þess að hægt sé að setja fram ákveðnar sjúkdómsgreiningar á einstaklingi og hefur verið unnið sleitulaust í 10 ár að þessum endurbótum. Geðraskanir eru sennilega eitt það erfiðasta sem læknar fást við; um langt skeið hefur verið ákveðin dulúð um þá sjúkdóma og þeir eru fyrst á undanförnum árum að koma meira fram í sviðsljósið og umræðuna. Áhrifin eru geysileg þegar almenn vakning verður og spéhræðsla og skömm víkur í upplýstri umræðu eins og sést hefur í tengslum við þunglyndi og kvíða, sem eru algengustu raskanirnar sem fólk glímir við. Þá höfum við séð stórstígar framfarir eins og áður sagði í greiningu og meðferð raskana eins og ADHD, en slíkir einstaklingar voru iðulega taldir tossar og enduðu oftsinnis utanveltu bæði sem börn og fullorðnir.

**Eigum að fagna**

Við eigum að fagna því að við skulum vera að ná lengra í því að kryfja og greina hegðunarmynstur, gefa þeim nöfn og skilgreiningar og þannig auðvelda okkur að þróa viðbrögð og meðhöndlun til þess að bæta líðan. Slíkt er gott en í þessum anda er auðvelt að átta sig á því að það er nánast hægt að setja slík skilmerki fyrir hvaða hegðun eða líðan sem er og þurfum við að forðast að sjúkdómsvæða of mikið hegðun eða atferli einstaklinga. Sérstaklega hættulegt er ef viðkomandi sem slengir slíku fram er ekki faglærður og með góða innsýn í heim geðraskana. Það getur nefnilega sært mjög að vera uppnefndur með sjúkdómsgreiningu, það er líklega verra en margt annað.

Vonandi tekst okkur sameiginlega að breyta því viðhorfi sem ríkt hefur gagnvart geðröskunum enn frekar og að í huga almennings séu þær jafn rétthá- ar eins og aðrir sjúkdómar sem við glímum við dags daglega. Þá verður þeim heldur ekki beitt í þeim tilgangi að stríða eða níðast á öðrum. Við segjum til dæmis ekki helvítis lungnasjúklingurinn þinn þegar við ætlum að skammast en orð eins og vangefinn, ofvirkur, taugahrúgan þín, eða ertu með athyglisbrest eru farin að heyrast meira sem skammaryrði en áður var. Við þurfum að breyta því!

Í þessu samhengi fóru á flug heimspekilegar vangaveltur um það hvað þyrfti til. Lausnin væri kannski að allir fengju einhvers konar greiningu. Ein tillagan var ekki alslæm og kom frá téðum rithöfundi, en nafn hennar var Normal Disorder, eða það að vera sjúklega normal. Líklegt er að greiningarskilmerki á slíku myndu vefjast mjög fyrir fagfólkinu enda þyrfti að útiloka allt annað fyrst sem gefur fólki lit og karakter. Slík greining væri líka afar vont uppnefni.

> Geðraskanir eru sennilega eitt það erfiðasta sem læknar fást við og hefur um langt skeið verið ákveðin dulúð um þá sjúkdóma og þeir eru fyrst á undanförnum árum að koma meira fram í sviðsljósið og umræðuna.

## AF NETINU

### Skert þjónusta?

Með frumvarpi sem nú er til umræðu í þinginu og rúmlega 33 þúsund Íslendingar hafa, þegar þetta er skrifað, mótmælt með undirskrift á slóðinni www.veidigjald.is fylgir umtalsvert tekjutap fyrir ríkissjóð sem fyrir er í viðkvæmri stöðu. Það er ástæða til að hafa áhyggjur af afleiðingum tekjutapsins og að það bitni helst á velferðarkerfinu. Ástæða er til að hafa áhyggjur af því að almenningur finni áþreifanlega fyrir tekjutapinu með skertri þjónustu.

http://blog.pressan.is
*Oddný Harðardóttir*

### Falleinkunn

Umsagnir Seðlabankans og Samtaka atvinnulífsins vegna skuldaleiðréttingar eru áfall fyrir ríkisstjórnina. Í stuttu máli segja Seðlabankinn og SA að ekkert vit sé í þessum áformum. Þeim fylgi efnahagsleg áhætta, með þeim verði erfiðara að afnema gjaldeyrishöft og þau gagnist lítt þeim sem eiga við mestan skuldavanda að stríða. Eiginlega er þetta falleinkunn, en þarf kannski ekki að koma svo mjög á óvart. Margir sjálfstæðismenn höfðu uppi svipaðan málflutning fyrir kosningar. Það verður líka erfitt að svara þessu með því að þarna sé einhver stjórnarandstöðuspuni.

http://eyjan.pressan.is
*Egill Helgason*

# Vildirðu láta opna bréfin þín?



INTERNETIÐ
Ögmundur Jónasson
alþingismaður

> ➜ Fáir komast þó með tærnar þar sem bandaríska leyniþjónustan og Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna hafa hælana þegar kemur að því að brjóta á fólki mannréttindi með persónunjósnum.

Á tímum Kalda stríðsins ástunduðu leyniþjónustur austantjalds að fylgjast svo vel með aðkomumönnum að bréf þeirra voru iðulega opnuð og skoðuð. Sama gilti um innlent fólk sem grunað var um að ógna öryggi ríkisins eins og það hét. Þetta þótti flestum ofbeldi af verstu sort og bera vott um litla virðingu fyrir mannréttindum. En þetta voru aðferðir eftirlitsþjóðfélagsins. Sjálfur hef ég heimsótt leyniþjónustustofnanir þar sem njósnir af þessu tagi eru stundaðar. Mér er minnisstætt að koma inn í herbergi þar sem sendibréf einstaklinga voru opnuð svo fagmannlega að engin verksummerki voru skilin eftir. Ég þurfti ekki að fara lengra en til Norðurlandanna til að kynnast slíku. Ég skal játa að mér hraus hugur við því þegar meirihluti virtist í uppsiglingu á Alþingi á síðasta kjörtímabili að við færum inn á sömu braut, stofnuðum leyniþjónustu og gæfum henni heimild til að njósna að vild!

Fáir komast þó með tærnar þar sem bandaríska leyniþjónustan og Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna hafa hælana þegar kemur að því að brjóta á fólki mannréttindi með persónunjósnum.

Upplýst hefur verið um tvo Íslendinga sem án sinnar vitundar hafa í tvö ár verið undir sérstöku eftirliti af hálfu þessara aðila og í tilviki annars einstaklingsins hafi bandaríska leyniþjónustan skoðað allan tölvupóst hans, öll tölvugögn, þar með talið uppköst og færslur á bankareikningum, í stuttu máli allar upplýsingar sem viðkomandi einstaklingi tengdust og nálgast mátti í gegnum aðkomu hans á netinu.

**Eltir á röndum**

Kunnugir telja að ástæðan sé meint samskipti mannanna við Wikileaks, sem drýgði þann „glæp“ að koma á framfæri við fjölmiðla upplýsingum sem tengdust hernaðarvél Bandaríkjanna, þar á meðal myndum af grimmdarverkum Bandaríkjahers í Írak og Afganistan. Fyrir þessar sakir eru forsvarsmenn Wikileaks eltir á röndum og þá sérstaklega Julian Assange, sem bandaríska leyniþjónustan hefur hvað eftir annað reynt að egna fyrir til að koma honum undir lás og slá.

**Íslendingar beiti sér**

Sumarið 2011 átti að fá íslensk yfirvöld til fylgilags í þessum ljóta leik en það fór út um þúfur sem kunnugt er. Bandaríkjamönnum var bent á að án heimilda – sem þeir ekki höfðu – mættu þeir ekki sinna lögreglustörfum hér á landi. Nú hefur hins vegar komið á daginn að þeir þurfa ekki að stinga hér niður fæti til að njósna um íslenska ríkisborgara. Netfyrirtækin hafa verið skylduð til að láta bandarísku leyniþjónustunni upplýsingar í té ef öryggishagsmunir eru taldir vera í húfi.

Fram hefur komið í skoðanakönnunum að almenningi líst ekki á blikuna, hvorki vestan hafs né austan. Hvernig ætti annað að vera eða vildir þú láta mannréttindabrjóta opna bréfin þín?

Það er mín skoðun að Íslendingar eigi að beita sér í þeim átökum sem nú fara í hönd um mannréttindi í netheimum.




# Lyklalög, bót eða böl

FJÁRMÁL



Þórólfur Matthíasson
hagfræðiprófessor

Allt frá hruni fjármálakerfisins íslenska hafa ítrekað komið upp hugmyndir um að breyta lagaákvæðum um uppgjör veðlána þar sem íbúðarhúsnæði er veðandlag. Gildandi reglur kveða á um að lán skuli gert upp með peningum í samræmi við skilmála en að verði greiðslufall geti lánveitandi, að gefnum skilyrðum, gengið að veðinu, selt það og notað andvirðið sem uppígreiðslu í lánið. Dugi verðmæti veðsins ekki til greiðslu eftirstöðva getur lánveitandi krafist greiðslu á eftirstöðvum. Skirrist lántaki við getur lánveitandi farið fram á að lántaki vísi á aðrar eignir eða lýsi sig eignalausan. Lántaki getur lýst sig gjaldþrota og fyrnast þá eftirstæðar kröfur á tveimur árum eftir að skiptum lýkur (þessi tími var styst 4 ár og allt að 20 ár áður en lög nr. 142/2010 tóku gildi).

Svokölluð lyklalög myndu breyta þessu ferli töluvert. Þau myndu heimila lántaka að gera upp veðlán með íbúðarhúsnæði sem veðandlag með veðinu sjálfu í stað peninga hvenær sem er á greiðslutíma lánsins.

### Bót?

Talsmenn lyklalaga hafa ávallt gengið út frá því að slík lög hefðu sömu réttaráhrif á þegar gerða lánasamninga og nýja samninga. Séu lögin látin taka til þegar gerðra lánasamninga munu lánveitendur væntanlega láta reyna á hvort um skerðingu á eignaréttindum sé að ræða. Séu dómstólar því sammála mun ríkissjóður þurfa að greiða skaðabætur. Látum það liggja milli hluta. Lyklalög myndu veita eigendum yfirskuldsettra eigna færi á að lækka skuldir. Hvert greiðslubyrði þeirra lækkar fer eftir því hvernig til tækist með kaup eða leigu á annarri eign í stað þeirrar sem yfirgefin væri. En hverjir myndu njóta góðs af? Eðlilega aðeins þeir sem sitja í yfirveðsettu húsnæði. Líklega borgar sig ekki fyrir nokkurn mann sem skuldar upp að 110% af verðmæti eignar sinnar að láta bankann hafa lyklana. Ástæðan er sú að leigjendur njóta ekki jafn mikils skattahagræðis af búsetuforminu og eigendur og því er kostnaður af leigu íbúðar talsvert meiri en kostnaður tengdur greiðslum af láni (og viðhalds) vegna sömu íbúðar. Nú, flestir þeirra sem skulda meira en 110% af verðmæti eignar sinnar gera það vegna þess að þeir uppfylltu ekki skilyrði niðurfellingar samkvæmt samkomulagi um svokallaða 110% leið og/eða sóttu ekki um sértæka skuldaaðlögun samkvæmt lögum númer 107/2009 um lækkun skulda. Þessir aðilar eiga það sammerkt að vera í mjög dýru húsnæði og/eða eiga verulegar skráðar, óskuldsettar eignir. Þ.e.a.s. þetta eru aðilar sem Alþingismenn töldu árið 2009 ættu ekki að njóta almennra skuldaniðurfellinga.

### Böl?

Lyklalög munu kalla á breytt vinnubrögð lánastofnana. Áhætta tengd breytingum á fasteignaverði mun verða meiri en að óbreyttum lögum. Lánastofnanir geta brugðist við með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi er líklegt að upphæð hámarksláns sem hlutfall af verðmæti húsnæðis verði lækkað. Í öðru lagi gætu lánastofnanir gert kröfu um víðtækari veðsetningu. Í þriðja lagi gætu lánastofnanir sett mjög þrengjandi endurskoðunarákvæði í lánasamninga. Allt þýðir þetta að erfiðara verður að kaupa fyrstu íbúð en nú er. Nú er hámarkslán 80% af verðmæti húsnæðis sem þýðir að einstaklingar þurfa að leggja fram 4 milljónir króna eiginfé við kaup 20 milljón króna íbúðar. Lækki hámarkslán í 60% eykst þessi eiginfjárkrafa í 8 milljónir. Í fjórða lagi geta lánastofnanir hækkað vexti húsnæðislána til að vega upp á móti þeirri aukningu útlánaáhættu sem ekki tekst að taka á með lækkun hámarksláns. Í fimmta lagi geta lánastofnanir takmarkað aðgang þess sem eitt sinn hefur nýtt sér að skila inn lykli að bankaviðskiptum. Þannig gæti viðkomandi átt í erfiðleikum með að fá kreditkort, bílalán, húsnæðislán og námslán.

### Niðurstaða

Fyrir kosningar árið 2003 lofaði Framsóknarflokkurinn ungu fólki að auðvelda þeim að eignast sína fyrstu íbúð með því að hækka hámarkslán Íbúðalánasjóðs í 90% af verðmæti húsnæðis. Í kjölfarið fór af stað mikill darraðardans sem endaði með því að inngangsmiðinn á húsnæðismarkaðinn hækkaði og lækkaði ekki. Skoða verður áður en til lögfestingar kemur hvort lyklalög muni hafa svipuð áhrif og gera ungu

**➜ Svokölluð lyklalög myndu breyta þessu ferli töluvert. Þau myndu heimila lántaka að gera upp veðlán með íbúðarhúsnæði sem veðandlag með veðinu sjálfu í stað peninga hvenær sem er á greiðslutíma lánsins.**

fólki enn erfiðara fyrir en nú er að eignast sína fyrstu íbúð en nú er. Hugsanlega eykst hlutdeild leiguhúsnæðis sem búsetuúrræðis varanlega. Eðlilega spyrja kjósendur hvort slík niðurstaða væri í anda stefnu stjórnarflokkanna beggja. Nái lyklalög til þegar gerðra samninga mun það fyrst og fremst gagnast fólki sem Alþingi ákvað árið 2009 að ekki þyrfti að hjálpa vegna góðrar eignastöðu eða vegna mikillar greiðslugetu. Þá er einnig talsverð hætta á að afturvirk lyklalög kalli á fjárútlát ríkissjóðs vegna eignarnámsbótakrafna frá lánastofnunum. Lyklalög gætu því orðið til þess að lækka lánshlutfall og hækka vexti og jafnvel auka útgjöld ríkissjóðs umtalsvert. Lyklalög væru því vafasöm réttarbót.

# Trúfrelsisstefna Siðmenntar

TRÚMÁL



Gunnar Jóhannesson
sóknarprestur

Ég óska Siðmennt til hamingju með þann áfanga að fá fyrst lífsskoðunarfélaga formlega skráningu innanríkisráðuneytisins sem slíkt. Með því er brúað bil á milli lífsskoðunarfélaga og trúfélaga, staða þeirra er jöfnuð til muna, og var sú bragarbót tímabær. Siðmennt hlýtur aukin réttindi, þar á meðal hlutdeild í tekjuskatti sem fram til þessa hefur runnið til trúfélaga, svokölluð sóknargjöld. Athafnir á vegum Siðmenntar fá einnig lögformlegt gildi, þar sem við á.

Í tilefni af skráningu félagsins sem lífsskoðunarfélag áréttaði Sigurður Hólm Gunnarsson (www.visir.is, 7. maí) að stefna þess í trúfrelsismálum væri „skýr og óbreytt“:

- „Siðmennt lítur svo á að sannfæringarfrelsi, trúfrelsi og tjáningarfrelsi teljist til almennra lýðréttinda. Þau skuli ná til allra og þau megi hvorki afnema né skerða undir neinum kringumstæðum.
- Félagið telur að hið opinbera (ríkið, stjórnkerfið, þingið, dómskerfið, mennta- og heilbrigðiskerfið) eigi að starfa eftir veraldlegum leikreglum og án merkimiða einstakra trúar- eða lífsskoðunarfélaga.“

### Mótsagnakennd stefna

Þessi yfirlýsing er umhugsunarverð! Hvað fyrrnefnda atriðið varðar skal tekið undir það. Ekki ber að setja frelsi fólks til skoðana, hugsunar og tjáningar skorður, að svo miklu leyti sem það sé ekki til skaða. Það ætti að vera öllum keppikefli að tryggja samfélagslega umgjörð sem gerir fólki kleift að ræða tæpitungulaust kosti og galla ólíkra skoðana á lífinu öllum til hagsbóta.

Slíkt markmið virðist þó falla illa að seinna atriðinu í yfirlýsingu Siðmenntar því einkennilegt er að leggja áherslu á skilyrðislausan rétt fólks til trúar en binda trú því næst á bás einkalífsins. Með því er trúfrelsinu settar skorður og það takmarkað.

Burtséð frá því hljótum við að spyrja hvort krafan að „hið opinbera ... starf[i] eftir veraldlegum leikreglum og án merkimiða einstakra trúar- eða lífsskoðunarfélaga“ sé runnin af rótum tiltekinnar lífsskoðunar? Að sjálfsögðu er hún það! Henni er hér teflt fram á kostnað annarra lífsskoðana.

Allir lifa í ljósi tiltekinnar lífsskoðunar – hvort sem hún grundvallast á þeirri trú að Guð sé til eða þeirri trú að Guð sé ekki til – og túlka lífið í ljósi hennar. Siðmennt byggir stefnu sína á siðrænum húmanisma sem er veraldleg lífsskoðun. Það er athyglisvert að á grundvelli þeirrar lífsskoðunar telur Siðmennt að hið opinbera svið eigi að mótast af „veraldlegum leikreglum“ en „án merkimiða einstakra trúar- eða lífsskoðunarfélaga“.

Það er erfitt að komast hjá því að álykta að krafa Siðmenntar sé í raun sú að hið opinbera svið eigi eingöngu að bera vitni um þá veraldlegu lífsskoðun sem félagið sjálft stendur vörð um, að þar sé að finna hlutlaust viðmið sem allir skuli sammælast um. Það sem í raun skal einkenna samfélagið er hin þögla ásjóna veraldarhyggjunnar, guðleysi og/eða efahyggja. Hið trúarlega skal ekki fá neitt rými. Þessu er haldið fram í kjölfar þeirrar ítrekunar að „sannfæringarfrelsi, trúfrelsi og tjáningarfrelsi teljist til almennra lýðréttinda“ sem „megi ekki skerða undir neinum kringumstæðum“.

### Umburðarlyndi hverra?

Það hefur verið kallað eftir því að fólk skrái sig í Siðmennt í nafni umburðarlyndis, jafnréttis og trúfrelsis. Það er öllum frjálst að gera. En er það samfélag, sem útilokar opinberan sýnileika trúar, eins og Siðmennt kallar eftir, hlutlaust samfélag með umburðarlyndi, jafnrétti og trúfrelsi að leiðarljósi? Nei! Að mínu viti er það einfaldlega samfélag sem útilokar opinberan sýnileika trúar og ber þess í stað óhjákvæmilega vitni um veraldlega lífsskoðun.

Í ljósi þess að krafa Siðmenntar er sú að hið opinbera svið sé ósnortið af einstaka lífsskoðunum á það vitanlega einnig við um þá lífsskoðun sem Siðmennt byggir starfsemi sína og kröfur á. Siðrænir húmanistar geta ekki undanskilið eigin lífsskoðun hvað það varðar. Að öðrum kosti eru þeir í mótsögn við sjálfa sig. Að segja að opinberlega skuli samfélagið vera veraldlegt í eðli sínu en óháð lífsskoðunum er merkingarleysa og sýnir að Siðmennt fellur um sig sjálfa. Í henni felst í raun að Siðmennt hefur engan rétt til að krefjast þess að kristin trú, svo dæmi sé tekið, verði útilokuð frá hinu opinbera sviði. Krafa Siðmenntar reynist merkingarlaus hvort sem á hana er fallist eða ekki. Á hvorn veginn sem er á veraldleg heimsskoðun – eða „leikreglur“, eins og það er orðað – ekkert sérstakt tilkall til hins opinbera sviðs.

**➜ Það er erfitt að komast hjá því að álykta að krafa Siðmenntar sé í raun sú að hið opinbera svið eigi eingöngu að bera vitni um þá veraldlegu lífsskoðun sem félagið sjálft stendur vörð um, að þar sé að finna hlutlaust viðmið sem allir skuli sammælast um.**

Landsvirkjun

Bíltúr á Búrfell

Gagnvirka orkusýningin í Búrfellsstöð við Þjórsá er skemmtileg og lærdómsrík fyrir fólk á öllum aldri. Akstur frá Reykjavík tekur aðeins um eina og hálfa klukkustund og við erum alltaf með heitt á könnunni. Skammt fyrir norðan stöðina standa vindmyllur Landsvirkjunar, þær fyrstu sinnar gerðar á Íslandi. Alla laugardaga í júlí tekur starfsfólk á móti gestum við vindmyllurnar kl. 13–17.

Gestastofur Landsvirkjunar eru opnar frá kl. 10–17 alla daga í allt sumar:

Búrfellsstöð
Gagnvirk orkusýning og vindmyllur á Hafinu

Kröflustöð
Jarðvarmasýning í gestastofu

Fljótsdalsstöð
Gestastofa í Végarði og leiðsögn um Kárahnjúka mið. og lau. frá kl. 14–17. *Nánari upplýsingar á www.landsvirkjun.is/heimsoknir*

3 m/s – raforkuframleiðsla hefst

15 m/s

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

# Hvenær telst maður gamall?

SAMFÉLAG



Sigurbjörg Hannesdóttir



Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir
deildarstjórar iðjuþjálfunar á Hrafnistuheimilinum

Hvenær telst maður gamall? Er það þegar maður stendur frammi fyrir þeirri ákvörðun að þurfa að flytjast burt af heimili sínu, heimili til áratuga jafnvel, og inn á öldrunarheimili? Á efri árum standa margir frammi fyrir þeim veruleika og eðlilegt er að þá leiti á hugann hvað taki við sem gefi lífinu gildi á slíkum stað. Sumir gætu efast um að það væri margt. Er öldrunarheimili ekki sá staður sem fólk kemur til að deyja á, gætu jafnvel einhverjir spurt. Auðvitað er það svo að öldrunarheimili eru í flestum tilvikum síðasta heimili íbúa á lífsleiðinni. En það er hins vegar fjarri lagi að þar ríki drungi og deyfð, þó svo að líkaminn sé oft á tíðum farinn að gefa sig og minnið orðið gloppótt. Reynsla margra er sú að oft á tíðum kviknar lífsneistinn aftur eftir að viðkomandi flyst á öldrunarheimili og þá aukist lífsgæði á ný. Einmanaleiki og kvíði minnkar, félagsleg virkni og sjálfsöryggi eykst.

Viðhorf hvers og eins til lífsins og persónulegar aðstæður hafa að sjálfsögðu mikil áhrif á þá upplifun sem fylgir flutningi á öldrunarheimili. Miklu máli skiptir að þar sé notalegt og umhverfið hvetjandi og fullt af tækifærum. Við þær aðstæður eru góðir möguleikar til að lifa við mikil lífsgæði, gleði og möguleika til að takast á við ný hlutverk sé viljinn fyrir hendi.

**Nýjar tómstundir**

Reynsla margra er að á öldrunarheimili öðlist íbúar á ný tækifæri til að kynnast nýjum tómstundum af margvíslegu tagi og þeim áhugamálum sem setið hafa á hakanum lengi. Margir nýta sér aðstöðuna og fara í sund og leikfimi, taka þátt í útiveru og njóta samverustunda með öðru fólki í ríkari mæli en áður var. Aðrir nýta tækifærið og halda áfram að þroskast og læra nýja hluti.

**Getan meiri en margur heldur**

Þrátt fyrir háan aldur eða heilsubrest hefur það sýnt sig í iðjuþjálfun Hrafnistuheimilanna að ýmsir möguleikar eru fyrir hendi, það er ef viljinn er til staðar hjá einstaklingnum. Það kemur gjarnan mörgum íbúum og aðstandendum þeirra á óvart hversu mikil getan er í raun og veru. Tími til tómstunda, vilji til verka, jákvætt og vinalegt viðmót starfsfólks og heimilislegt en jafnframt hvetjandi umhverfi þar sem fagfólk á sviði iðjuþjálfunar veitir ríka aðstoð eru í þessu sambandi þau lykilatriði sem ráða miklu um árangurinn.

**➜ Reynsla margra er sú að oft á tíðum kviknar lífsneistinn aftur eftir að viðkomandi flyst á öldrunarheimili og þá aukist lífsgæði á ný. Einmanaleiki og kvíði minnkar, félagsleg virkni og sjálfsöryggi eykst.**



**Hlutverk iðjuþjálfa**

Iðjuþjálfar veita margvíslega og fjölbreytta þjónustu sem er aðlöguð getu og þörfum hvers sem á þarf að halda. Við iðjuþjálfun er meðal annars notast við ýmis hjálpartæki, ásamt því að veita hagnýta fræðslu og ráðgjöf. Markmiðið er að styðja einstaklinginn til að taka þátt á þeim sviðum sem veita honum ánægju og skipta hann máli. Sú iðja getur þróast og mótast í samstarfi iðjuþjálfans og einstaklingsins, því þjónustan við hvern og einn tekur mið af þörfum og óskum þeirra sem njóta.

Um þessar mundir er um áratugur síðan fyrsti iðjuþjálfinn hóf störf á Hrafnistu. Þeir eru nú sjö og verða enn fleiri frá og með næsta hausti. Iðjuþjálfar hafa umsjón með daglegu félagsstarfi á heimilunum í heild og einnig vinnustofum, þar sem stundað er fjölbreytt handverk, svo sem smíðar, myndlist, leirlist, glerlist og margt fleira. Iðjuþjálfarnir skipuleggja einnig framkvæmd kvöldskemmtana, ferðalaga og annarra viðburða og því er oft mikið líf í tuskunum.

**Framtíðin**

Á tölvuöld fleygir tækninni sífellt fram. Þeir sem nú eru í blóma lífsins velta kannski ekki endilega fyrir sér hvernig lífið verði á öldrunarheimilunum í framtíðinni. En hvernig verður veruleikinn árið 2030? Internetkaffihús á öllum öldrunarheimilum? Sannleikurinn er sá að það er nú þegar til staðar á Hrafnistu. Við hvetjum lesendur til að kynna sér nánar starfsemi Hrafnistu og þá fjölbreyttu iðjuþjálfun sem þar er í boði með því að heimsækja heimasíðu heimilanna – eða líta við á Facebook!

## AF NETINU

### Hrollvekjandi

Umhverfisráðherra endurskoðar friðlýsingu Þjórsárvera.“ Þessi fjögur orð eru beinlínis hrollvekjandi.

Hvernig gerðist þetta – að meintur umhverfisráðherra láti sér detta annað í hug en stefna eindregið að hinni ýtrustu friðlýsingu þeirrar ómetanlegu náttúruperlu sem Þjórsárver eru?

http://blog.pressan.is

*Illugi Jökulsson*








Þökkum einlæga vináttu og hlýhug við andlát og útför

**ELLENAR BJARNADÓTTUR (LELLU)**
**Naustahlein 22, Garðabæ.**

**Guðmundur Sigurjónsson**
**Rannveig Guðmundsdóttir** **Símon Ægir Gunnarsson**
**Helga Guðmundsdóttir** **Jón Guðmundsson**
**Alma Guðmundsdóttir** **Björn Jóhann Björnsson**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**RÓSAMUNDA BREIÐFJÖRÐ GUNNARSDÓTTIR TAYLOR**
**Herriman, Utah**

lést fimmtudaginn 20. júní í Utah í Bandaríkjunum. Útför hennar fer fram þriðjudaginn 25. júní í Utah.

**Robert Lee Taylor**
**Robert Lee Taylor jr.** **Sande Taylor**
**Joshua Lee**
**Cameron Ryan**
**Kylie Ann**
**Raef Michael**

---



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, sonar, tengdasonar, bróður og frænda,

**INGÓLFS JÚLÍUSSONAR**
**Öldugötu 7a**

Sérstakar þakkir færum við öllum þeim sem studdu Ingólf í erfiðum veikindum, og starfsfólki deilda 11 G og E á Landspítalanum.

**Fyrir hönd annarra vandamanna,**
**Monica Haug.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**FRIÐRIKS JÓELSSONAR**
**Hörgslundi 17, Garðabæ.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk deildar 13G á Landspítala og starfsfólk Ísafoldar, hjúkrunarheimilis, fyrir alúð og nærgætni.

**Valdís Guðjónsdóttir**
**Friðrik Ingvar Friðriksson** **Þuríður Sigurðardóttir**
**Guðjón Erling Friðriksson** **Fanney Óskarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur samúð, vináttu, kærleika og umhyggju við andlát og útför okkar ástkæra og besta vinar,

**ELÍASAR EGILS GUÐMUNDSSONAR**
**fyrrverandi flugvélstjóra**
**Brautarlandi 22.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar 11e Landspítala og læknum Ásgerði Sverrisdóttur og Brynjari Viðarssyni fyrir alla þá umhyggju, hlýju, alúð og nærgætni sem þau öll veittu honum og okkur líka. Og einnig hjúkrunarfólki Karitas.

Guð blessi ykkur öll.

**Guðný Sigurðardóttir**
**Guðlaugur Ágúst Elíasson** **Guðrún Júlíusdóttir**
**Kristján Elíasson** **Sesselía Jónsdóttir**
**Erla Elíasdóttir** **Gunnar Hjálmaesson**
**Elías Egill Elíasson** **Cynthia Nkeiru Elíasson**
**afabörn og langafabörn**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUNNLAUGUR PÁLMI STEINDÓRSSON**
**forstjóri**
**Sóltúni 10, Reykjavík,**

andaðist á heimili sínu þann 21. júní.

**Steindór Gunnlaugsson** **Halldóra Lydía Þórðardóttir**
**Haraldur Páll Gunnlaugsson** **Bolette Møller Christensen**
**Bryndís Dögg Steindórsdóttir** **Haukur Eggertsson**
**Gunnlaugur Egill Steindórsson**
**Emilía Björk Hauksdóttir**

---

# Vilhjálmur tók við á Bifröst í gær

## Vilhjálmur Egilsson tók formlega við af Bryndísi Hlöðversdóttur í gær.

Formleg rektorsskipti við Háskólann á Bifröst voru í gær þegar Bryndís Hlöðversdóttir hætti störfum sem rektor og Vilhjálmur Egilsson tók við rektorsstöðunni.

Guðsteinn Einarsson, formaður stjórnar skólans, þakkaði Bryndísi fyrir vel unnin störf í þágu skólans. Hann sagði Bryndísi hafa tekið við skólanum á erfiðum tíma og leitt skólann áfram að bjartari framtíð.

Vilhjálmur Egilsson sagði við tilefnið að það hafi verið skjót ákvörðun að sækja um rektorsstöðuna á Bifröst og jafnframt að hann væri þakklátur fyrir að vera kominn á Bifröst. Hann þakkaði þeim Bryndísi og Jóni Ólafssyni aðstoðarrektor fyrir að hafa stýrt skólanum styrkri hendi í gegnum erfiða tíma í íslensku samfélagi. Hann sagði jafnframt að hann tæki við góðu búi og að hann hlakkaði til að takast á við skólastarfið á Bifröst.

Bryndís Hlöðversdóttir mun áfram starfa við Háskólann á Bifröst við kennslu á lögfræðisviði.

Vilhjálmur var þingmaður fyrir Sjálfstæðisflokkinn á árunum 1991-2003. Hann var formaður Samtaka atvinnulífsins frá 2006 þar til fyrr á þessu ári.



**VIÐ REKTORSSKIPTI** Vilhjálmur þakkaði Bryndísi vel unnin störf í gær.

**ÞETTA GERÐIST:** 26. JÚNÍ 1963

# Kennedy flytur Berlínarræðuna

„Ich bin ein Berliner" eða eins og það útleggst á íslensku: „Ég er Berlínarbúi." Þessa fleygu setningu sagði John F. Kennedy í frægri ræðu sem hann flutti þennan dag árið 1963 í Vestur-Berlín. Með ræðu sinni var Kennedy að leggja áherslu á stuðning Bandaríkjanna við lýðræðislegt Vestur-Þýskaland stuttu eftir að Sovétríkin lýstu yfir stuðningi við Austur-Þýskaland kommúnismans.

Berlínarmúrinn skildi Austur- og Vestur-Berlín að á þessum tíma. Ræðan sem Kennedy flutti var talin hans allra besta ræða og hún hafði áhrif á mjög marga. Ræðan var mikil vakning fyrir íbúa Vestur-Berlínar þegar Kennedy flutti ræðuna af svölum ráðhússins í Schönenberg. Setninguna frægu ákvað Kennedy á síðustu stundu áður en hann steig fram á svalirnar. Einhverjir höfðu áhyggjur af því að Kennedy hefði gengið of langt með þessu athæfi en það reyndist vera fjarri lagi. Víðs vegar í Berlín má finna minnisvarða frá þessum tíma og setning Kennedys mun lifa um ókomna tíð.



---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, bróðir, tengdasonur og mágur,

**ÓLAFUR E. RAFNSSON**
**lögmaður, forseti ÍSÍ**
**og forseti FIBA Europe**
**Miðvangi 5, 220 Hafnarfirði**

var bráðkvaddur í Sviss miðvikudaginn 19. júní. Útförin fer fram fimmtudaginn 4. júlí kl. 15:00 í Hallgrímskirkju.

**Gerður Guðjónsdóttir**
**Auður Íris, Sigurður Eðvarð og Sigrún Björg Ólafsbörn**
**Rannveig E. Þóroddsdóttir** **Rafn E. Sigurðsson**
**Sigþór R. Rafnsson**
**Elísabet Rafnsdóttir**
**Auður Jörundsdóttir**
**Sigurður Guðjónsson** **Guðríður Guðfinnsdóttir**
**Þjóðbjörg Guðjónsdóttir**
**Ágústa Guðjónsdóttir** **Gert Fisker Tomczyk**

---



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞÓRA STEINGRÍMSDÓTTIR**
**Þangbakka 10**

lést laugardaginn 15. júní á Hrafnistu í Reykjavík. Jarðarförin fer fram frá Breiðholtskirkju fimmtudaginn 27. júní kl. 15.00.

**Ívar Þór Þórisson** **Helga Björnsdóttir**
**Þóra Ívarsdóttir**
**Björn Gauti Ívarsson**
**Ívar Máni Ragnarsson**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**STEINGRÍMUR GARÐARSSON**
**Birkihlíð 5**
**550 Sauðárkróki**

lést fimmtudaginn 20. júní. Útför fer fram frá Sauðárkrókskirkju 27. júní kl. 14.00.

**Baldvina Þorvaldsdóttir**
**Sigurlaug Steingrímsdóttir** **Guðmundur Gíslason**
**Garðar Haukur Steingrímsson** **Halla Rögnvaldsdóttir**
**Kári Gunnarsson**
**Sigríður Steingrímsdóttir** **Þorsteinn Einarsson**
**Þorvaldur Steingrímsson** **Svanhvít Gróa Guðnadóttir**
**Sævar Steingrímsson** **Ingileif Oddsdóttir**
**Friðrik Steingrímsson** **Steinvör Baldursdóttir**
**Bylgja Steingrímsdóttir** **Auðunn Víglundsson**
**Steingrímur Steingrímsson** **Sæunn Eðvarðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HALLGRÍMUR SÆMUNDSSON**
**kennari**
**Goðatúni 10, Garðabæ**

andaðist á heimili sínu laugardaginn 22. júní.

**Lovísa Óskarsdóttir**
**Óskar Hallgrímsson** **Elín Björg Magnúsdóttir**
**Vigfús Hallgrímsson**
**Kristín Hallgrímsdóttir** **Arnór Snorrason**
**Þorsteinn Hallgrímsson** **Auður Egilsdóttir**
**Guðrún Hallgrímsdóttir** **Guðmundur Ýmir Bragason**
**Hallmundur Hallgrímsson** **Asti Tyas Nurhidayati**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, tengdadóttir, systir og mágkona,

**GUÐLAUG BRYNJARSDÓTTIR**
**Reykjafold 9, Reykjavík,**

lést mánudaginn 17. júní. Hún verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 26. júní klukkan 13.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið, stuðningsmiðstöð.

**Gunnar Steinþórsson**
**Brynjar Þór Gunnarsson**
**Sindri Freyr Gunnarsson**
**Friður Björnsdóttir** **Brynjar Júlíusson**
**Lilja G. Sigurðardóttir** **Steinþór Ingvarsson**
**Björn Brynjarsson**
**Júlíus Brynjarsson** **Þóra Hreinsdóttir**
**Kristín Brynjarsdóttir** **Pétur Óskarsson**
**Guðrún Brynjarsdóttir** **Skúli Skúlason**
**Halldór Brynjarsson** **Guðrún Þórðardóttir**
**Anna Sigríður Brynjarsdóttir** **Halldór Grétar Einarsson**
**Katrín Brynjarsdóttir** **Hjörleifur Steinarsson**
**Sigurður I. Steinþórsson**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSDÍS MAGNÚSDÓTTIR**
**húsfreyja á Staðarbakka,**

verður jarðsungin frá Staðarbakkakirkju miðvikudaginn 26. júní kl. 14.00.
Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hollvinasamtök Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga.

**Margrét Benediktsdóttir** **Ólafur H. Jóhannsson**
**Ingimundur Benediktsson** **Matthildur G. Sverrisdóttir**
**Jón M. Benediktsson** **Þorbjörg J. Ólafsdóttir**
**Rafn Benediktsson** **Ingibjörg Þórarinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



## KRYDD Í MATINN

**Margar kryddjurtir er einfalt að rækta en þær lífga mikið upp á matargerðina. Timjan, dill, óreganó, steinselja og minta eru kryddtegundir sem þola vel íslenska veðráttu. Rósmarín er vandmeðfarnari en þó vel hægt að rækta á svölunum eða pallinum. Basil er hins vegar inniplanta.**

ÚTSALA!
WEEKEND
MaxMara
MARINA RINALDI
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770



friendtex
40 %
AFSLÁTTUR
AF NÝJU FLOTTU FÖTUNUM
KÍKTU VIÐ EF ÞÚ ERT AÐ LEITA AÐ VÖNDUÐUM FATNAÐI
opnunartími: mánud-föstud 11.00-18.00
Lokað á laugardögum
Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is



GLÆSILEGAR
Fást í hvítu og svörtu
í stærðum M.L.XL,2X
á kr. 1.995,-
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur





# ÖFLUG SKORDÝRA-FÆLA ÁN EITUREFNA

**GENGUR VEL KYNNIR** *Ekki láta flugna- eða flóabit eyðileggja fríið.*

Effitan kom á markað hér á landi vorið 2011 og hitti strax í mark, enda um að ræða mjög áhrifaríka skordýrafælu án allra eiturefna. Hún virkar vel á flugur, flær, moskítóflugur og mý í allt að 8 tíma og er óhætt að bera á börn frá 3 mánaða aldri.

DEET-eiturefnið, sem hægt er að finna í sambærilegum flugnaúðum, getur haft afar skaðleg áhrif á heilsu fólks og er ekki æskilegt fyrir ungt fólk. Effitan er 98,88% náttúrulegt og alveg laust við DEET, paraben og önnur íblöndunarefni. Innihaldsefnin í Effitan eru meðal annars kókosolía, eucalyptus, citriodora (sítrónu eucalyptus) og citronella (grastegund sem er notuð í ilmolíur). Virkni þess er klínískt rannsökuð af tveimur virtum stofnunum; Swiss Tropical Institute í Basel og Dr. Dautel Institut í Berlín.

**GÓÐ REYNSLA**

Til gamans má geta að margar frábærar reynslusögur bárust fyrirtækinu í fyrra, meðal annars frá æðarbónda sem kveið fyrir öllum flóabitunum sem fylgja dúntínslunni. Hann sagði að úðinn hefði virkað frábærlega og hefði brúsinn því orðið afar vinsæll. Eftir tínsluna var fólk sammála um að Effitan væri það öflugasta sem það hefði prófað.

Kona að austan hafði samband og sagði að Effitan hefði alveg bjargað sér og syni sínum í sólarlandaferð. Einnig notaði hún Effitan heima við á pallinum og voru flugurnar ekki að angra hana. Hún var afskaplega sátt við virknina og fannst frábært að eiturefnalaus úði gæti verið svona öflugur.

Nokkrir herramenn fóru í Veiðivötn og var einn þeirra með Effitan og notaði óspart en hinir fussuðu og sögðu að fiskurinn myndi fælast frá vegna ilmsins. Þess ber að geta að sá sem notaði Effitan veiddi að sjálfsögðu mest og fékk ekkert mýbit.

Umbúðirnar eru á íslensku og hægt er að kaupa Effitan í apótekum, heilsubúðum og á N1-stöðvum.

Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is




**EFFITAN ER ÖFLUG VÖRN**
Gott er að hafa slíka flugnafælu við höndina í sumar.



iittala
Gjöf handa þér og þínum
Tékk KRISTALL www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



ÞRIÐJUDAG OG MIÐVIKUDAG

OPNUNAR-TILBOÐ

30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÓFUM OG SÓFASETTUM



Mosel

Landsins mesta úrval af sófasettum



Vín



Torino



Písa



Milano



Roma



Lyon

VIÐ ERUM FLUTT Á BÍLDSHÖFÐA 18

Vertu velkomin í heimsókn!

Opið virka daga kl. 10-18

Ath. tilboðið gildir aðeins þriðjudaginn 25. júní og miðvikudaginn 26. júní

Patti HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is


# MATUR FYRIR HEIL-BRIGÐAR TENNUR

**HUGAÐU AÐ TÖNNUNUM** *Ákveðnar matartegundir hjálpa til við að halda tönnunum heilbrigðum og hvítum.*

Gott ástand tanna skiptir alla miklu máli. Þess vegna er umhirða þeirra afar mikilvæg. Þó svo að tannburstun og notkun tannþráðar sé nauðsynleg þá er mataræðið ekki síður mikilvægt.

Hér eru nokkrar tegundir af mat og drykkjum sem hægt er að hafa til hliðsjónar þegar hugað er að tannheilsu.

- **Trefjaríkir ávextir og grænmeti**
  Matur með trefjum hjálpar til við að hreinsa tennurnar ásamt því að vera góður fyrir líkamann. Ávextir og grænmeti sem innihalda mikið af trefjum eru meðal annars avókadó, gulrætur, epli, bananar, kíví og sætar kartöflur.
- **Vatn**
  Ómissandi partur af tannheilsu. Vatnið er ekki bara gott fyrir tennurnar heldur líka fyrir góminn. Eftir að hafa fengið sér sykraða drykki eða mat er gott að fá vatnsglas til þess að hreinsa tennurnar.
- **Mjólkurvörur**
  Mjólkurvörur án viðbætts sykurs eru góðar fyrir styrk tannanna vegna kalksins. Ostur er einnig góður fyrir tennurnar og munnvatnsflæðið.
- **Sykurlaust tyggjó**
  Að tyggja tyggjó eftir máltíð er frábær og fersk leið til þess að hreinsa tennurnar og losna við andremmu. Um leið og tyggjóið er sykrað þá gerir það ekkert gagn.
- **Hnetur**
  Margar tegundir af hnetum innihalda nauðsynleg vítamín og næringarefni sem eru góð fyrir tennurnar og allan líkamann.

**OSTUR ER GÓÐUR**

Blaðamaður náði tali af Hólmfríði Guðmundsdóttur, tannlækni hjá embætti landlæknis. Hún benti á það sniðuga ráð að fá sér ostsneið eftir máltíðar en það virkar eins og sykurlaust tyggjó, hreinsar tennurnar og kemur munnvatnsflæðinu af stað. „Gott munnvatnsflæði er gríðarlega mikilvægt fyrir tannheilsuna en það er náttúrulegt varnarkerfi tannana," segir Hólmfríður. „Það heldur jafnvægi á sýrustiginu í munninum en á meðan borðað er getur sýrustigið fallið undir eðlileg mörk. Stóra málið er þó fyrst og fremst að bursta tennurnar tvisvar sinnum á dag. Þá ná bakteríurnar síður að skemma tennurnar," segir Hólmfríður. Hún bendir einnig á að mikilvægt sé að borða reglulega en ekki á milli mála. Fyrir þá sem þurfa að borða á milli mála er gott að fá sér ávexti eða gróft brauð með osti.

gunnhildur@365.is



**GOTT MATARÆÐI** Mikilvægt er að borða hollan og góðan mat, ekki síst til að halda góðri tannheilsu.



**FALLEGAR TENNUR** Brosið verður bjartara ef tennurnar eru fallegar.



**OSTUR EÐA ÁVEXTIR** Hólmfríður Guðmundsdóttir tannlæknir segir gott ráð að fá sér ost eftir máltíð.


MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára


# SAMUEL L. JACKSON TIL MEÐVIT-UNDAR UM KARLAKRABBAMEIN

„Ég hef átt vini sem nú eru fallnir frá og ég hef átt vini sem hafa orðið skíthræddir. Ég á líka vini sem fengu greiningu í tæka tíð, meðferð við meininu og eru stálhraustir í dag," segir Hollywoodstjarnan Samuel L. Jackson sem nú leggur lið nýjum hjálparsamtökum vestra. Samtökin kallast One For The Boys og hafa að markmiði að karlar séu opinskárri um viðkvæm heilsufarsleg málefni, eins og krabbamein í eistum og blöðruhálskirtli.

Leikarinn segir karlmenn þurfa að taka ríkari ábyrgð á eigin heilsu og að meira þurfi að gera þegar kemur að eftirliti með einkennum karlakrabbameins.

Samkvæmt upplýsingum frá Cancer Research UK greinast árlega um 2000 karlar á Bretlandseyjum með eistnakrabbamein og þótt krabbameinið sé sjaldgæft er það engu að síður algengast krabbameina í ungum körlum.

„Við þurfum að hafa skilning á að krabbamein velur sér hvorki kynþátt, kyn eða annað, að krabbamein er bara sjúkdómur. Á hverju ári deyr hópur karla að óþörfu vegna þess að karlarnir fóru ekki nógu snemma til læknis vegna einkenna sem þeir fundu þó fyrir," útskýrir Samuel.

Algengasta einkenni eistnakrabbameins er verkjalaus bólga eða ber í eistum, sem einnig geta verið meinlaust einkenni.



**SAMUEL L. JACKSON** er nú 64 ára og styður nýtt átak til árvekni gagnvart krabbameini í körlum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Lífslíkur karla sem greinst hafa með eistnakrabbamein eru fimm ár. Það er mun ólíklegra að þeir sem lifa svo lengi fái meinið aftur.


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**




Anna Lára Sigurðardóttir er fædd og uppalin í Reykjavík og hefur starfað hjá Creditinfo frá árinu 2008. Hún er með B.S.-gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum á Bifröst. Anna Lára er í sambúð og á tveggja ára dóttur með sambýlismanni sínum. Þau búa í Kópavogi. Áður en hún hóf störf hjá Creditinfo starfaði Anna Lára sem hópstjóri þjónustuvers Nova og sem ráðgjafi hjá Intrum Justitia (nú Motus). MYND/STEFÁN

# Creditinfo stuðlar að öryggi í viðskiptum

Í viðskiptum er afar mikilvægt að sá sem lánar peninga, vörur eða þjónustu gegn greiðslu síðar byggi á traustum upplýsingum. Creditinfo Lánstraust er leiðandi upplýsingafyrirtæki víðs vegar um heiminn en það starfar nú í 16 löndum auk Íslands.

Tilgangur upplýsingafyrirtækja eins og Creditinfo er að safna og miðla fjárhags- og viðskiptatengdum upplýsingum um fyrirtæki og einstaklinga. Markmiðið er að tryggja skynsamlegar ákvarðanir, til dæmis áður en stofnað er til reikningsviðskipta. Slík notkun upplýsinga eykur öryggi og dregur úr kostnaði sem fylgir afskriftum vegna krafna sem ekki næst að innheimta. Bæði fyrirtækin sjálf og almenningur hafa hag af þessu þar sem hátt hlutfall afskrifta leiðir oft til hærra vöruverðs.

Creditinfo Lánstraust var stofnað hér á landi árið 1997 og hefur síðan veitt fyrirtækjum og stofnunum þjónustu sem miðar að því að lágmarka tap í viðskiptum. Starfsmenn fyrirtækisins eru sérfræðingar í greiningu á rekstrarþáttum og starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja og hafa þróað sérhæfð tölvukerfi með einföldu notendaviðmóti sem nálgast má á vef Creditinfo.

## Líkur á vanskilum metnar

Anna Lára Sigurðardóttir er þjónustustjóri Creditinfo Lánstrausts. Hún hefur starfað hjá fyrirtækinu frá árinu 2008.

„Við leggjum ríka áherslu á það að viðskiptavinir okkar geti fengið sem skýrasta mynd af stöðu viðskiptavina hvað varðar greiðslugetu, lánshæfi og líkur á því að þeir geti staðið við skuldbindingar sínar og þannig tekið upplýsta ákvörðun um viðskipti. Það gerum við meðal annars með svokölluðu CIP-lánshæfismati en með því eru metnar líkur á alvarlegum vanskilum einstaklinga og fyrirtækja á næstu 12 mánuðum. Við búum yfir gríðarlegu magni upplýsinga um íslensk fyrirtæki sem við miðlum áfram og notum í ýmsar greiningar. Meðal annars má nefna upplýsingar um vanskil, upplýsingar úr hlutafélagaskrá, við miðlum ársreikningum og veitum upplýsingar um eigendur og hluthafa í íslenskum fyrirtækjum. Einnig veitum við aðgang að fasteignaskrá, ökutækjaskrá og upplýsingum um veðbönd,“ segir Anna Lára og augljóst er að þjónusta Creditinfo er afar fjölþætt en fyrirtækið starfar eftir ströngum skilmálum Persónuverndar.

## Markhópar og áhættumat

„Já, við kappkostum að veita viðskiptavinum okkar heildstæða þjónustu á þessu sviði og þá er fjölmiðlahlutinn ótalinn en Creditinfo rekur einnig Fjölmiðlavaktina sem veitir umfangsmikla þjónustu á sviði fjölmiðlavöktunar, greininga, þýðinga, ráðgjafar og fleira mætti nefna, svo sem samantekt á fjölmiðlaefni um ýmis mál sem borið hefur á góma í samfélaginu. Þetta er vaxandi þáttur í starfsemi Creditinfo. Eftirspurn eftir markhópalistum hefur einnig aukist verulega upp á síðkastið en vel skilgreindur markhópur er lykilatriði í markaðssókn. Við bjóðum upp á ráðgjöf með það að markmiði að kynningarstarf fyrirtækja nái betur til þeirra sem gætu haft áhuga á og þörf fyrir þá þjónustu eða vöru sem um ræðir hverju sinni. Það er bara staðreynd að með góðum markhópalista næst betri árangur í beinni markaðssetningu.“

Anna Lára nefndi CIP lánshæfismat sem fjölmörg íslensk fyrirtæki og stofnanir nýta sér í þeirri viðleitni að hámarka árangur í rekstri og innheimtu. Raunar getur Creditinfo einnig útvegað lánshæfisskýrslur um erlend fyrirtæki og er kappkostað í báðum tilvikum að upplýsingarnar byggi á traustum gögnum. „Þannig höfum við ávallt að leiðarljósi að stuðla að því að starfsmenn fyrirtækja og stofnana hafi allt sem þeir þurfa til þess að taka réttar og góðar ákvarðanir um viðskipti, hvort sem þeir þekkja til viðkomandi aðila eða þurfa að kynnast honum betur,“ segir hún.

## Aukin þjónusta við einstaklinga

Meðal viðskiptavina Creditinfo eru allar stærðir og gerðir fyrirtækja og stofnana, allt frá einum starfsmanni til stærstu rekstrareininga landsins. Hefur starfsmönnum fyrirtækisins tekist að hanna og smíða afar notendavæn upplýsingakerfi sem henta þessum breiða hóp viðskiptavina, hverjum á sínu sviði. Anna Lára bendir enn fremur á að Creditinfo auki nú þjónustu við einstaklinga.

„Við tókum nýverið í gagnið einstaklingsþjónustuna „Mitt Creditinfo“ þar sem einstaklingar geta sótt ýmsar upplýsingar um sjálfa sig og fengið eigið lánshæfismat. Þar getur fólk einnig fylgst með því hvort og þá hverjir fletta því upp í vanskilaskrá, skoðað eigin skuldastöðu og ýmislegt fleira. Við höfum trú á því að þessi þjónusta muni aukast á næstu misserum enda muni fjármálastofnanir gera sífellt auknar kröfur um greiðsluhæfi einstaklinga, til dæmis þegar teknar eru ákvarðanir um reikningsviðskipti, lánveitingar, raðgreiðslur og aðra greiðsludreifingu. Þessi þjónusta endurspeglar í raun vilja okkar hjá Creditinfo að gera fólk meðvitaðra um fjármál sín og skuldbindingar í þeim tilgangi að efla traust og áreiðanleika í viðskiptum. Það er allra hagur.“

# Áhyggjulaus í útlöndum

**Vodafone EuroTraveller er bylting fyrir ferðalanga. Þessi nýja þjónusta frá Vodafone nýtist til að lækka símakostnaðinn á ferðalögum um þrjátíu lönd Evrópu. Vodafone EuroTraveller býðst öllum sem eru með farsíma í áskrift hjá Vodafone.**

Að geta verið á netinu erlendis án þess að eiga von á himinháum reikningi við heimkomuna er algjör bylting fyrir ferðalanga," segir Hafdís Hrönn Reynisdóttir, vörustjóri farsíma á sölu- og þjónustusviði Vodafone, um nýja þjónustu sem kallast Vodafone EuroTraveller. Fyrir það er aðeins greitt daggjald, 690 krónur, fyrir þá daga sem síminn er notaður og eftir það er öll notkun símans samkvæmt íslenskri gjaldskrá. „Eftir komu snjallsímans hafa margir rekið sig á að það getur nánast verið varhugavert að nota símann erlendis eins og við leyfum okkur hér heima. Eitt er að skilja gagnamagnsþörfina á bak við þær aðgerðir sem símtækið býður upp á eins og t.d. að taka á móti tölvupósti, skoða viðhengi, fylgja Google Maps á fundarstaði og fylgjast með fjölskyldum og vinum á Facebook, og svo að gera sér grein fyrir kostnaðinum sem því fylgir," útskýrir Hafdís og bætir við að nú geti viðskiptavinir Vodafone notið þess að vera áhyggjulausir í útlöndum.

> **Eftir komu snjallsímans hafa margir rekið sig á að það getur nánast verið varhugavert að nota símann erlendis eins og við leyfum okkur hér heima.**

### Hentugt fyrir fyrirtæki

Viðskipti fyrirtækja sem þurfa að stunda ferðalög í Evrópu verða mun auðveldari með Vodafone EuroTraveller. „Þeir sem eru á viðskiptaferðalagi geta notað símann án þess að velta fyrir sér kostnaði. Hringd símtöl til Íslands og innan Vodafone EuroTraveller landanna sem og SMS kosta viðskiptavini okkar jafn mikið og ef þeir væru staddir á Íslandi. Það kostar okkar viðskiptavini ekkert að taka á móti símtölum og mesta byltingin eru verðin á gagnamagni. Greiddar eru 90 krónur fyrir hver 15 MB sem kostuðu annars ríflega 2.000 krónur," upplýsir Hafdís.

Hún segir hina nýju þjónustu fullkomlega í takt við eitt af gildum Vodafone sem sé einfaldleiki. „Að þurfa ekki að velta mismunandi reikiverðum fyrir sér lengur á ferðalögum í Evrópu gerir fjarskiptakostnað fyrirtækja stöðugri og gegnsærri," segir hún.

### Lægsta gagnamagnsverðið

Hafdís fagnar reglugerð ESB um verðþak á reiki en það þýðir að reikiverðin í ESB- og EES-löndunum lækka enn meira þann 1. júlí næstkomandi. „Hins vegar er enn ódýrara að vera í Vodafone EuroTraveller miðað við nýju verðskrána og er munurinn langmestur þegar kemur að gagnamagnsverði eða tæp 94 prósent lægri í Vodafone Eurotraveller en á almennri reikiverðskrá."

Hafdís segir fyrirtæki geta sparað tugi þúsunda króna með þjónustunni. „Sem dæmi var fyrirtæki með fjóra starfsmenn á ferðalagi í síðasta mánuði. Venjulegt verð fyrir síma- og gagnamagnsnotkun þeirra hefði verið 54.943 krónur en með Vodafone EuroTraveller varð kostnaðurinn aðeins 17.396 krónur. Sparnaður þess fyrirtækis var því 37.547 krónur og þar af var sparnaðurinn við gagnamagnsnotkun yfir 90 prósent," upplýsir Hafdís.

Hún segir starfsmenn fyrirtækja hafa aukið gagnamagnsnotkun sína í Evrópu með tilkomu þjónustunnar. Þeir nota því símtækið eins og vinnutæki án þess að hafa áhyggjur," segir Hafdís og bætir við að með Vodavone EuroTraveller sé liðin tíð að hafa slökkt á gagnamagni í símanum, eða jafnvel þurfa að slökkva á símanum á ferðalögum. „Þetta köllum við góð samskipti," segir hún glaðlega.



Að geta verið á netinu erlendis án þess að eiga von á himinháum reikningi við heimkomuna er algjör bylting fyrir ferðalanga," segir Hafdís Hrönn Reynisdóttir, vörustjóri farsíma á sölu- og þjónustusviði Vodafone. MYND/ANTON

# Breytingar ógna starfsandanum

**Þegar innleiða á breytingar í fyrirtækjum er mikilvægt að halda rétt á spöðunum. Marteinn Steinar Jónsson, fyrirtækja- og vinnusálfræðingur, segir áríðandi að starfsfólk fái að taka þátt í ferlinu.**

Starfsandi er afleiðing af því hvernig hlutirnir eru gerðir," segir Marteinn Steinar Jónsson, starfandi fyrirtækja- og vinnusálfræðingur. „Þegar breytingar eru í gangi á vinnustað vill starfsfólk fá að taka þátt í þeim. Það skiptir öllu máli."

Þegar breytingar eru í vændum leggja leiðtogar í fyrirtækinu línurnar. „Stjórnendurnir eru kannski búnir að hugsa allt saman út til enda, en þá hafa þeir farið fram úr starfsfólkinu," útskýrir Marteinn. „Það er mikilvægt að fara ekki of geyst í hlutina því þá líður fólki illa og það sé ekki verið að taka tillit til þess. Fólk verður að fá að vinna aðeins úr breytingunum áður en þær ganga í gegn."


Marteinn Steinar Jónsson, sálfræðingur

Breytingar í fyrirtækjum geta því stofnað starfsandanum í hættu. „Oft mistekst ferlið þegar leiðtogar hafa úthugsað allt saman og tilkynna svo einfaldlega breytinguna. Fólk hefur þörf fyrir að spyrja spurninga, til dæmis um hvaða áhrif breytingarnar hafa á það." Marteinn segir starfsanda flókið fyrirbæri, en miklu máli skipti að fólk geti tjáð sig um hlutina, fái að taka þátt í ákvörðunum og að sanngirni sé höfð að leiðarljósi.

Óhjákvæmilegur fylgifiskur breytinga í fyrirtækjum er yfirleitt einhvers konar breytingar á högum starfsfólksins. Hugsanlega breytist vinnutíminn, álag eða staða þess. Þetta getur valdið óöryggi og pirringi, en starfsandi ræðst mikið af því að fólki finnist sanngirni stjórni ferðinni. „Starfsfólki verður að líða eins og það sé hlustað á það," segir Marteinn. „Það verður að eiga auðvelt með að ná í stjórnendur og finnast þægilegt að leita til þeirra, það skiptir máli upp á móralinn," segir Marteinn. „Mórallinn tengist mjög mikið stjórnendum og hvernig þeir starfa."

Þegar talað er um móral í fyrirtækjum er átt við líðan starfsfólksins. „Til að fólk sé ánægt í starfi skiptir auðvitað máli að störfin séu áhugaverð," segir Marteinn. „Þá er mikilvægt að fólk fái að prófa nýja hluti, fara á námskeið og þess háttar. Einnig getur verið gott að víxla störfum innan fyrirtækisins, en það er tækni sem kallast job rotation. Þá prófar starfsfólkið nýja hluti innan fyrirtækisins og er ekki alltaf í sama hlutverkinu."

### Stjórnleysi er hættulegt

Þrátt fyrir að mikilvægt sé að starfsfólk fái að taka þátt í breytingum segir Marteinn jafnvel enn meira áríðandi að stjórnendur fyrirtækjanna sinni störfum sínum. „Stjórnleysi er afar hættulegt. Ef sá sem á að sitja við stjórnvölinn stjórnar engu þá gætu einhverjir öflugir einstaklingar sem eru neðar í stiganum tekið völdin og hreinlega farið að stjórna, með sínum hætti. Þá myndast gjarnan klíkur og þess háttar."


Þegar breytingar í fyrirtækjum eru á dagskrá er mikilvægt að huga að líðan starfsfólks og passa upp á starfsandann.

### Upplýsingaflæði mikilvægt

Marteinn segir festu, skilning og hlustun vera lykilatriði, en einnig skipti miklu máli að stýra væntingum. „Þá eru breytingarnar útskýrðar, skref fyrir skref svo fólk fái að sjá aðeins fram í tímann og átta sig á hvað er í vændum. Samskiptaflæði er mikilvægt, svo upplýsingarnar komi ekki fram á síðustu stundu. Fólk þarf að geta undirbúið sig fyrir hlutina, fengið svör við vangaveltum sínum og svo framvegis. Það skapar gremju ef starfsfólki finnst gengið framhjá sér, að það hafi ekki fengið tíma til að tjá sig eða að ákvarðanir séu ósanngjarnar."

Starfsandann segir Marteinn að lokum felast í góðum leiðtogum sem eru næmir fyrir fólki, geta hlustað eftir þörfum þess og átta sig á hvenær á að gefa upplýsingar og hvenær ekki. Að starfsfólk finni að það getur tjáð sig í afslöppuðu og þægilegu umhverfi. „Kvíði og ótti eiga ekki að vera til staðar í heilbrigðu starfsumhverfi," segir Marteinn.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Kolbeinn Kolbeinsson, kkolbeins@365.is, s. 512 5447 **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

# *Klæðnaður í vinnuboðum*

Sumum störfum fylgja margir fundir, ráðstefnur eða veislur. Oft þarf að fylgja ákveðnum klæðaburði þegar slíkir mannfagnaðir eru á vegum vinnunnar. Þá er tekið fram í boðinu að um „dress code“ sé að ræða.

„***Business Formal***“ gefur til kynna mjög formlegan viðburð. Þá er ætlast til að karlmenn mæti í dökkum jakkafötum, í vesti og með bindi. Vel pússaðir dökkir skór eru viðeigandi. Ermahnappar eiga hér við og vel straujuð skyrta. Smóking er tekinn gildur í slíkum boðum. Konur eiga að mæta í sparikjólum, helst síðum þegar boðið er í „Business Formal“ að kvöldi. Ef boðið er seinnipart er í lagi að vera í sparidragt eða sparikjól en helst í dökkum litum.

„***Business Semi-formal***“ hljómar eins og það sé frjálslegra klæðaval en munurinn er ekki mikill. Ætlast er til að fólk komi fínt klætt, karlmenn í jakkafötum með bindi en litir eru frjálslegri. Hér á smóking ekki við. Konur geta verið í stuttum kjól (ekki of stuttum þó) eða buxum við sparilegan topp eða blússu.

Þriðja stigið er „***Business Casual***“ en það er frjálslegur fatnaður en þó innan marka. Ætlast er til að karlmenn komi vel til fara en svartar gallabuxur eru í lagi ef skyrtan er sparileg. Hins vegar má alls ekki koma í stuttbuxum eða opnum skóm. Konur mega vera í kjól eða buxum, alls ekki gallabuxum.

Fjórða stigið er boð þar sem sagt er: ***Komdu eins og þú ert***. Þá er gjarnan verið að bjóða í selskap eftir vinnu og þá kemur fólk klætt þeim fötum sem það er í þann daginn. Ef menn vilja taka sig alvarlega ættu þeir samt ekki að koma í snjáðum gallabuxum eða stuttbuxum. Konur ættu að hafa í huga að á mörgum skrifstofum þykir ekki viðeigandi að mæta í míní-kjólum, flegnum kjólum eða bolum, eða stuttbuxum í vinnu og það sama á við í síðdegisboði, samkvæmt reglum um klæðaburð.



Herrann

Daman






**3CX er hugbúnaðarsímstöð sem keyrir á Windowsstýrikerfi og er afar einföld í uppsetningu og notkun**

Hægt er að nota allar gerðir af **SIP**-símtækjum eða frían tölvusíma frá **3CX** sem gefur þér möguleika á að sjá stöðu allra starfsmanna og símahópa, hægt er að gefa símtöl áfram með því að draga símtalið með músinni yfir á símtæki, taka upp símtöl, einfaldir möguleikar á símtalsflutningum, talhólf, hægt að hringja frá hvaða forriti sem er, **Excel, Word, ja.is** o.s.frv. Einnig er einfalt að tengja símstöðina við hvaða símafyrirtæki sem er í heiminum og hafa þannig möguleika á erlendu símanúmeri sem gefur möguleika á miklum sparnaði í símanotkun.

**Helstu eiginleikar:**

- Tölvusímar með **Myphone** forriti sem gefur yfirsýn yfir stöðu símtækja og hópa.
- Tölvusímar eru með innbyggt tunnel þannig að þeir tengjast hvar sem er ef internettenging er fyrir hendi.
- **Myphone** forrit getur stýrt borðsímum.
- Hægt að hringja beint í númer á heimasíðum, word, excel eða öðrum forritum.
- Hægt að hringja beint frá Contacts í **Outlook**.
- Hægt að láta **Contact-skrá** opnast þegar númer kemur inn (CRM við Outlook 2003, 2007 og 2010).
- **CRM plug** við ýmsan annan hugbúnað eins og **Microsoft Dynamic** o.fl.
- Hjálparsvörun, nætursímsvari og þrepaval, veldu 1 fyrir…2 fyrir …o.frv.
- Möguleiki á að símstöð segi hvar viðkomandi er staddur í röðinni.
- Mismunandi afgreiðsla símtala eftir stöðu símtækis sem hver starfsmaður stillir sjálfur á einfaldan máta.
- Talhólfsskilaboð koma í tölvupósti.
- Möguleiki á allt að 80% ódýrari símtölum erlendis.
- Hægt að hafa erlend númer í ýmsum löndum.
- Einfalt að vera með útibú hvar sem er í heiminum, þarf einungis internettengingu.
- SIP-hugbúnaður í farsíma með **Android**-stýrikerfi, **iPhone** og **iPad.** gefur möguleika á miklum sparnaði.
- Öflugt skýrslutól til að skoða símsvörun.
- Þjónustuvershugbúnaður, sýnir í rauntíma stöðu starfsmanna og símtöl á bið.
- Hægt að láta stöðu starfsmanns breytast ef tölva hefur ekki verið notuð í ákveðin tíma.

**Yealink-símtæki**

**Yealink er að verða einn stærsti framleiðandi á SIP-símtækjum og leggur allan metnað í að vinna með sem flestum framleiðendum IPsímkerfa. Á heimasíðu Yealink er að finna leiðbeiningar um hvernig á að setja upp SIP-símtæki við flestar gerðir símstöðva, t.d. NEC, 3CX, Avaya, Broadsoft, TrixBox, Asterisk, Philips o.fl.**



Boðleið

**Boðleið Þjónusta** ehf // Skeifan 3C // 108 Reykjavík // Sími: 535-5200 // bodleid@bodleid.is // www.bodleid.is






BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is



Fyrirtækjaþjónusta getur verið af margvíslegum toga. NORDICPHOTOS/GETTY

## HVAÐ ER FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA?

**Mörg fyrirtæki** búa yfir góðum aðstæðum og tækni til þess að sérhæfa sig á ákveðnum sviðum. Oft eru þetta atriði sem önnur fyrirtæki hafa ekki getu, tíma eða fjármagn til þess að sérhæfa sig í.

**Fyrirtækin með** sérþekkinguna bjóða því oft öðrum fyrirtækjum upp á aðstoð og þjónustu í formi fyrirtækjaþjónustu. Þessi tegund þjónustu getur verið á ótal sviðum.

**Dæmi um** fyrirtækjaþjónustu eru póstþjónusta, endurskoðun, almannatengsl, síma- og netþjónusta, bankaþjónusta og ótal margt fleira.



Þunglyndir starfsmenn hjá fjölmiðlafyrirtæki hressa sig við.

## GLAÐIR STARFSMENN

**Miklu máli skiptir** að eiga í góðum og jákvæðum samskiptum við vinnufélaga sína. Því er nauðsynlegt að brjóta upp vinnuvikuna reglulega með ýmsum skemmtilegum viðburðum með starfsmönnum. Það þarf alls ekki að kosta mikla fjármuni að hrista hópinn saman til að bæta móralinn. Margt er hægt að gera ókeypis eða fyrir litla fjármuni.

**Það er** til dæmis upplagt að nýta björt sumarkvöldin fram undan til að smala starfsmönnum saman í gönguferð eða fjallaklifur. Þá skiptir mestu að velja vegalengd eða fjall sem hentar öllum hópnum.

**Flestir eiga hjól** og því er einföld og sniðug hugmynd að skipuleggja hjólaferð með starfsmönnum fyrirtækisins. Búið er að stórbæta samgöngur hjólreiðafólks víða um land og á höfuðborgarsvæðinu er mikill fjöldi hjólreiðastíga sem bjóða upp á ferðir við allra hæfi. Eftir fjallaklifur, hjólreiðatúr eða gönguferð er líka gaman að enda daginn í heitum potti.

**Fjöldi almenningsgarða** er víða um land þar sem gaman er að safna starfsmönnum saman. Þar er hægt að fara í fjölda leikja og slá upp garðveislu, ýmist með heimatilbúnum veitingum eða grillmat. Margir garðar bjóða upp á góða grillaðstöðu. Í mörgum almenningsgörðum er auk þess boðið upp leiktæki eins og körfur, blaknet eða mörk.

# STARFSMENN GETA HLÚÐ AÐ HJARTA FYRIRTÆKJA

**Starfsfólk fyrirtækja** getur sjálft framkvæmt ýmsa fyrirtækjaþjónustu sem gerir vinnustaðinn skemmtilegri og starfsfólkið hamingjusamara og léttara í lund. Þannig getur aldrei klikkað að koma færandi hendi með girnilegt sætabrauð í vinnuna, jafnvel þótt tilefnið sé ekkert sérstakt, bara til að gera lífið og vinnudaginn ánægjulegri. Ávinningur af slíkri gustuk er jákvæðari andi meðal starfsmanna, aukin afköst á saddan og sætan maga og sannur hressleiki yfir dagsverkinu. Að koma á óvart og sýna samstarfsfólki sínu þjónustulund með sönnu vinarþeli og góðgæti er ávísun á enn betra fyrirtæki.




Allt fyrir kælingu & frystingu fyrir veitingamarkaðinn

Kælitækni



Afgreiðslu- & kökukælar



Vínkælar



Vitamix blandarar


Hillur í kæli- & frystiklefa



Hraðkælar & frystar



Klakavélar



Kæli- & frystitæki fyrir veitingamarkaðinn



Stálborð, vaskar, hillur og skápar


Plaststrimlar í kæli- & frystiklefa



Hillukælar



Loftkæling



Kæli- & frystiklefar, kæli & frystikerfi, hurðir & öryggisbúnaður

Rauðagerði 25 · 108 Reykjavík · Sími 440 1800 · www.kaelitaekni.is





**ÍSLENDINGAR FRAMARLEGA** Vel er staðið að sundkennslu barna hér á landi.

# ÓSYNDIR Í NOREGI

Íslendingar hafa lagt áherslu á sundkennslu í áratugi. Öll ungmenni á landinu eiga þess kost að fara á sundnámskeið á skólatíma og sund er skyldufag. Þess utan er ungbarnasund vinsælt hér á landi og að senda leikskólabörn á sundnámskeið á sumrin. Framboð af sundkennslu er því fjölbreytt og mikið. Góðar sundlaugar eru hér á landi og þær eru vel sóttar.

Það sama verður ekki sagt um frændur okkar í Noregi. Sundkennsla er ekki skyldufag þar í landi og í nýrri könnun kemur fram að helmingur tíu ára barna í Noregi er ósyndur. Það eru mun fleiri ósynd börn en á öðrum Norðurlöndum. Um 1700 börn voru spurð í norsku könnuninni. Sautján ára unglingur drukknaði nýlega þar í landi en hann reyndist ósyndur. Bent er á að sundkennsla sé öryggisatriði sem getur bjargað mannslífi, að því er segir á vef nrk.no.

Þá hefur vakið athygli að börn innflytjenda eru fremur ósynd en börn norskra foreldra. Talið er að ólíkir menningarheimar og lífsstíll hafi þar áhrif. Foreldrar nýbúa eru sömuleiðis margir ósyndir.



## SVEFNPURKUR ERU SKAPVERRI

**Æ MORGUNSTUND**
Þeir sem fara snemma á fætur eru orkumeiri yfir daginn og í betra skapi samkvæmt nýlegri kanadískri könnun. Þeir sem „snúsa“ fram eftir morgni og drattast seint fram úr eru skapfúlir, afkasta minna yfir daginn og verða oftar veikir.
Ástæðan ku vera sú að líkaminn þarfnast birtunnar og þeir sem drífa sig snemma á fætur fá meira dagsljós í kroppinn en svefnpurkurnar. Líkaminn framleiðir einnig meira af stresshormónum ef hann er rændur birtustundunum og áhrifin eru lík þeim sem við finnum fyrir þegar við fljúgum gegnum tímabelti.
Reglulegur svefntími er einnig mikilvægur heilsunni. Til að halda góða skapinu er því skynsamlegt að fara að sofa og á fætur á sama tíma. Líka um helgar. Það er víst ekki heldur hægt að vinna upp svefnleysi seinna.
Sjá:www.b.dk/sundhed











**ALLIR VELKOMNIR** Hin árlega hjólaferð um Viðey er opin öllum, byrjendum sem vönum hjólaköppum.

# HJÓLAÐ UM VIÐEY

*Íslenski fjallahjólaklúbburinn býður í hjólaferð um eyjuna í kvöld. Ókeypis er í ferðina og allir velkomnir, en greiða þarf í ferjuna.*

Íslenski fjallahjólaklúbburinn verður með sína árvissu hjólaferð um Viðey í kvöld. „Það er alltaf mjög góð þátttaka,“ segir Ágústa Rós Árnadóttir, aðstoðarverkefnastjóri Viðeyjar. „Þau hjóla um eyjuna þvera og endilanga og skoða söguna, hús og minjar. Hjólaleiðin er alls ekki strembin svo að allir geta hjólað með, börn og fullorðnir, svo lengi sem þeir kunna að hjóla. Ferðin er alls ekki miðuð út frá vönum hjólreiðagörpum.“



Með í för verður landfræðingurinn Jónas Vilhelmsson, en hann fjallaði um Viðey í meistararitgerð sinni. „Hann hjólar með hópnum og segir frá þeim stöðum sem tengjast sögu eyjarinnar,“ segir Ágústa. „Aðalatriðið er samt að vera úti að hjóla.“

Ókeypis er í ferðina en greiða þarf í ferjuna sem fer frá Skarfabakka kl. 18.15 og 19.15. Gjald fyrir fullorðna fram og til baka er 1100 krónur, börn 7-15 ára greiða 550 krónur en ókeypis er fyrir 6 ára og yngri.

„Ákveðin hefð hefur skapast í ferðinni að enda í Viðeyjarstofu og fá sér vöfflukaffi. Það er alltaf ánægjuleg kvöldstund,“ segir Ágústa. Áætluð heimför er kl. 22.00.

Handhafar menningarkorts Reykjavíkur fá 10% afslátt í Viðeyjarferjuna og í Viðeyjarstofu.


# RISA

## ÍÞRÓTTAMARKAÐUR

**Fimmtudaginn 27. og föstudaginn 28. júni kl. 13.00 – 20 verður stóri íþróttamarkaðurinn haldin í Laugardalshöll. Markaðurinn verður í gangi bara þessa tvo daga og eftir miklu að slægjast.**

**Ameríkuverð á skóm og fatnaði frá Asics, Brooks, Ecco, Casall, Hummel, North Rock, Compressport, Ronhill o.fl.**

**Starfmenn Atlas göngugreiningar ráðleggja með tölvugreiningarbúnaði um val á skóbúnaði eftir þínu fótlagi og niðurstigi.**

**Starfsmenn frá flestum vörumerkjunum verða á staðnum með kynningar og aðstoða viðskiptavini.**

***Komdu og gerðu frábær kaup á alla fjölskylduna.***


FÖSTUDAGSKVÖLD
BESTA SVARIÐ
Hinn eini sanni Sverrir Þór Sverrirsson, Sveppi stýrir glænýjum spurninga- og skemmtiþætti í sumar.
2 BÍÓ 2 GULL 2 krakkar POPP TÍVÍ
Vertu með Stöð 2, 4 aukastöðvar og Netfrelsi fyrir 265 krónur á dag
FYRSTA FLOKKS DAGSKRÁ
Í ALLT SUMAR
NJÓTTU LÍFSINS MEÐ STÖÐ 2
2 OZ
Sjónvarp framtíðarinnar
NÝ ÞÁTTARÖÐ
HEFST 14. JÚLÍ
CROSSING LINES
Glæný sakamálaþáttaröð sem fjallar um hóp þrautþjálfaðra rannsóknarlögreglumanna sem ferðast um Evrópu og rannsaka dularfull sakamál. Þessum öfluga hópi er því ekkert óviðkomandi og enginn er óhultur.
SUNNUDAGSKVÖLD
PÖNK Í REYKJAVÍK
Þegar Jón Gnarr var pönkari sem hékk á Hlemmi átti hann ekki von á því að verða borgarstjóri einn daginn. Þættirnir eru fjórir talsins og voru gerðir í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna.
NÝ ÞÁTTARÖÐ
HEFST 15. JÚLÍ
THE NEWSROOM
Önnur þáttaröðin af þessum vinsælu þáttum sem hlotið hafa mikil lof gagnrýnenda og áhorfenda beggja vegna Atlantshafs. The Newsroom eru frá HBO og Aaron Sorkin sem á heiðurinn af sjónvarpsþáttaröðinni The West Wing.
NÝ ÞÁTTARÖÐ
HEFST 9. JÚLÍ
HOW I MET YOUR MOTHER
Einn af vinsælustu gamanþáttum Stöðvar 2. Ted heldur áfram sögunni endalausu.
ÞRIÐJUDAGSKVÖLD
BIG BANG THEORY
Ný þáttaröð um hina bráðskemmtilegu Leonard og Sheldon, afburðasnjalla eðlisfræðinga sem vita þó ekkert um mannleg samskipti.
FÖSTUDAGSKVÖLD
ARRESTED DEVELOPMENT
Talsverð bið hefur verið eftir þessari fjórðu þáttaröð um hina stórskrýtnu en dásamlega fyndnu Bluth fjölskyldu.
FÍTON / SÍA
2 HD
Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is

# smáauglýsingar FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **8-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

## BÍLAR & FARARTÆKI



Fiat Ducato Miller.Árg 2005. Ekinn 28þkm.Verð:4400.Raðnr.11825

**Bílasalan Bílás Akranes**
**Smiðjuvöllum 17, 300 Akranes**
**Sími: 431 2622**
**www.bilas**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Til sölu Coleman Cheyenne, 2003, Sólarsella, Markísa, Truma miðstöð , Ný skoðað og nýleg dekk, upphækkaður. Verð 1.290 þús. Á staðnum.

**Ferðavagnamarkaður**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

ÍSBAND.IS BÍLAINNFLUTNINGUR



Nýr Jeep Grand Cherokee Limited Metan / Bensín, V6, 290hö, eyðsla 11 l/100km í blönduðum akstri, Stór glæsilegur, mjög vel búinn og flottur jeppi á frábæru verði, Verð 10.490þ.kr, Bíllinn er í salnum, komdu og skoðaðu úrvalið, rnr 130130,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16**
**http://www.isband.is**

SUZUKI



Eigum gúmmíbáta í stærðum frá 2,9m - 4,2m á lager til afgreiðslu strax. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

bilauppbod.is

### ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

LITLA bílasalan www.litla.is 587 7777



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2005, ekinn 74 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 990.000. Rnr.111642.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**




VILTU KAUPA EÐA SELJA!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn og ferðavagninn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bílar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu




Nærri 50% lægra verð. Nissan Leaf frá Kr. 2.995.000 heimkomið með öllu. Prufukeyrðu hann! Útvegum nýja og nýlega bíla frá öllum helstu framleiðendum, sýningarbíla, eftirársbíla og útsölutilboð. Rafbílar, Metanbílar, Metanbreytingar, Bensín og Díselbílar. Höfum selt hundruði bíla til Íslands. www.islandus.is S. 5522000.






Til sölu þessi glæsilegi Mercury Cougar XR-7 árg'1971 uppgerður og glæsilegur. Upplýsingar í síma: 895-0967

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST**
**Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Húsbílar



**HÚSBÍLL TIL SÖLU**
Til sölu vel með farinn 5 manna Fíat húsbíll, árgerð 91 (skoðaður 2013). Díselvél (2500), nýjir loftpúðar, hjólagrind, ekinn 144.000 km. Verð kr. 1.590.000 Upplýsingar í 771-2004 og 480-0000

## Reiðhjól




Gerum við allar gerir reiðhjóla. Fljót og góð þjónusta. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S: 554 0661 GSM: 897 4996 - 699 2502 velaverkjs@simnet.is velaverkjs.is - slattuvel.is







## Kerrur



**ÍSLENSK SMÍÐ.**
Kerrur br.1,25m. L. 2,00-3,0m. B.geta 750kg., 13" dekk. Verð frá kr.196.000 www.brimco.is Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos s. 894-5111 Opið kl.13-16.30.

## Fellihýsi




## Tjaldvagnar

Til sölu Compi Camp Valencia, nánast ónotaður, árg 2011. Vagninn er vel búinn með fortjaldi, ísskáp, vaski og eldavél. Næsta skoðun 2015. Uppl. í s. 897 2000

## Lyftarar



**LYFTARI TIL SÖLU**
Still R60-25 rafmagnslyftari gámagengur árg. 2005 í mjög góðu standi til sölu. Lyftigeta 2,5tonn, lyftihæð 4,48mtr, þrískipt mastur og hliðarfærsla. Verð kr. 2,1 milljón Nánari upplýsingar í síma 660-6470

## Varahlutir

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.
**Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315**

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja




GARÐLIST 554 1989

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




**TRÖPPUVIÐGERÐIR**
Múrviðgerðir, málun og tröppuviðgerðir (hitastrengur). Hinrik, s. 892 9499.

## Nudd

Nudd fyrir heilsuna. Uppl. í S. 698 2260

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna Volkova.

## Rafvirkjun

**AH-RAF**
**LÖGGILDIR RAFVERKTAKAR.**
Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/ tímavinna ahraf@ahraf.is Hermann s: 845-7711 Arnar s: 897-9845.

## Trésmíði

**Uppsteypa mannvirkja.**
**Dynkur ehf**
**S. 894 2454 Ragnar**

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum hugmyndum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.



**BEAUTY IN BLACK HOLTSBÚÐ 61 GARÐABÆ**
Æðislegar peysur í mörgum litum, þessar þunnu flottu. Opið þrið-föst frá 13-18 Sími 695 6679 www.beautyinblack.is

## KEYPT & SELT

## Til sölu






## tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umverfis- og skipulagssvið

### Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Elliðabraut 2**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna bensínstöðvarlóðar að Elliðabraut 2. Sótt er um breytingu á byggingarreit og að koma fyrir annarri innkeyrslu á lóðinni. Einnig er gert ráð fyrir þjónustu fyrir vistvæna orkugjafa s.s. rafmagn og metan.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 25. júní 2013 til og með 7. ágúst 2013. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðunni, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega, til umhverfis – og skipulagsviðs, b.t. skipulagsfulltrúa, eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 7. ágúst 2013. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 25. júní 2013
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

## fasteignir

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Víðigrund 49 - Kópavogi**
**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**





Mjög glæsilegt, vel skipulagt og nánast algjörlega endurnýjað 126,2 fermetra einbýlishús á frábærum stað við Víðigrund. Húsið hefur allt verið endurnýjað að innan á sl. árum og er í mjög góðu ástandi. Það sem hefur verið endurnýjað eru m.a. gólfefni, innihurðir, fataskápar, baðherbergi, eldhúsinnrétting og tæki, gler, ofnar og raflagnir auk þess sem loft voru klædd með gifsi og sett innfelld lýsing í loft. Stór og björt stofa. Þrjú herbergi. Ræktuð og skjólgóð lóð. Verönd til suðurs og vesturs. **Verð 50,0 millj.**
**Verið velkomin.**

**Langalína 7 - Sjálandi Garðabæ**
**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**





Vönduð 115,5 fm. íbúð á 3. hæð í mjög fallegu og vel staðsettu fjölbýlishúsi í Sjálandi í Garðabæ. Sér stæði í bílageymslu og sér þvottaherbergi innan íbúðar. Íbúðinni var mikið breytt frá upphaflegri teikningu byggingaraðila og er mun meira í hana lagt, t.d. er næturlýsing í gólfum og veggjum, loft tekin niður að hluta og með innfelldri lýsingu, eldhús var stækkað og bætt við innréttingum og tækjum, sérhannaðar ýmsar innréttingar o.fl. Svalir til austurs. **Verð 38,9 millj.**
**Íbúð merkt 0301 - bjalla nr. 08.**
**Verið velkomin.**

## Til sölu



Sturtuvagn til sölu, sturtar á þrjá vegu. Verð 1.100þús + vsk. Sími: 896-6758 Guðni.

**TRÉ TIL SÖLU**
Hlynur 1-2,5 m. Silfurreynir 1-2m. Greni 1 m. Einnig hraunhellur í hleðslu 10fm. sanngjarnt verð Jónas s: 6978588

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Vélar og verkfæri




## Verslun




## HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Býð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/síðumúli S. 894 4817.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Flug

Leigum út Cessna 152 og 172 gott verð, ekkert klúbbgjald sími 5510880 / 8959028 Flugskóli Helga Jónssonar

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**SILUNGANET SILUNGANET**
Flotnet, sökknet. Góð reynsla - gott verð. Heimavík S. 892 8655 www.heimavik.is

## fasteignir

**OPIÐ HÚS Í DAG**



**AUSTURSTRÖND 2 (íbúð 602)**
Þriðjudag 25. júní
**frá kl. 17:00-17:45**



Nánari upplýsingar veitir
**Ólafur Finnbogason**
sölufulltrúi
**sími:** 822 2307
olafur@miklaborg.is

- Glæsileg 150 fm efsta hæð (penthouse)
- Stórbrotið útsýni
- Nánast öll endurnýjuð 2006
- 4 góð svefnherbergi
- Gott hús og snyrtileg sameign.



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **44,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði óskast

**CCP**
óskar eftir að leigja sem fyrst 100 fm eða stærra lagerhúsnæði á svæði 101, helst á Grandasvæðinu. Um langtímaleigu er að ræða.
**Allar nánari upplýsingar gefur Sigfríður Sigurðardóttir, sigfridur@ccpgames.com eða í síma 697-3691.**

## Húsnæði til sölu

Til sölu 50fm íbúð á góðum stað í Garðabæ með 93fm bílskúr. Verð 17.9 Uppl. 866 8838

## Atvinnuhúsnæði

**MOSFELLSBÆR**
Til leigu tvö aðskilin rými í kjallara að Háholti 23, Mosfellsbæ. Annað rýmið er 100fm með gönguhurð og keyrsluhurð, hitt er 245 fm með gönguhurð og keyrsluhurð. Einnig til leigu 40 fm rými í Völuteig með 3x3 m, keyrsluhurð. Öll rýmin laus og tilbúin til afhendingar.
**Upplýsingar gefur Magnús í s. 660 4472 eða Ólafía í s. 660 4481**

**VERSLUNARHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlagegi 6 og 8 (gamla Toyotahúsinu) Til leigu 150 - 2000 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

**51,6 M2 FRÍSTUNDABIL TIL SÖLU**
Eitt bil af þessari eftirsóttu stærð er til sölu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbíl á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

Apartment hotel in 101 RVK, seeks applicants for housekeeping. Both part and fulltime positions available. Please send applications to job@apartmentk.is / Íbúðarhótel í miðborg RVK óskar eftir starfsfólki í þrif. Hlutastörf + full störf. Umsóknir sendast á job@apartmentk.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta S. 776-7080 Proventus.is**

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**ERT ÞÚ NUDDKONA?**
Íslenskar nuddkonur auglýsa frítt á Rauða Torginu Stefnumót, s. 535-9922.

25 ára heitur strákur, er bæði tpr og btn og með aðstöðu, vill kynnast karlmanni. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8893.

Ung heit kona vill kynnast karlmanni til að leika sér við, m.a. í síma. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl. nr. 8696.

Ný upptaka: háværr ung íslensk kona í heitum einleik. Sögur Rauða Torgsins, s. 905-2002 og 535-9930, uppt.nr. 8503.






# ERT ÞÚ ALVEG MILLJÓN?

Við hjá 10-11 erum stolt af því að árlega versla rúmlega 5 milljónir viðskiptavina hjá okkur.

Við verðlaunum milljónasta hvern viðskiptavin okkar með veglegum gjöfum.

Við förum í tvær milljónir á næstu dögum!






Óskum Dagbjörtu til hamingju en hún var viðskiptavinur númer milljón. Farðu á Facebook-síðuna okkar og sjáðu þegar við komum Dagbjörtu á óvart í Lágmúlanum!

Sá viðskiptavinur sem rýfur tveggja milljóna múrinn vinnur flug og gistingu fyrir tvo til London eða Kaupmannahafnar með WOW air...



...og glæsilega veislumatarkörfu að verðmæti 30.000 kr.

FÍTON / SÍA

10-11

*Fljótlegt og þægilegt*

SKEMMTILEGT
ÞRIÐJUDAGSKVÖLD

Með áskrift að Stöð 2 fylgja:

2 2 GULL 2 BÍÓ 2 krakkar POPP TÍVÍ



20:00
2 THE BIG BANG THEORY
Stórskemmtilegur gamanþáttur sem hefur slegið í gegn í Bandaríkjunum um ofurnördana Leonard og Sheldon.



20:25
2 MIKE & MOLLY
Gamanþáttaröðin um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn heldur áfram.



20:45
2 TWO AND A HALF MEN
Vinsælasta gamanþáttaröð síðari ára með Ashton Kutcher í aðalhlutverki.



7:00-20:00
2 krakkar BARNAEFNI ALLA DAGA
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Stöð 2 Krakkar.



20:20
2 BÍÓ JOHNNY ENGLISH REBORN
Ævintýranleg grínhasarmynd þar sem Rowan Atkinson snýr aftur sem njósnarinn Johnny English.

Fáðu þér áskrift
512 5100
stod2.is

2 HD

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | 5 | | | | | |
| | 9 | | | | 4 | 8 | 6 | |
| | 4 | 7 | | 8 | 3 | 9 | | |
| 7 | | | | 9 | 6 | | 3 | |
| | 3 | | 1 | | 2 | | | |
| 8 | 5 | | | 4 | 7 | | 2 | |
| | | 4 | | | | | 8 | 7 |
| | | | | 7 | 1 | | 5 | |
| 1 | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | | 9 | 5 | | |
| 7 | | | 4 | | | | | 3 |
| | 9 | | | | 1 | 4 | | 7 |
| | | 9 | | | | 7 | | |
| 3 | | | 7 | | 5 | | 2 | 1 |
| | | | | | 2 | | | |
| | 1 | 4 | 8 | | | | 5 | 9 |
| | | 5 | 2 | | 4 | | | 6 |
| | 8 | | | | 6 | | 3 | 4 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | 3 | | | | 9 | |
| | | | | 6 | | | | 7 |
| | | | 9 | 2 | 4 | | | 6 |
| | | | | | 5 | 3 | | |
| 9 | | | 4 | 1 | 8 | | | |
| 7 | | | | 9 | | | 8 | 2 |
| | | 4 | | | | 7 | | 1 |
| | 7 | | | | | 8 | | |
| 3 | 1 | | | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 3 | 7 | 2 | 4 | 9 | 6 | 5 |
| 4 | 5 | 2 | 6 | 3 | 9 | 8 | 7 | 1 |
| 9 | 6 | 7 | 5 | 8 | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 3 | 7 | 6 | 1 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 |
| 1 | 8 | 5 | 2 | 4 | 7 | 6 | 9 | 3 |
| 2 | 9 | 4 | 3 | 5 | 6 | 7 | 1 | 8 |
| 5 | 2 | 9 | 4 | 6 | 3 | 1 | 8 | 7 |
| 6 | 4 | 1 | 8 | 7 | 5 | 3 | 2 | 9 |
| 7 | 3 | 8 | 9 | 1 | 2 | 5 | 4 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 8 | 6 | 7 | 3 | 5 | 2 | 4 |
| 5 | 6 | 3 | 1 | 2 | 4 | 9 | 7 | 8 |
| 7 | 2 | 4 | 5 | 9 | 8 | 6 | 1 | 3 |
| 8 | 5 | 6 | 4 | 1 | 9 | 7 | 3 | 2 |
| 1 | 7 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 | 8 | 6 |
| 3 | 4 | 2 | 7 | 8 | 6 | 1 | 9 | 5 |
| 6 | 3 | 1 | 8 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 2 | 8 | 5 | 9 | 6 | 1 | 3 | 4 | 7 |
| 4 | 9 | 7 | 3 | 5 | 2 | 8 | 6 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 | 2 | 6 | 5 |
| 2 | 4 | 6 | 9 | 5 | 1 | 7 | 3 | 8 |
| 7 | 5 | 8 | 3 | 6 | 2 | 1 | 4 | 9 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 5 | 9 | 4 | 8 | 2 | 3 | 6 | 1 | 7 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 4 | 7 | 5 | 9 | 3 |
| 4 | 6 | 3 | 2 | 7 | 9 | 8 | 5 | 1 |
| 8 | 1 | 7 | 5 | 3 | 6 | 9 | 2 | 4 |
| 9 | 2 | 5 | 4 | 1 | 8 | 3 | 7 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**Allir tala um að breyta heiminum en enginn talar um að breyta sjálfum sér.**

*Leo Tolstoy*

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Boris Gelfand sigraði mjög óvænt á minningarmótinu um Tal sem er nýlokið. Carlsen varð annar og Caruana þriðji. Ítalinn ungi vann Morozevich í næstsíðustu umferð. Svartur á leik**



38...c3! Nú vaknaði Moro við vondan draum því c-peðið verður ekki stöðvað. Hann reyndi 39. Rg3 en gafst upp eftir 39...c2 40. Rxe4+ Ke5. Með árangri sínum á mótinu náði Caruana þriðja sæti heimslistans á eftir Carlsen og Aronian. Gelfand er kominn upp í níunda sæti. **www.skak.is** Henrik teflir í Osló–lokaátökin í dag.



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** stefna, **8.** slunginn, **9.** kóf, **11.** voði, **12.** hólf, **14.** narsl, **16.** verslun, **17.** gerast, **18.** ástæður, **20.** tveir, **21.** fyrr.

**LÓÐRÉTT**
**1.** grjótfylling, **3.** ógrynni, **4.** fugl, **5.** af, **7.** fjarskiptatæki, **10.** fúadý, **13.** viðmót, **15.** vegur, **16.** hrökk við, **19.** mun.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** golf, **6.** út, **8.** fær, **9.** kaf, **11.** vá, **12.** klefi, **14.** snarl, **16.** bt, **17.** ske, **18.** rök, **20.** ii, **21.** áður.
**LÓÐRÉTT: 1.** púkk, **3.** of, **4.** lævirki, **5.** frá, **7.** talstöð, **10.** fen, **13.** fas, **15.** leið, **16.** brá, **19.** ku

# „Á SKILIÐ AÐ VERÐA SUMAR-SMELLUR!“

– Kolbrún Bergþórsdóttir, Mbl.

**3. SÆTI**
EYMUNDSSON - KILJUR
12. - 18. JÚNÍ




**„Einfaldlega hrein dásemd“**
– Kolbrún Bergþórsdóttir, Morgunblaðinu

„Ekki láta sumarið líða án þess að lesa Maður sem heitir Ove ... í senn hrífandi og fyndin og lesandinn er líklegur til að skiptast á að hlæja og gráta. ... Á skilið að verða sumarsmellur.“
– Kolbrún Bergþórsdóttir, Morgunblaðinu

★★★★★

„Stórkostleg saga. Hún grætir og kætir.“
– Kristjana Guðbrandsdóttir, DV

VERÖLD

DYNAMO REYKJAVÍK

# Þemað þjóðlagatengd leikhústónlist

**Tónar munu flæða um Siglufjarðarbæ meðan hinn árvissi viðburður Þjóðlagahátíðin á Siglufirði stendur, frá 3. til 7. júlí. Fjögur á palli, Spilmenn Ríkínís og Kvika eru meðal þeirra sem koma fram. Gunnsteinn Ólafsson er framkvæmdastjóri hátíðarinnar.**

Þjóðlagahátíðin í ár er tileinkuð að stórum hluta leikhústengdri tónlist," byrjar Gunnsteinn Ólafsson tónlistarmaður inntur eftir hápunktum Þjóðlagahátíðarinnar á Siglufirði 2013 sem stendur frá 3. til 7. júlí. Hann nefnir lög úr leikritinu Þið munið hann Jörund með textum eftir Jónas Árnason. Edda Þórarinsdóttir ætlar að syngja þau, eins og hún gerði í tríóinu Þremur á palli þegar leikritið var sýnt hér fyrst um 1970. Nú er hún með þrjá tónlistarmenn með sér og saman kalla þau sig Fjögur á palli.

Tvennir aðrir tónleikar eru svipaðs eðlis að sögn Guðsteins. „Við erum með tónlist úr Grikkjanum Zorba eftir Theodorakis, úr samnefndri kvikmynd. Hún er flutt á grísk hljóðfæri á upprunalegan hátt, meðal annars af Ásgeiri Ásgeirssyni. Svo eru tónleikar með tónlist úr Fiðlaranum á þakinu sem verður leikin og sungin með kletzmerblæ því það er tónlist gyðinga. Þetta eru þeir þrennir tónleikar sem tengjast þema hátíðarinnar beint, þeir fara allir fram í bátahúsinu á Siglufirði og dreifast yfir hátíðina."

Spilmenn Ríkínís, þau Örn Magnússon og Marta Guðrún Halldórsdóttir hefja hátíðina klukkan 20 á miðvikudagskvöld og flytja lög úr Þjóðlagasafni Bjarna Þorsteinssonar. „Ríkínís var tónlistarmaður sem kom hingað á 14. eða 15. öld, var á Hólum og kenndi tónlist og þau kenna sig við hann," útskýrir Gunnsteinn.

Daginn eftir er það sönghópurinn Kvika sem stígur á svið. „Í Kviku eru fjórir ungir söngvarar sem syngja íslensk þjóðlög, kveða tvísöng og blanda dægurlögum inn í dagskrána. Þeir verða með nýtt og gamalt efni. Þar er meðal annarra Pétur Björnsson sem er góður kvæðamaður og ágætis tenór," heldur Gunnsteinn áfram og nefnir líka þær Júlíu Traustadóttur og Hildi Heimisdóttur sem syngja íslensk þjóðlög og leika undir á langspil. „Hildur er útlærður sellóleikari og ég held að hún sé fyrsta stúlkan sem leggur fyrir sig á unga aldri að spila á langspil. Það er gaman að fylgjast með því."

Eitt af atriðum hátíðarinnar er þjóðlagaakademía. Það eru háskólanámskeið sem erlendir gestir koma á og Gunnsteinn segir að þeir verði líka með áhugaverða tónleika. Hann tekur fram að það sem hér hefur verið nefnt sé bara brot af því sem í boði sé. „Mér telst til að atriðin á hátíðinni séu 24, segir hann og nefnir að síðustu lokatónleikana þann 7. júlí með Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, þar sem frumflutt verður nýtt verk eftir Huga Guðmundsson og Hnotubrjóturinn er á dagskrá. „Að þeim tónleikum loknum verður afhjúpaður minnisvarði um Bjarna Þorsteinsson þjóðlagasafnara fyrir utan Siglufjarðarkirkju," segir Gunnsteinn. „Bjarni bjó alla tíð hér á Siglufirði og lét eftir sig mikinn arf sem við byggjum á."

gun@frettabladid.is



**FRAMKVÆMDASTJÓRINN** Gunnsteinn með dóttur sína, Áslaugu Elísabetu, sem kippir í kynið því hún hefur gaman af að spila á flygil heimilisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




## Vondur samsöngur, flottur píanóleikur

TÓNLIST ★★★☆☆

**Síðustu söngvar**

Lokatónleikar Reykjavík Midsummer Music

**NORÐURLJÓS, HÖRPU 21. JÚNÍ**

Ítalski aðalsmaðurinn og tónskáldið Carlo Gesualdo (1566-1613) var morðingi. Hann myrti fyrri eiginkonu sína þegar hann kom að henni í rúminu með öðrum manni. Hann drap líka ástmann konunnar. Aðalstignin kom svo í veg fyrir að honum yrði refsað.

Seinna hjónaband Gesualdos var ekki heldur hamingjuríkt. Þegar ég hlustaði á Madrígala (sem er sungin, fjölradda tónlist af veraldlegum toga) eftir hann á tónleikum á föstudagskvöldið hugsaði ég með mér: Nú veit ég af hverju eiginkonur hans gáfust upp á honum. Tónlist hans er tyrfin og vandmeðfarin. Ekki þarf mikið til að hún hljómi illa og verði þar með yfirgengilega leiðinleg. Kannski þurftu eiginkonurnar að hlusta á hryllinginn þar til þær brjáluðust.

Þar sem Gesualdo var aðalsmaður og átti fullt af peningum þurfti hann ekki að vinna fyrir sér. Hann samdi tónlistina fyrir sjálfan sig, ekki til að þóknast neinum öðrum. Hann gat því leyft sér að gera tilraunir og verk hans voru langt á undan sinni samtíð.

Þessi tónlist er flókin og ekki auðveld í flutningi, sem fyrr segir. Á tónleikunum nú voru raddirnar býsna ólíkar og hentuðu músíkinni misvel. Samhljómurinn var ekki sannfærandi. Sumir sungu beinlínis illa, eins og Viðar Gunnarsson bassi. Hann renndi sér allt of mikið á tónana. Það kom fáránlega út, hljómaði eins og tíbetskur lama-munkur að kyrja. Einn söngvari getur skemmt heildarsvipinn. Það gerðist hér og útkoman var oft svo gruggug að mig langaði mest til að halda fyrir eyrun.

In Darkness Let Me Dwell eftir John Dowland skilaði sér ekki heldur. Marta Guðrún Halldórsdóttir söng lagið við lútuundirleik. Hún hefur átt betri daga. Röddin var leiðinlega mött og túlkunin litlaus og flöt. Píanóútsetning á laginu eftir Thomas Ades í meðförum



**VÍKINGUR HEIÐAR** Túlkun hans og Þóru Einarsdóttur í lögum Strauss var mögnuð, að mati gagnrýnanda.

Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur var sömuleiðis ekki neitt til að hrópa húrra fyrir. Útsetningin var óttalega glamúrkennd og sundurlaus.

Sem betur fer var ekki allt slæmt á tónleikunum. Útsetning á Klassísku sinfóníunni eftir Prokofiev fyrir tvö píanó sem þau Anna Guðný og Víkingur Heiðar Ólafsson spiluðu var flott. Þrír japanskir ljóðasöngvar eftir Stravinsky og þrjú lög eftir Ravel við ljóð eftir Mallarmé voru líka frábær. Þóra Einarsdóttir söng þar við meðleik lítillar kammersveitar. Söngurinn var hástemmdur og tilfinningaþrunginn, hljóðfæraleikurinn nákvæmur og blæbrigðaríkur.

Tveir svokallaðir Nonsense Madrigals eftir Ligeti voru jafnframt skemmtilegir. Og fjögur síðustu lög Richards Strauss í túlkun Þóru og Víkings voru mögnuð, söngurinn hrífandi og píanóleikurinn einnig. Því miður voru þau síðasti dagskrárliðurinn á tónleikum sem voru allt of langir. Gesualdo og Dowland hefði vel mátt sleppa, þá hefði maður notið laganna eftir Strauss betur.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Sumt var afleitt, annað frábært.


EINN BESTI GÍTARLEIKARI ROKKSÖGUNNAR
Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI:
JEFF BECK
ÁSAMT HLJÓMSVEIT
NÆSTKOMANDI FIMMTUDAGSKVÖLD, 27. JÚNÍ
SÉRSTAKIR GESTIR:
MEZZOFORTE
(UPPRUNALEGU FJÓRMENNINGARNIR, AÐEINS Í ÞETTA EINA SINN: EYÞÓR GUNNARSSON, FRIÐRIK KARLSSON, GULLI BRÍEM OG JÓHANN ÁSMUNDSSON)
HÚSIÐ OPNAR KL. 19 - TÓNLEIKAR HEFJAST KL. 20 - MIÐASALA Á MIÐI.IS
RÍN Hljóðfæraverslun
Marshall
HLJÓÐX
VÍKING

# (Ó)náttúrulegt ástand

**BAKÞANKAR**
Söru McMahon



**BIÐIN** eftir sumrinu hefur verið löng og ströng… og blaut. Samkvæmt Veðurstofu Íslands fengu Reykvíkingar aðeins um 56 klukkustundir af sólskini fyrstu tuttugu dagana í júní. Það eru aðeins rúmir tveir sólarhringar á tuttugu dögum! D-vítamínskertir borgarbúar tóku sólinni því fagnandi þegar hún kom loks að norðan og vermdi vanga okkar í fjóra daga.

**LÍKT** og flestir hugsaði ég mér gott til glóðarinnar og snemma á sunnudagsmorgni sendi ég út fjöldaskilaboð á vinkonur mínar í von um að einhver þeirra gæti hugsað sér að flatmaga með mér við sundlaugarbakka. En heppnin var ekki með mér þennan sunnudag, í rigningarveðrinu höfðu sumar slegið því á frest að fara í vax og gátu ekki hugsað sér að bjóða öðrum sundgestum upp á loðna leggi sína.

**ÉG** sýndi þessu fullan skilning enda stutt síðan ég hætti við að klæða mig í stuttbuxur í góða veðrinu vegna hárbroddanna sem uxu á allt of hvítum spóaleggjum. Leggirnir fengu því aldrei sólina sem þeir þráðu svo heitt. Þeir fengu aldrei að upplifa heita geisla sólarinnar kyssa þá létt, heldur voru áfram huldir vegna ótta míns við augnagotur samlanda minna.

**SVO** fór að ég æstist öll upp; af hverju í ósköpunum ættu ég og kynsystur mínar ekki að þora í sund í okkar náttúrulega ástandi líkt og karlkynið? Finnst okkur virkilega svo ógeðfellt að sjá loðna kvenleggi við hlið okkar í heita pottinum eða ofurlítinn hárbrúsk í handarkrika í gufunni?

**EITTHVAÐ** er uppruni þessa undarlega siðs á reiki og vilja sumir meina að konur hafi fjarlægt hár á fótleggjum sínum í aldaraðir. Eyðing hára í handarkrika leit þó fyrst dagsins ljós á fyrsta áratug síðustu aldar og í auglýsingu fyrir háreyðandi duft segir að „sumarkjóll og dans geri háreyðingu nauðsynlega“.

**UNDANFARIN** tvö ár eða svo hefur skeggvöxtur karla færst í vöxt (í bókstaflegri merkingu) og gjarnan verið rætt um tískubólu í þeim efnum. Gæti eðlilegur hárvöxtur kvenna hugsanlega orðið næsta bóla sem nær flugi?

# Segist ekki búa við heimilisofbeldi

## Nigella Lawson er ekki flutt heim til eiginmannsins.

Sjónvarpskokkurinn Nigella Lawson heldur því fram við vini og vandamenn að hún búi ekki við heimilisofbeldi. Þann 16. júní birti Sunday People myndir af því þegar eiginmaður hennar, hinn sjötugi Charles Saatchi, tók hana hálstaki. Í kjölfar myndbirtingarinnar flutti Nigella burt af heimili hjónanna. Talsmaður hennar staðfesti þetta við breska fjölmiðla.

Náinn vinur Nigellu segir kokkinn hafa yfirgefið heimili sitt af illri nauðsyn. „Hún hefði aldrei farið ef atvikið hefði ekki ratað í fjölmiðla,“ sagði vinurinn.



**FJÖLMIÐLASTORMUR** Sjónvarpskokkurinn Nigella Lawson segist ekki búa við heimilisofbeldi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Pitt minnist Gandolfinis



**BRAD PITT**

Brad Pitt minnist leikarans sáluga James Gandolfini hlýlega. Sopranosstjarnan lést fyrir skömmu, 51 árs, eftir að hafa fengið hjartaáfall.

Hann lék á móti Pitt í gamanmyndinni The Mexican sem kom út 2011 og Killing Them Softly sem kom út í fyrra. Þeir léku einnig saman í True Romance árið 1993, en myndin vakti mikla athygli á Gandolfini. „Ég dáist að Jimmy, sem var ákafur leikari með góða sál og virkilega fyndinn náungi. Ég er þakklátur fyrir að hafa setið með honum til borðs og er í rusli yfir fráfalli hans,“ sagði Pitt.


KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| MAN OF STEEL 3D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 4:30 - 7:30 - 10:10 - 10:30 | 12 |
| MAN OF STEEL VIP | KL. 5 - 8 - 11 | VIP |
| PAIN AND GAIN | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| MAN OF STEEL 3D | KL. 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 5 | 12 |
| PAIN AND GAIN | KL. 10:30 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 8 | 12 |
| EPIC ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| MAN OF STEEL 3D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 6 - 9 | 12 |
| PAIN AND GAIN | KL. 8 - 10:40 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| MAN OF STEEL 3D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 5 - 10:30 | 12 |
| PAIN AND GAIN | KL. 8 - 10:40 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 5:30 - 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| MAN OF STEEL 3D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| PAIN AND GAIN | KL. 8 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 10:40 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ | 5% | |
|---|---|---|
| MAN OF STEEL | KL. 4 - 7 - 10 | 12 |
| MAN OF STEEL 3D | KL. 5 - 6 - 8 - 9 -11 | 12 |
| MAN OF STEEL 3D LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| THE INTERNSHIP | KL. 5.30 - 8 - 10.35 | 7 |
| EPIC 2D ÍSL.TAL | KL. 3.20 | L |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 3.20 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | 5% | |
|---|---|---|
| THE ICEMAN | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE INTERNSHIP | KL. 5.25 - 8 - 10.35 | 7 |
| AFTER EARTH | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 5.45 | L |
| THE GREAT GATSBY | KL. 6 - 9 | 12 |

| BORGARBÍÓ | ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS |
|---|---|---|
| THE INTERNSHIP | KL. 5.40 - 8 | 7 |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 5.40 | 12 |
| THE ICEMAN | KL. 8 - 10 | 16 |
| AFTER EARTH | KL. 10.20 | 12 |

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




BYGGT Á SANNSÖGULEGUM ATBURÐUM UM LEIGUMORÐINGJANN RICHARD KUKLINSKI
ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE ICEMAN | 8 - 10.20 | 16 |
| THE INTERNSHIP | 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| EPIC 2D | 5 | L |
| EPIC 3D | 5 | L |
| FAST & FURIOUS | 8 - 10.30 | 12 |




BÍÓ ★ PARADÍS Heimili kvikmyndanna
EUROPA CINEMAS
Kvikmyndamiðstöð ÍSLANDS
DAGSKRÁIN ER Á WWW.BIOPARADIS.IS OG MIDI.IS


Nú er komið app fyrir Fréttablaðið:
App sem þú þarft
Nýtt í spjaldtölvuna og snjallsímann
FBL
Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með nýja Fréttablaðsappinu. Nú er hægt að nálgast Fréttablaðið hvar sem er, á hverjum morgni. Sláðu inn **Fréttablaðið** á Google Play eða í App store og náðu í appið.
FRÉTTABLAÐIÐ
FRÉTTABLAÐIÐ

**Kópavogsvöllur** Áhorf.: Óuppg. Þorvaldur Árnason (6)

**1-0**

**Mörkin:** 1-0 Ellert Hreinsson (61.).

**BREIÐABLIK (4-3-3):** Gunnleifur Gunnleifsson 6 - Þórður Steinar Hreiðarsson 5, Sverrir Ingi Ingason 6, Renee Troost 6, Kristinn Jónsson 6 - Finnur Orri Margeirsson 5, Andri Rafn Yeoman 6, Guðjón Pétur Lýðsson 6, Elfar Árni Aðalsteinsson 7– ***Ellert Hreinsson 7**, Nichlas Rohde 6 (91. Tómas Óli Garðarsson -).

**VALUR (4-3-3):** Fjalar Þorgeirsson 6 - James Hurst 6, Magnús Már Lúðvíksson 5, Bjarni Ólafur Eiríksson 5, Jónas Tór Næs 4 (78. Indriði Áki Þorláksson -) - Haukur Páll Sigurðsson 7, Rúnar Már S. Sigurjónsson 7, Iain James Williamsson 5 - Arnar Sveinn Geirsson 4 (77. Þórir Guðjónsson -), Kristinn Freyr Sigurðsson 5 (67. Andri Fannar Stefánsson 5).Kolbeinn Kárason 5

**Skot (á mark):** 6-9 (2-3) **Horn**: 8-3

**Varin skot:** Gunnleifur 3 - Fjalar 1

**Kaplakrikav.** Áhorf.: 1.329 Kristinn Jakobsson (7)

**2-1**

**Mörkin:** 0-1 Andrés Már Jóhannesson (5.), 1-1 Brynjar Ásgeir Guðmundsson (55.), 2-1 Björn Daníel Sverrisson (68.).

**FH (4-3-3):** Róbert Örn Óskarsson 5 - Jón Ragnar Jónsson 5, Pétur Viðarsson 4, Brynjar Ásgeir Guðmundsson 6, Sam Tillen 7 - Emil Pálsson 6 (82. Freyr Bjarnason -), Dominic Furness 6, Björn Daníel Sverrisson 7 - Ólafur Páll Snorrason 7, Ingimundur Níels Óskarsson 5 (35. Atli Viðar Björnsson 5), Atli Guðnason 6 (90. Einar Karl Ingvarsson -).

**FYLKIR (4-3-3):** Bjarni Þórður Halldórsson 6 - Andri Þór Jónsson 5, Kristján Hauksson 6, Kjartan Ágúst Breiðdal 6, Tómas Þorsteinsson 6 - Finnur Ólafsson 6, Davíð Þór Ásbjörnsson 5 (75. Árni Freyr Guðnason -), Elís Rafn Björnsson 4 (90. Kristján Páll Jónsson -) - Ásgeir Örn Arnþórsson 5, Andrés Már Jóhannesson 6 (53. Oddur Ingi Guðmundsson 4), Viðar Örn Kjartansson 3.

**Skot (á mark):** 11-4 (8-2) **Horn**: 8-3

**Varin skot:** Róbert Örn 1 - Bjarni Þórður 5.

**visir.is**

Allt um leiki gærkvöldsins

# Mjög erfið ákvörðun

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari kvennalandsliðsins, valdi í gær 23 manna leikmannahóp fyrir EM. Athygli vakti að Sigurður valdi ekki hina reyndu Eddu Garðarsdóttur, sem hefur verið lykilmaður í landsliðinu í fjöldamörg ár.



**TRÚR SINNI SANNFÆRINGU** Sigurður Ragnar segir að valið hafi verið erfitt en hann valdi þær bestu í dag að hans mati. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**FÓTBOLTI** „Hún hefur staðið sig vel undanfarin ár en mér fannst á þessu ári að hún hefði ekki náð að spila á sama styrkleika og undanfarin ár, bæði með landsliðinu og félagsliðinu. Hún spilaði ekki síðustu tvo leiki Chelsea-liðsins og er dottin út úr liðinu þar," sagði Sigurður Ragnar um fjarveru Eddu Garðarsdóttur frá hópnum.

„Þetta var mjög erfið ákvörðun sem ég tilkynnti henni í gærkvöldi. Hún tók því ekki vel enda mikil keppnismanneskja. Ég verð samt að vera trúr minni sannfæringu um hvaða 23 leikmenn eru bestir í liðið í dag. Edda var í samkeppni við góða miðjumenn. Ef fólk lítur á hópinn er erfitt að segja hvaða miðjumaður eigi að detta út fyrir hana. Það er mikil samkeppni og ég valdi þá 23 leikmenn sem mér finnst vera bestir í dag."

Edda er orðin 34 ára gömul og hefur spilað 103 landsleiki. Sigurður útilokar ekki að hún eigi eftir að spila fleiri landsleiki síðar.

### Óvissa með Þóru og Sif

Landsliðsþjálfarinn valdi tvo meidda leikmenn í hópinn, markvörðinn Þóru B. Helgadóttur og varnarmanninn Sif Atladóttur. Sigurður vonast til þess að þær verði búnar að jafna sig í tíma.

„Ég er búinn að velta þessum hópi fyrir mér í langan tíma og hann hefur eðlilega breyst aðeins. Valið var samt erfitt og það var sérstaklega erfitt að velja núna því það er ansi mikið undir hjá okkur," sagði Sigurður, en hann skilur líka framherjann efnilega Söndu Maríu Jessen eftir heima.

„Hún hefur verið með okkur og væri eflaust í hópnum ef hún væri búin að finna sitt gamla form. Hún hefur verið mikið meidd og er ekki alveg komin í sama stand og áður."

Það er einn nýliði í hópnum og það er Stjörnustúlkan efnilega, Anna Björk Kristjánsdóttir. „Hún er hafsent og staðið sig mjög vel í sumar. Er reyndar aðeins meidd núna en á að ná sér. Við viljum hafa aukahafsent í hópnum. Katrín Jóns og Glódís Perla eru þarna og svo Sif sem er tæp. Hún er að spila alla leiki með Glódísi, þær þekkja hvor aðra og eru að spila þrusuvel."

Gengi landsliðsins á árinu hefur ekki verið gott og er lítil ástæða til bjartsýni miðað við það. Aðeins einn leikur af sjö á þessu ári hefur unnist.

Sigurður Ragnar segir það ekki skipta öllu máli og hann segir að möguleikar Íslands í riðlinum liggi í leikjunum gegn Noregi og Hollandi. Það verði aftur á móti við ramman reip að draga gegn ógnarsterku liði Þýskalands.

„Markmið okkar er að komast upp úr riðlinum og í átta liða úrslit. Það er mjög krefjandi markmið enda eru þetta hörkulið sem við erum að mæta. Leikirnir gegn Noregi undanfarin ár hafa verið mjög jafnir. Það er erfiðara að tala um Holland enda höfum við aðeins spilað einu sinni við þær síðan ég tók við. Sá leikur endaði með jafntefli."

henry@frettabladid.is

## HÓPUR ÍSLANDS

MARKVERÐIR:

**Þóra B. Helgadóttir, Ldb Malmö**
**Guðbjörg Gunnarsdóttir, Avaldsnes**
**Sandra Sigurðardóttir, Stjarnan**

AÐRIR LEIKMENN:

**Katrín Jónsdóttir, Umeå**
**Dóra María Lárusdóttir, Valur**
**Margrét Lára Viðarsdóttir, Kristianstad**
**Hólmfríður Magnúsdóttir, Avaldsnes**
**Ólína G. Viðarsdóttir, Chelsea**
**Sara Björk Gunnarsdóttir, Ldb Malmö**
**Katrín Ómarsdóttir, Liverpool**
**Rakel Hönnudóttir, Breiðablik**
**Sif Atladóttir, Kristianstad**
**Hallbera G. Gísladóttir, Pitea**
**Fanndís Friðriksdóttir, Kolbotn**
**Guðný B. Óðinsdóttir, Kristianstad**
**Dagný Brynjarsdóttir, Valur**
**Harpa Þorsteinsdóttir, Stjarnan**
**Glódís Perla Viggósdóttir, Stjarnan**
**Þórunn Helga Jónsdóttir, Avaldsnes**
**Elísa Viðarsdóttir, ÍBV**
**Elín Metta Jensen, Valur**
**Katrín Ásbjörnsdóttir, Þór/KA**
**Anna Björk Kristjánsdóttir, Stjarnan**

**Norðuráls-völlur** Þóroddur Hjaltalín (7)

**2-3**

**Mörkin:** 0-1 Hörður Sveinsson (13.), 0-2 Arnór Ingvi Traustason (16.), 1-2 Ármann Smári Björnsson (25.), 2-2 Jóhannes Karl Guðjónsson (50.), 2-3 Magnús Þór Magnússon (84.).

**ÍA (4-3-3):** Páll Gísli Jónsson 6 - Arnar Már Guðjónsson 5 (60. Dean Martin 5), Kári Ársælsson 3, Andri Geir Alexandersson 5, Einar Logi Einarsson 5 – Maksims Rafalskis 5, Jóhannes Karl Guðjónsson 7, Jón Vilhelm Ákason 6 (87. Þórður Birgisson –) - Theodore Eugene Furness 6, Andri Adolphsson 7, Ármann Smári Björnsson 7.

**Keflavík (4-4-2):** David Preece 6 - Haraldur Freyr Guðmundsson 6, Halldór Kristinn Halldórsson 4 (30. Benis Krasniqi 6), Magnús Þórir Matthíasson 5, Andri Fannar Freysson 5 - Frans Elvarsson 5, Jóhann Birnir Guðmundsson 7, Bojan Stefán Ljubicic 6 (64. Elías Már Ómarsson 6), Magnús Þór Magnússon 6 - *Arnór Ingvi Traustason 7 (82. Fuad Gazibegovic -), Hörður Sveinsson 6.

**Skot (á mark):** 9-10 (4-5) **Horn**: 6-11

**Varin skot:** Páll Gísli 2 - Preece 1



# GEGGJAÐAR GRÆJUR!

Snilldargræjur með ótrúlegum afslætti.




**37.900**

VERÐ ÁÐUR ~~49.900~~

**PlayStation 3 12GB leikjatölva ásamt einum leik og 1 þráðlausum stýripinna**
Veldu skemmtilegan fjölskylduleik eða hasarfylltan spennuleik.




**Sony heimabíó hljóðkerfi**
Flott 2.1 heimabíó hljóðkerfi með Blu-Ray spilara. 300W hátalarar gefa góðan og djúpan hljóm og háskerpu Blu-Ray spilarinn skilar af sér kristaltæru myndefni ásamt venjulegum DVD spilara.

30% afsl.

**48.900**

VERÐ ÁÐUR ~~69.990~~

SONY

## Brot af vöruúrvali okkar

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ...mega 3:6:9 olía | 6.490 XEN-TAN Lotion Luxe brúnkukrem dark | 4.490 Erik Bagger skál | 5.690 Sóley eyGLÓ andlitskrem (50 ml) | 28.990 Apple iPod nano 16GB svartur | **Við sendum FRÍTT heim til þín!** [eða í vinnuna] | 3.995 Sex kíló á sex vi... |
| ...cs Wellman ...in 30 stk. | **Mikið vöruúrval sem fer vaxandi dag frá degi** | 99.000 FrancisFrancis X1 | 1.400 Lee Stafford Hair Growth sjampó | 12.990 Wilfa vöfflujárn | 6.490 Aerial7 SPORTS eyrnaband með innbyggðum heyrnartólum | 22.900 Sodastream Gene... |



## Heimkaup er fyrsta vefverslun sinnar tegundar á Íslandi.

Þar finnur þú frábært vöruúrval úr ótal vöruflokkum á góðu verði og getur sparað þér búðarápið. Þú ræður svo hvort þú sækir vöruna í vöruhús okkar í Turninum í Kópavogi eða lætur senda þér hana. Þú getur einnig komið beint í vöruhúsið, skoðað vörur í sýningarsal, þegið aðstoð frá starfsfólki og verslað á staðnum.

**heimkaup.is**

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

Örugg vefverslun · Hagstætt verð · Hraðsending · Sendum um allt land

HEIMKAUP

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 21.10
### White Collar



Neil Caffrey er svokallaður góðkunningi lögreglunnar og þegar hann er gómaður í enn eitt skiptið sér hann sér leik á borði og býður lögreglunni þjónustu sína við að hafa hendur í hári annarra svikahrappa og hvítflibbakrimma gegn því að komast hjá fangelsisvist.

## Í KVÖLD



### Mike & Molly

**STÖÐ 2 KL. 20.25** Gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn. Lífið er ekki alltaf dans á rósum hjá þeim Mike og Molly en spaugið er aldrei langt undan.

TV.COM 8,6 IMDb 6,2



### Cheers

**SKJÁR 1 KL. 19.55** Skjár 1 endursýnir frá upphafi þessa stórskemmtilegu og vinsælu þætti um kráareigandann Sam Malone og alla þá sem heimsækja barinn hans. Allir þekkja alla á Staupasteini.

TV.COM 8,8 IMDb 7,7



### Friends

**POPPTÍVÍ KL. 19.00** Sexmenningana Ross, Phoebe, Chandler, Joey, Rachel og Monicu þarf varla að kynna. Þau eru ansi mörg gullkornin sem hafa litið dagsins ljós á Central Perk-kaffihúsinu á Manhattan.

TV.COM 9,2 IMDb 8,8

## Bylgjan kl. 16
### Reykjavík síðdegis



Þeir Þorgeir Ástvaldsson, Kristófer Helgason og Bragi Guðmundsson færa hlustendum fréttir og fróðleik á hverjum virkum degi. Þeir fylgjast vel með málefnum líðandi stundar og enn betur á það sem hlustendur hafa að segja eða vilja koma á framfæri.





Minna að fletta **meira að frétta**

Frábært úrval afþreyingar, ferskar fréttir, fjölbreytt efnisval, myndrænt viðmót og færri flettingar.

Þess vegna var visir.is kosinn **besti frétta- og afþreyingarvefur ársins á Íslenskum vefverðlaununum 2012.**

visir.is




FÍTON / SÍA

BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN

**Úr umsögn dómnefndar:** *„Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að."*


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm in the Middle** *(9:22)*
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Wonder Years** *(10:23)*
**10.00 Doctors** *(110:175)*
**10.40 Gilmore Girls** *(15:22)*
**11.25 Up All Night** *(21:24)*
**11.50 Jamie Oliver's Food Revolution** *(3:6)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 American Idol** *(20:37)*
**14.20 American Idol** *(21:37)*
**15.10 Sjáðu Ásgeir Kolbeins**
**15.40 Victorious**
**16.00 Svampur Sveinsson**
**16.25 Ellen**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.36 Nágrannar**
**17.58 Simpson-fjölskyldan** *(1:22)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 The Big Bang Theory** *(4:23)*
**19.35 Modern Family**
**20.00 The Big Bang Theory** *(4:24)*
**20.25 Mike & Molly** *(14:23)* Gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn.
**20.45 Two and a Half Men** *(22:23)*
**21.10 White Collar** *(14:16)* Þriðja þáttaröðin um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey.
**21.55 Weeds** *(11:13)*
**22.25 The Daily Show: Global Editon** *(21:41)*
**22.50 Go On** *(21:22)*
**23.15 Dallas**
**00.00 Lærkevej** *(5:10)*
**00.45 Miami Medical** *(1:13)*
**01.30 Numbers** *(15:16)*
**02.15 Silent Witness** *(7:12)*
**03.05 Silent Witness** *(8:12)*
**04.00 Death Race 2**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## POPPTÍVÍ

**19.00 Friends** *(21:24)*
**19.25 Two and a Half Men** *(16:24)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan** *(5:22)*
**20.10 Crusoe** *(11:13)*
**20.55 Hellcats** *(22:22)*
**21.40 The Vampire Diaries** *(9:22)*
**22.20 The Vampire Diaries** *(10:22)*
**23.05 Crusoe** *(11:13)*
**23.45 Hellcats** *(22:22)*
**00.30 The Vampire Diaries** *(9:22)*
**01.10 The Vampire Diaries** *(10:22)*
**01.50 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Með**
**21.30 Móti**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi mörkin 2013**
**08.15 Pepsi mörkin 2013**
**16.05 Breiðablik - Valur**
**17.55 Pepsi mörkin 2013**
**19.10 Pepsí-deild kvenna 2013** BEINT frá leik Vals og Þróttar í Pepsídeild kvenna.
**21.15 Herminator Invitational** Sýnt frá stórskemmtilegu góðgerðargolfmóti sem knattspyrnumaðurinn Hermann Hreiðarsson stóð fyrir á Akranesi 15. júní. Fjölmargir þekktir kappar tóku þátt í mótinu.
**22.00 Meistaradeild Evrópu: Arsenal - Olympiakos**
**23.40 Pepsí-deild kvenna 2013**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.30 Newcastle - Arsenal**
**19.15 Manstu** Skemmtilegur spurningaleikur um enska boltann í umsjón Guðmundar Benediktssonar. Þetta er fjörugur þáttur á léttum nótum þar sem gleðin verður í fyrirrúmi og allir vinna.
**20.00 Chelsea - Arsenal**
**20.30 Arsenal - Tottenham**
**22.15 Chelsea - Arsenal**
**22.45 Leikmaðurinn: Sigurður Jónsson**
**23.30 Arsenal - West Ham**

## krakkar

**07.05** Lalli **07.10** Refurinn Pablo **07.15** Litlu Tommi og Jenni **07.40** Svampur Sveinsson **08.00** Dóra könnuður **08.25** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Strumparnir **09.10** Waybuloo **09.30** Lína langsokkur **09.55** Áfram Diego, áfram! **10.15** Brunabílarnir **10.35** Histeria! **10.55** Ofuröndin **11.20** Sorry I've Got No Head **11.50** iCarly **12.10** Njósnaskólinn **12.40** Victourious **13.00** Big Time Rush **13.25** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.45** Doddi litli og Eyrnastór **13.55** Lalli **14.00** Refurinn Pablo **14.05** Litlu Tommi og Jenni **14.30** Svampur Sveinsson **14.55** Dóra könnuður **15.20** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Strumparnir **16.10** Waybuloo **16.30** Lína langsokkur **16.55** Áfram Diego, áfram! **17.15** Brunabílarnir **17.40** Histeria! **18.05** Ofuröndin **18.25** iCarly **18.45** Njósnaskólinn **19.10** Victourious **19.35** Big Time Rush

## GULL

**20.00 Hamingjan sanna**
**20.45 Fiskur án reiðhjóls**
**21.15 Cold Feet**
**22.10 Footballers Wives**
**23.00 Hamingjan sanna**
**23.45 Fiskur án reiðhjóls**
**00.15 Cold Feet 2**
**01.05 Footballers Wives**
**01.55 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓ

**12.50 Arctic Tale**
**14.15 Búi og Símon**
**15.45 Johnny English Reborn**
**17.25 Arctic Tale**
**18.50 Búi og Símon**
**20.20 Johnny English Reborn**
**22.00 The Next Three Days**
**00.10 The Pelican Brief**
**02.30 American Pie 2**
**04.20 The Next Three Days**

## RÚV

**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Teitur** *(2:26) (Timmy Time)*
**17.30 Sæfarar** *(44:52) (Octonauts)*
**17.41 Leonardo** *(13:13) (Leonardo II)*
**18.09 Teiknum dýrin** *(17:52) (Draw with Oistein)*
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Magnus og Petski** *(7:12)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Fjársjóður framtíðar II** *(4:6) (Ofbeldi, óblíð náttúra og átök bókmenntanna)*
**20.10 Fjallkonan Mynd** eftir Guðberg Davíðsson um fornleifafund á Vestdalsheiði árið 2004.
**20.40 Golfið** *(4:12)* Golfþættir fyrir alla fjölskylduna, þá sem spila golf sér til ánægju og yndisauka og líka þá sem æfa íþróttina af kappi.
**21.15 Castle** *(12:24) (Castle)* Bandarísk þáttaröð.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Hringiða** *(1:12) (Engrenage III)* Franskur sakamálamyndaflokkur. Lögreglukona, saksóknari og dómari sem koma að rannsókn sakamáls hafa hvert sína sýn á réttlætið.
**23.15 Spilaborg** *(8:13) (House of Cards)* Bandarísk þáttaröð um klækjastjórnmál og pólitískan refskap þar sem einskis er svifist í baráttunni. *(e)*
**00.00 Fréttir**
**00.10 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 America's Funniest Home Videos**
**07.35 Everybody Loves Raymond** *(22:25)*
**08.00 Cheers** *(5:22)*
**08.25 Dr. Phil**
**09.10 Pepsi MAX tónlist**
**16.40 The Ricky Gervais Show** *(9:13)*
**17.05 Family Guy** *(9:22)*
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 Parenthood** *(12:18)*
**19.05 America's Funniest Home Videos**
**19.30 Everybody Loves Raymond** *(23:25)*
**19.55 Cheers** *(6:22)*
**20.20 Britain's Next Top Model** *(3:13)* Breska útgáfa þáttanna sem farið hafa sigurför um heiminn.
**21.10 The Mob Doctor** *(7:13)* Hörkuspennandi þáttur sem fjallar um skurðlækninn Grace sem skuldar mafíuforingja greiða. Innköllun greiðans er í huga Grace nokkuð sem hún gæti aldrei framkvæmt.
**22.00 Nurse Jackie** *(1:10)*
**22.30 House of Lies - NÝTT** *(1:12)*
**22.55 Hawaii Five-O** *(18:24)*
**23.45 NYC 22** *(3:13)*
**00.35 Beauty and the Beast** *(19:22)*
**01.20 Excused**
**01.45 The Mob Doctor** *(7:13)*
**02.35 Nurse Jackie** *(1:10)*
**03.05 House of Lies** *(1:12)*
**03.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.35** Travelers Championship **2013** *(1:4)* **10.35** Golfing World **11.25** Travelers Championship **2013** *(2:4 14.25 Ryder Cup Official Film 1997 16.40 LPGA Highlights (7:20)* **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights *(24:45)* **19.45** AT&T National - PGA Tour **2012** *(4:4)* **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film **1990 23**.50 ESPN America

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# SAFARÍKARI SAFAPRESSA

## Safapressan sem fagaðilar keppast við að dásama

**Hurom® Slow Juicer** safapressan hefur svo sannarlega slegið í gegn, enda nær hún allt að **35-50% meiri safa** úr hráefninu en aðrar safapressur.
Slow Juicer safapressan þrýstir safanum úr hráefninu eins og mortél, en tætir ekki eins og aðrar safapressur.
Fyrir vikið færðu bæði meiri og næringarríkari safa úr Hurom® Slow Juicer.
**Hurom® Slow Juicer pressar m.a. safa úr ávöxtum, grænmeti, hnetum, berjum, fræjum, möndlum og hveitigrasi.**

- Allt að 70% hljóðlátari en aðrar vélar
- Hæg pressa skilar ferskari og betri safa
- Hreinni safi, miklu minna hrat
- 35%–50% meiri safi en úr hefðbundnum safapressum
- Allt að 50% hraðvirkari en hefðbundnar safapressur
- Mun meira næringargildi en úr öðrum vélum
- Auðvelt að hreinsa

**Meiri safi – meira af vítamínum – betri nýting.**
**Nánari upplýsingar á** www.hataekni.is/hurom

HUROM®
Slow Juicer




**Söluaðilar:**

Höfuðborgarsvæðið: **Borð fyrir tvo**, Laugavegi 97 ■ **Hagkaup**, Eiðistorgi, Garðabæ, Holtagörðum, Kringlunni, Skeifunni, Smáralind og Spöng
**Hátækni**, Ármúla 26 ■ **Innigarðar**, Hraunbæ 117 ■ **Lifandi Markaður**, Borgartúni 24, Fákafeni 11, Hæðasmára 6

Vesturland: **Hagkaup**, Borgarnesi

Norðurland: **Bókaverslun Þórarins**, Húsavík ■ **Byko**, Akureyri ■ **Hagkaup**, Akureyri ■ **Skagfirðingabúð**, Sauðárkróki

Austurland: **Tónspil**, Neskaupsstað

Suðurland: **Árvirkinn**, Selfossi ■ **Geisli**, Vestmannaeyjum ■ **Hagkaup**, Selfossi ■ **Hagkaup**, Reykjanesbæ

Aðrir: **www.aha.is**

Heildsöludreifing: **Hátækni Heildverslun**

PIPAR\TBWA • SÍA • 131948

DRYKKURINN



**„Íslenska vatnið er alltaf langbest en annars er það ísköld kók í dós.“**

Íris Björk Reynisdóttir, ljósmyndari

# Hvítklædd eða í gallafötum

Fyrirtækið Plain Vanilla Games leggur mikið upp úr góðri stemningu í vinnunni.

Fyrirtækið Plain Vanilla Games leggur sérstaka áherslu á að stemningin sé góð í vinnunni og að öllum líði vel.

Fyrir skömmu var haldinn sérstakur „denim on denim“-dagur. Þá mætti starfsfólkið í vinnuna í gallafötum frá toppi til táar. Einnig hefur starfsfólkið mætt hvítklætt í vinnuna. Kokkur frá Argentínu steikhúsi eldar hádegismat ofan í starfsfólkið fjóra daga í viku en á föstudögum er farið í hádegismat á veitingastað í boði fyrirtækisins.

Plain Vanilla Games vinnur að því að þróa rauntímaspurningaleiki fyrir snjallsíma. „Við erum í raun að búa til Trivial Pursuit 21. aldarinnar fyrir snjallsíma og spjaldtölvur,“ segir Þorsteinn Friðriksson forstjóri. Þar á hann við forritið QuizUp, sem hefur tryggt fyrirtækinu hundraða milljóna króna hlutafjárframlög frá fjórum fjárfestingarsjóðum í Bandaríkjunum og einum í Kína. - fb

**17** Manns starfa hjá Plain Vanilla.



**HVÍTKLÆDDIR STARFSMENN** Allir starfsmenn Plain Vanilla Games mættu hvítklæddir í vinnuna.



**SPILA Í ZAGREB** Dikta spilar á tónlistarhátíðinni Inmusicfestival í kvöld.

# Spilar á króatískri tónlistarhátíð

Dikta spilar á hátíðinni Inmusicfestival ásamt Bloc Party, Iggy Pop og Editors.

Dikta spilar í kvöld á tónlistarhátíðinni Inmusicfestival sem er haldin í Zagreb í Króatíu.

Þar verður hljómsveitin í góðum hópi því á meðal annarra sem stíga þar á svið eru Bloc Party, Iggy and the Stooges, Editors og Arctic Monkeys.

„Við höfum aldrei farið til Króatíu áður. Svo erum við allt í einu beðnir um að spila klukkan hálfellefu um kvöldið á risasviði á þrjátíu þúsund manna hátíð,“ segir söngvarinn Haukur Heiðar Hauksson, sem hlakkar mikið til.

Eftir hátíðina kemur Dikta heim til Íslands en flýgur svo út til Þýskalands þar sem hún kemur fram á smærri hátíð sem kallast Bochum Total. Einnig ætla strákarnir í hljóðver með þarlendum upptökustjóra en sveitin er að undirbúa sína næstu plötu, sem kemur út annað hvort fyrir jól eða snemma á næsta ári. „Þetta kom í gegnum kunningsskap hjá útgáfufyrirtækinu,“ segir Haukur Heiðar um samstarfið með upptökustjóranum . Þar á hann við þýska fyrirtækið Smarten Up! Records sem gefur út plötur Diktu í Þýskalandi og löndunum þar í kring. - fb

➜ Lagið Talking af væntanlegri plötu Diktu fer í útvarpsspilun á föstudaginn.



**IGGY POP**

# Anna Claessen upplifir drauminn í Hollywood

Safnar fyrir útgáfu á plötu og myndbandi fyrir hljómsveitina Anna and the Bells.

Söngkonan Anna Claessen ákvað að fylgja draumum sínum fyrir tveimur árum síðan og fluttist til Hollywood. Þar stundaði hún nám í tónsmíðum og söng við Musicians Institute. Á meðan á náminu stóð kynntist hún eiginmanni sínum, gítarleikaranum Dan Zerin, en þau giftu sig í mars síðastliðnum. Parið kynntist í röð fyrir utan tökuver The Jimmy Kimmel Show, en svo skemmtilega vildi til að Zerin var nemandi í sama skóla og Anna.

Anna og eiginmaður hennar búa nú saman í Hollywood og hafa stofnað hljómsveitina Anna and the Bells. „Við stofnuðum hljómsveitina á síðasta ári og höfum síðan þá spilað í House of Blues í West Hollywood og í skólanum okkar. Hann semur tónlistina og ég sem textana. Við spilum sálarrokk, blöndu af Motown og 70´s rokki. Við förum í raun í gegnum alla rokksöguna í lögunum okkar,“ segir Anna.

Þessa dagana standa þau fyrir fjáröflun þar sem þau hafa í hyggju að gefa út sína fyrstu breiðskífu sem og tónlistarmyndband. „Okkur langar að gefa út metnaðarfulla plötu í fullri lengd og vandað myndband sem hægt er að sýna í sjónvarpi. Á meðan við vorum í námi fengum við oft vini og kunningja til að hjálpa okkur og fórum ódýrari leiðir. Núna erum við fagfólk og viljum leggja meiri metnað í hlutina.“

Anna segir að allir þeir sem leggi hljómsveitinni lið fái eitthvað í staðinn, en það fari eftir upphæðinni hvað það er. Til að mynda fái þeir sem styrkja hljómsveitina um 10 dollara áritað póstkort frá hljómsveitinni en þeir sem leggja fram 150 dollara fá að koma fram sem aukaleikarar í væntanlegu tónlistarmyndbandi með hljómsveitinni. „Við lögðum mikið á okkur að hafa flottar vörur handa fólki sem leggur okkur lið,“ segir Anna að lokum.

Hægt er að styrkja Anna and the Bells með því að fara á síðuna *indiegogo.com/projects/be-a-part-of-anna-and-the-bells-first-ep-and-music-video.* **hannarut@365.is**



**HJÓNABAND** Anna Claessen ásamt eiginmanni sínum Dan Zerin. Saman mynda þau hljómsveitina Anna and the Bells.

## Kemur fram í Suitjama á tónleikum

Að sögn Önnu klæðist eiginmaður hennar jakkafötum sem kallast suitjamas þegar hljómsveitin kemur fram á tónleikum. Jakkafötin urðu þekkt eftir að Barney Stinson, sem Neil Patrick Harris leikur í sjónvarpsþáttunum How I Met Your Mother, klæddist þeim í einum þáttanna. „Dan klæðist suitjamas á öllum okkar tónleikum. Núna er hann víst á „celebrity wall“ hjá fyrirtækinu og hangir við hliðina á engum öðrum en Barney sjálfum. Svo Íslendingar geta stutt gott málefni og verið legen... wait for it... DARY,“ segir Anna.




Flugsæti 2. og 9. júlí

Alicante

Verð frá 49.900 kr.

Innifalið: Flug til og frá Alicante og flugvallarskattar.

Vikulegt flug út október 2013.

Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í netklúbbinn á VITA.is

VITA.is

VITA
Suðurlandsbraut 2
Sími 570 4444

vita

VITA er lífið


DOMINO'S
NETDAGAR
24. júní - 27. júní
50%
afsláttur af öllum sóttum pizzum af matseðli ef pantað
er á netinu eða með Domino's appinu*
VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!
SVEPPERONI: Pepperoni og sveppir
*Gildir ekki með öðrum tilboðum
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060
FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Barn á leiðinni



Leikarinn **Atli Rafn Sigurðarson** á von á barni í október með kærustu sinni Tinnu Dögg Kjartansdóttir. Parið hefur verið saman um hríð og þetta er fyrsta barn þeirra, en Atli á tvö börn fyrir. Þetta verður því eftirminnilegt ár hjá Atla Rafni en hann fór á kostum í Englum alheimsins sem hlaut níu tilnefningar til Grímuverðlaunanna í vor. **- ka**

### Giftu sig í leyni

Fatahönnuðurinn **Rebekka Rafnsdóttir** og tónlistarmaðurinn Úlfur Hansson giftu sig um helgina. Athöfnin fór fram í Hvassahrauni í Vatnsleysustrandahreppi þar sem skötuhjúin létu pússa sig saman á grófu hrauninu. Einungis nánasta fjölskylda og vinir voru viðstödd athöfnina og klæddist Rebekka glæsilegum hvítum kjól sem hún keypti á markaði í London. Að sögn vina komu brúðhjónin flestum á óvart þegar þau tilkynntu um brúkaupið en voru þeir að sama skapi hæstánægðir með athöfnina. Rebekka er einn af tveimur eigendum og hönnuðum íslenska fatamerkisins Kalda en Úlfur er verðlaunatónskáld og ein bjartasta von Íslendinga í tónlistarheiminum. Rebekka og Úlfur eignuðust nýverið dótturina Þyrí og má því segja að hamingjan sé allsráðandi á þeirra bæ. **- le**



### Mest lesið vísir

1 Eins manns sleðarennibraut niður Kambana
2 Bandaríkjamenn æfir vegna Snowden-mála
3 Líkkista til sölu – beinagrind fylgir
4 Serena biðst afsökunar á umdeildum ummælum
5 Sérsveitin kölluð út vegna hestamanns




FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM - FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM - FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

Gerðu gæða- og verðsamanburð




Reverie®
Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Fyrsta sending seldist strax upp!



- Hægt að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.

Frábær hönnun

- Glæsileg fjarstýring með standi.
- Tvær innstungur á baki til að hlaða farsíma, fartölvu o.fl.
- Einnig hægt að tengja borðlampa o.fl.

- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
- Val um dökkan eða ljósan lit í bólstrun

**Frábært tilboð** fyrir þá sem bíða eftir næstu sendingu

Kíktu á www.reverie.com

REVERIE 7S Supreme 2 x 90x200 cm
Verð áður kr. 569.900.-
**Verð nú kr. 499.900.-**

REVERIE 3E Essential 2 x 90x200 cm
**Verð kr. 399.900.-**



## Saga / Freyja

Millistíf dýna Stíf dýna

**Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Góður lágbakstuðningur. Mýkra og betra axlasvæði. Þrýstijöfnunarefni í bólstrun. Vandaðar kantstyrkingar. Fullkomin nýting á svefnfleti.**



| Stærð | Með PU leðurbotni stgr. |
|---|---|
| 153x203 | 144.900 kr. |
| 160x200 | 149.900 kr. |
| 180x200 | 169.900 kr. |
| 180x210 | 179.900 kr. |

*3.5% lántökugjald

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

## IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi
**Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning.**
**Einnig úrval af heilsukoddum**







Svefn & heilsa

**Fimm stjörnu verslun**
**Listhúsinu Laugardal** - Sími 581 2233
**Baldursnesi 6, Akureyri** - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
**www.svefn.is**

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Barn á leiðinni

Leikarinn **Atli Rafn Sigurðarson** á von á barni í október með kærustu sinni Tinnu Dögg Kjartansdóttir. Parið hefur verið saman um hríð og þetta er fyrsta barn þeirra, en Atli á tvö börn fyrir. Þetta verður því eftirminnilegt ár hjá Atla Rafni en hann fór á kostum í Englum alheimsins sem hlaut níu tilnefningar til Grímuverðlaunanna í vor. **- ka**



### Giftu sig í leyni

Fatahönnuðurinn **Rebekka Rafnsdóttir** og tónlistarmaðurinn Úlfur Hansson giftu sig um helgina. Athöfnin fór fram í Hvassahrauni í Vatnsleysustrandahreppi þar sem skötuhjúin létu pússa sig saman á grófu hrauninu. Einungis nánasta fjölskylda og vinir voru viðstödd athöfnina og klæddist Rebekka glæsilegum hvítum kjól sem hún keypti á markaði í London. Að sögn vina komu brúðhjónin flestum á óvart þegar þau tilkynntu um brúkaupið en voru þeir að sama skapi hæstánægðir með athöfnina. Rebekka er annar tveggja eigenda og hönnuða íslenska fatamerkisins Kalda en Úlfur er verðlaunatónskáld og ein bjartasta von Íslendinga í tónlistarheiminum. Rebekka og Úlfur eignuðust nýverið dótturina Þyrí og má því segja að hamingjan sé allsráðandi á þeirra bæ. **- le**



## Mest lesið vísir

1. Eins manns sleðarennibraut niður Kambana
2. Bandaríkjamenn æfir vegna Snowden-mála
3. Líkkista til sölu – beinagrind fylgir
4. Serena biðst afsökunar á umdeildum ummælum
5. Sérsveitin kölluð út vegna hestamanns





FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM - FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM - FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

Gerðu gæða- og verðsamanburð




Reverie®
Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Fyrsta sending seldist strax upp!

- Hægt að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.

Frábær hönnun

- Glæsileg fjarstýring með standi.
- Tvær innstungur á baki til að hlaða farsíma, fartölvu o.fl.
- Einnig hægt að tengja borðlampa o.fl.

- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
- Val um dökkan eða ljósan lit í bólstrun

Frábært tilboð fyrir þá sem bíða eftir næstu sendingu

Kíktu á www.reverie.com

REVERIE 7S Supreme 2 x 90x200 cm
Verð áður kr. 569.900.-
**Verð nú kr. 499.900.-**

REVERIE 3E Essential 2 x 90x200 cm
**Verð kr. 399.900.-**



Saga / Freyja
Millistíf dýna Stíf dýna

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Góður lágbakstuðningur. Mýkra og betra axlasvæði. Þrýstijöfnunarefni í bólstrun. Vandaðar kantstyrkingar. Fullkomin nýting á svefnfleti.

| Stærð | Með PU leðurbotni stgr. |
|---|---|
| 153x203 | 144.900 kr. |
| 160x200 | 149.900 kr. |
| 180x200 | 169.900 kr. |
| 180x210 | 179.900 kr. |

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi
Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning.
Einnig úrval af heilsukoddum

*3.5% lántökugjald

12 mán. vaxtalausar greiðslur*


Baldursnesi 6 - Akureyri


Listhúsið - Reykjavík

Svefn & heilsa

Fimm stjörnu verslun
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum